

**GUÐLEIF ÞÓRUNN STEFÁNSDÓTTIR**

*Hefur alltaf haldið í sænskuna*

• Nám • Bílar

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS



**ÚTIVIST OG HREYFING**

*Mæðgur í áflogum*

Sérblað um útivist og hreyfingu

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG







# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

29. ágúst 2007 — 233. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## MIÐVIKUDAGUR



**Kraftur í sjálfstæðum leikhúsum**

Verkefnaskrá vetrarins kynnt.

MENNING 20



**Af landi brott**

Hugleikur Dagsson kveður Ísland og flytur til Amsterdam.

FÓLK 30



**Stórstjörnur í spurningaleik**

Fjölnir Þorgeirsson og Einar Ágúst Víðisson meðal þátttakenda.

FÓLK 30



**Liverpool áfram**

Liverpool komst örugglega áfram í Meistaradeild Evrópu eftir 4-0 sigur á Toulouse.

ÍÞRÓTTIR 26

## VEÐRIÐ Í DAG




**VÆTUTÍÐ** - Í dag verður yfirleitt hæg breytileg átt. Víða rigning eða skúrir en þurrt að kalla á Suðausturlandi, einkum sunnan Vatnajökuls. Hiti 7-16 stig, hlýjast suðaustan til.

VEÐUR 4

# Ráðherra hunsaði áskorun sérfræðinga

**Nær allir starfandi vatnalíffræðingar landsins sendu áskorun til Jónínu Bjartmarz, þáverandi umhverfisráðherra, um að hafna Gjábakkavegi á Þingvöllum.**

**SKIPULAGSMÁL** „Nær allir vatnalíffræðingar landsins sem vinna að rannsóknum, auk vatnafræðinga, skrifuðu undir yfirlýsingu til þáverandi umverfisráðherra þar sem lagst var gegn því að þessi hraðbraut yrði lögð í gegnum þjóðgarðinn. Umhverfisráðherra svaraði þessu engu,“ segir Gísli Már Gíslason, prófessor í vatnalíffræði við Háskóla Íslands.

Í yfirlýsingunni er eindregið lagst gegn fyrirhugaðri lagningu Gjábakkavegar vegna þeirrar hættu á umhverfisspjöllum sem umferð um hann kunni að valda. Útboð í framkvæmdir vegarins hefst í haust.

Yfirlýsingin er dagsett 5. mars og í henni segir meðal annars að „með öllu því raski og stóraukningu umferðar og umferðarhraða sem leið 7 gerir ráð fyrir er tekin óþarfa áhætta á aukinni niturmengun í Þingvallavatni. Rannsóknir benda til þess að nitur sé takmarkandi þáttur í frumframleiðslu vatnsins. Því er full ástæða til þess að ætla að vistkerfi vatnsins geti verið mjög næmt fyrir aukningu niturs en afleiðingar af þessu eru ófyrirsjáanlegar.“ Einnig segir að ekki sé „ásættanleg stefna að leggja slíkan veg í gegnum þjóðgarðinn á Þingvöllum og að slíka vegalagningu ætti að forðast í næsta nágrenni Þingvallavatns“. Þá er vakin athygli á því að Þingvallavatn sé eitt af náttúruundrum Íslands og lífríki þess eigi sér ekki hliðstæðu í veröldinni.

Að teknu tilliti til þess, auk sögu svæðisins, verði að gæta ströngustu viðmiða þegar komi að verndun vatnsins. Í yfirlýsingunni er einnig lýst yfir furðu á ákvörðun Vegagerðarinnar um að vegirnir eigi að vera 90 kílómetra hámarkshraði. Það veki upp grunsemdir um að innan skamms verði farið í að fullgera verkið með hraðbraut í gegnum þjóðgarðinn.

- kdk/ sjá síðu 8



**GRIKKLAND BRENNUR** Maður keyrir á traktornum sínum í gegnum eldhafið í Platanos nálægt hinni fornu Ólympíu. Að minnsta kosti 64 hafa látið lífið í eldunum sem hafa stigmagnast á síðustu dögum. Slökkviliðsmenn frá sautján löndum aðstoða gríska slökkviliðsmenn, sjálfboðaliða og hermenn við slökkvistörfin.

NORDICPHOTOS/AFP

Lögreglan í Reykjavík:

## Tveir menn stöðvaðir með haglabyssu

**LÖGREGLUMÁL** **Lögreglan í Reykjavík handtók tvo menn með afsagaða haglabyssu í gærkvöldi. Mennirnir voru stöðvaðir á Hverfisgötu en lögreglan þekkti ökumanninn sem er réttindalaus.**

**Í framhaldi af því kom í ljós að í bílnum, við hlið farþegans, var hlaðin afsöguð haglabyssa. Einnig fundust aukaskot á ökumanninum og smáræði af fíkniefnum fundust í bílnum. Mennirnir sem handteknir voru eru fæddir árið 1980 og 1983. Þeir voru yfirheyrðir og vistaðir í fangageymslum í nótt. Lögreglan varðist frekari frétta af málinu.** - lbb

Byssumaður í Hafnarfirði:

## Hugðist skjóta leikfangabíl nágrannans

**LÖGREGLUMÁL** „Maður veit ekkert hvað hefði gerst ef ég hefði ekki slökkt á bílnum eins og hann sagði,“ segir Gunnar Þór Gunnarsson, íbúi að Hverfisgötu í Hafnarfirði.

Gunnar segir að nágranni sinn hafi komið út vopnaður haglabyssu og hótað að skjóta fjarstýrðan bensínbíl Gunnars ef hann myndi ekki slökkva á honum hið snarasta.

Lögreglan kom á staðinn og handtók manninn. Þrjú skotvopn voru gerð upptæk ásamt skotfærum samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. - avi / sjá síðu 10

**LÖGREGLUFRÉTT**

**Veski stolið í Vonarstræti**

Eldri kona var rænd veski sínu í gær í Vonarstræti. Karlmaður vatt sér að konunni og bað hana um pening. Þegar hún tók upp veskið hrifsaði maðurinn það frá henni. Í veskinu voru um 150 þúsund krónur. Maðurinn var ófundinn í gærkvöldi.

**> Markaðurinn**

*Sögurnar ... tölurnar ... fólkið ...*

FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG




Það verður á brattann að sækja hjá knattspyrnulandsliðinu í næstu leikjum:

## Eiður spilar ekki gegn Spánverjum

**FÓTBOLTI** Íslenska knattspyrnulandsliðið verður án fyrirliða síns, Eiðs Smára Guðjohnsen, í landsleikjunum gegn Spáni og Norður-Írum sem fram fara 8. og 12. september næstkomandi. Þetta staðfesti Eggert Skúlason, talsmaður Eiðs Smára, við Fréttablaðið í gær. „Eiður verður ekki búinn að ná sér af meiðslunum fyrir þessa leiki. Það er alveg klárt,“ sagði Eggert.

Eiður Smári er að glíma við erfið meiðsli í hné sem hafa verið að angra hann síðan síðasta vor. Eiður náði sér af meiðslunum í upphafi sumars en þegar líða tók á sumarið tóku meiðslin sig upp á ný og eru



**EIÐUR SMÁRI** Landsliðsfyrirliðinn íslenski verður ekki klár í átökin fyrir leiki Íslands gegn Spáni og Norður-Írum. NORDIC PHOTOS/AFP

læknar Barcelona ekki vissir um hvað það nákvæmlega er sem plagar íslenska landsliðsfyrirliðann.

Eiður æfir hjá Barcelona þessa dagana en er langt frá því að geta beitt sér af fullum krafti. Fari svo að hann nái sér ekki góðum af meiðslunum á næstunni gæti hann þurft að fara í aðgerð.

Eiður hefur verið orðaður við fjölda liða síðustu vikur en Eggert segir ekkert benda til þess að Eiður sé á förum frá Barcelona. Eiður hugsar um það eitt að ná sér heilum þessa dagana og það gengur fyrir öllu.

- hbg / nánar á síðu 26


DELTALIGHT



Rafkaup

Ármúla 24 • S: 585 2800

OPIÐ LAUGARDAG KL:11-16

**SPURNING DAGSINS**



*Hrafnhildur, ykkur hefur ekki orðið um sel að finna allan þennan fjölda?*

„Jú, það varð okkur svo sannarlega, um heila 727 seli. Enda þekkjum við þá vel frá sauðunum!“

Á laugardaginn sáust 727 selir við Vatnsnes, norðan Hvammstanga. Hrafnhildur Ýr Víglundsdóttir er framkvæmdastjóri Selaseturs, sem stóð fyrir talningunni.

Eðlilegast að búið sé að semja um vatnsréttindi áður en virkjað er segir ráðherra:

# Upphæðir nú gefa fordæmi

**ORKUMÁL** Þær upphæðir sem eigendur vatnsréttinda fá vegna Kárahnjúkavirkjunar munu líklega ráða miklu fyrir það hvernig vatnsréttindi verða metin í framtíðinni, og þar með gefa ákveðið fordæmi, segir Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra.

„Þetta eru háar upphæðir, en samt miklu lægri en farið var fram á. Vafalaust mun þetta marka framtíðina og með hvaða hætti vatnsréttindi verða verðlögð, ef úrskurðurinn stendur,“ segir Össur.

Verklagið við mat á vatnsréttindum hefur verið gagnrýnt. Prófessor við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, sagði við Fréttablaðið nýverið að meta hefði átt verðmæti vatnsréttinda áður en farið var af stað með virkjunarframkvæmdir til að ekki þyrfti að meta verðmæti vatnsréttindanna eftir að búið sé að reisa virkjunina.



**ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON** „Þetta eru háar upphæðir, en samt miklu lægri en farið var fram á.“

„Auðvitað er lang eðlilegast að menn séu búnir að klappa svona í stein áður en þeir fara [út í framkvæmdir],“ segir Össur. Hefði verið tekið meira mið af eigendum jarða í nágrenni Kárahnjúka hefði það getað haft áhrif á arðsemi, og þar með afstöðu manna til framkvæmdarinnar allrar, segir Össur. Það hefði líklega ekki gerst í þessu tilviki.

Spurður hvort hann muni beita sér fyrir breytingu á lögum um eignarnám vegna virkjana segir Össur málið í skoðun í ráðuneytinu, ýmislegt sem tengist virkjunum mætti vera mun skýrara í lögunum. Hann vildi þó ekki tímasetja hvenær farið verði í að breyta lögum um virkjanir. **- bj**

Seltjarnarnesbær veitir styrk:

## 25 þúsund til tómstunda

**MENNTUN** Seltjarnarnesbær mun bjóða öllum börnum og ungmennum á aldrinum sex til átján ára, tuttugu og fimm þúsund króna tómstundastyrk frá og með haustinu.

Jónmundur Guðmarsson bæjarstjóri segir tómstundastyrkina hafa verið meðal mikilvægustu stefnumála núverandi meirihluta fyrir síðustu kosningar. Þar sem styrkirnir lækki útgjöld heimilanna vonist bæjaryfirvöld til að þeir hvetji börn til að stunda það íþrótta-, tómstunda- eða æskulýðsstarf **. - lbb**

Dómari við Hæstarétt Íslands:

## Ráðherra skipaði Pál Hreinsson

**DÓMSMÁL** Dómsmálaráðherra hefur skipað Pál Svein Hreinsson í embætti dómara við Hæstarétt Íslands. Páll hefur gegnt stöðu prófessors við Háskóla Íslands og verið deildarforseti lagadeildar. Dómsmálaráðuneytið tilkynnti um ráðninguna í gær. Páll fyllir skarð Hrafns Bragasonar sem lætur af störfum sem dómari við Hæstarétt sökum aldurs um næstu mánaðamót.



**PÁLL HREINSSON**

Fjórir sóttu um embættið, þau Viðar Már Matthíasson, prófessor við lagadeild HÍ, Þorgeir Örlygsson, dómari við EFTA-dómstólinn í Lúxemborg, og Sigríður Ingvarsdóttir, héraðsdómari við héraðsdóm Reykjavíkur. **- bj**

Sérsveitin kölluð út:

## Húsleitir gerðar á Suðurlandi

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Selfossi og sérsveit frá Ríkislögreglustjóra gerðu húsleit hjá pari í Hveragerði í gærdag. Einnig var gerð húsleit á vinnustað þeirra í Ölfusi og í húsi á Selfossi. Samkvæmt lögreglunni á Selfossi var parið handtekið fyrr í gær grunað um lyfjaakstur og við leit fannst amfetamín á fólkinu. Það var ákveðið að gera húsleit þar sem þau voru gestkomandi í Hveragerði. Þar fundust leifar af fíkniefnum, áhöld til fíkniefnaneyslu og hnífar. **- lbb**

# Lofaði móður minni að leiðrétta faðernið

**Lúðvík Gizurarson hæstaréttarlögmaður segir móður sína hafa tekið það loforð af sér að hann myndi leiðrétta faðerni sitt að henni látinni. DNA-rannsókn sýnir að hann er sonur Hermanns Jónassonar, fyrrum forsætisráðherra.**

**FAÐERNISMÁL** „Móðir mín tók það loforð af mér að ég myndi láta leiðrétta faðerni mitt að henni látinni,“ sagði Lúðvík Gizurarson hæstaréttarlögmaður í gær þegar niðurstaða DNA-rannsóknar vegna faðernis hans lágu fyrir.

Það ríkti óneitanlega spenna í loftinu á heimili Lúðvíks í gær meðan beðið var eftir því að Dögg Pálsdóttir, lögmaður hans, birtist með niðurstöður mannerfðafræðilegrar rannsóknar sem gerð hafði verið á lífsýnum frá Dagmar Lúðvíksdóttur, móður Lúðvíks og Hermanni Jónassyni. Niðurstöður Rannsóknarstofu í réttarlæknisfræði á Landspítala – háskólasjúkrahúsi sýna að það eru 99,9 prósenta líkur á að Hermann Jónasson sé faðir Lúðvíks.

„Þetta er furðulegur dagur, eins og að beygja fyrir horn í tilverunni,“ sagði Lúðvík.

Lúðvík gerir þá kröfu að Hermann verði dæmdur faðir sinn. Málinu var frestað í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær, meðan lögmenn gerðu umbjóðendum sínum grein fyrir niðurstöðu DNA-rannsóknarinnar. Því verður fram haldið á mánudag.

Því var það að hann höfðaði vefengingarmál árið 2003 fyrir dómstólum til staðfestingar á því að Gizur, eiginmaður móður hans, væri ekki faðir hans. Dómur gekk í því máli í byrjun árs 2004. Sannað hafði verið með mannerfðafræðilegum rannsóknum að Gizur gæti ekki verið faðir Lúðvíks.

Faðernismálið var síðan þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur haustið 2004 og var síðan rekið ýmist fyrir héraðsdómi eða Hæstarétti. Héraðsdómur Reykjavíkur hafði þrisvar sinnum heimilað mannerfðafræðilega rannsókn, en börn Hermanns jafnharðan kært til Hæstaréttar, sem hnekkti dómunum þar til 9. mars, að dómurinn staðfesti úrskurð héraðsdóms.

„Nú er mér sú spurning efst í huga hvort breyting verði á mínu lífi við að fara úr þessu tvöfalda hlutverki,“ sagði Lúðvík og útskýrði að í fyrstu hefði hann verið Lúðvík Gizurarson, síðan Lúðvík og nú Lúðvík Hermannsson.

„En ég er feginn að það skuli vera búið að afgreiða þetta,“ bætti hann við. „Nú er þetta mál úr sögunni.

„Ég hef ekkert um þetta mál að segja,“ sagði Steingrímur Hermannsson við Fréttablaðið í gær. „Þetta breytir engu hjá mér. Ég tek þessu með mestu ró.“

jss@frettabladid.is



NIÐURSTAÐA RANNSÓKNARINNAR Lúðvík á heimili sínu með niðurstöðu DNA-rannsóknarinnar eftir að hann hafði fengið hana afhenta eftir hádegið í gær. „Það kom mér á óvart að þetta yrði svona langt og strangt,“ sagði hann um afstaðin málaferli. MYND JÓHANNA

Kauphöllin í Osló:

## Landsbankinn kaupir í kauphöll

**VIÐSKIPTI** Landsbankinn er orðinn annar stærsti hluthafinn í Oslo Børs Holding ASA, eignarhaldsfélagi Kauphallarinnar í Ósló, með tíu prósenta hlut sem metinn er á fjóra milljarða króna.

„Okkur fannst þetta tiltölulega hagstætt verð á þessum bréfum miðað við hvernig svona fyrirtæki hafa verið að ganga kaupum og sölum upp á síðkastið,“ segir Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri Landsbankans.

Kauphöllin, sem rekur sögu sína aftur til 1819, er umsvifamesta kauphöll Norðurlandanna og sú eina sem er ekki hluti af OMX-samstæðunni sem Kauphöll Íslands heyrir til. Talið er líklegt að hún muni verða þátttakandi í frekari samþjöppun kauphalla í heiminum. **- eþa / sjá Markaðinn**

Samráð olíufélaganna:

## Olís og Ker vilja frávísun máls

**DÓMSMÁL** Lögmenn Olís og Kers, áður Olíufélagsins, krefjast þess að máli útgerðarfélagsins Dala-Rafns gegn olíufélögunum, vegna samráðs félaganna, verði vísað frá. Munnlegur málflutningur vegna frávísunarkröfunnar fór fram í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Skeljungur sá ekki ástæðu til þess að krefjast frávísunar.

Dala-Rafn, sem er útgerðarfélag frá Vestmannaeyjum, krefst skaðabóta vegna samráðs olíufélaganna frá 1993 til og með meirihluta árs 2001. Frá árinu 1996 til og með 2001 voru olíukaup útgerðarfélagsins að meðaltali um 10,5 prósent af heildarrekstrarkostnaði á fyrrnefndu tímabili. **- mh**


**BÍLL DAGSINS**
**SUBARU IMPREZA**
Nýskr. 06.04 - Sjálfskiptur - Ekinn 69 þús. km.




Ingvar Helgason | NOTAÐIR BÍLAR
Opið: Mán. 10:00 - 18:00, þri.-fös. 9:00 - 18:00, lau. 12:00 - 16:00. Sími: 525 8020


Antonio Puerta, 22 ára knattspyrnumaður með Sevilla á Spáni, lést í gær:

# Fékk hjartaáfall í miðjum leik

**FÓTBOLTI** Spænski landsliðsmaðurinn Antonio Puerta lést á spítala í gær eftir að hafa fengið hjartaáfall í leik með liði sínu Sevilla gegn Getafe í spænsku úrvalsdeildinni. Puerta var 22 ára gamall.

Á 35. mínútu leiksins hneig Puerta niður þegar hann var að skokka í átt að eigin marki. Honum var hjálpað á fætur en þegar hann kom í búningsklefann fékk hann annað hjartaáfall og náði aldrei aftur meðvitund.

Þórarinn Guðnason, hjartasérfræðingur á Landspítalanum, segir að skyndidauði íþróttamanna hafi verið til umræðu víða, einnig hér á landi. „Oft kemur í ljós hjá þessum einstaklingum undirliggjandi hjartasjúkdómur. Neysla lyfja, löglegra eða ólöglegra, getur einnig aukið líkur á skyndidauða íþróttamanna. Nýverið vaknaði t.d. grunur um samband við bólgueyðandi lyf þótt það samband hafi enn ekki verið sannað,“ sagði Þórarinn.

„Á Norðurlöndunum hefur verið vaxandi áhugi á því að þeir sem stundi keppnisíþróttir fari í hjartalínurit og skoðun hjá lækni. Með því uppgötvast meirihluti undirliggjandi hjartasjúkdóma með fremur einföldum rannsóknum, en þá er hægt að bregðast við þeim og minnka líkurnar á slíkum skyndidauða.“ **- esá**



**PUERTA KVADDUR** Margir minntust Antonio Puerta í Sevilla í gær. NORDIC PHOTOS/AFP



Vodafone
ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN
ÁNÆGÐUSTU VIÐSKIPTAVINIRNIR
Vertu í hópi ánægðustu viðskiptavinanna
Viðskiptavinir Vodafone í fyrsta sæti
Við lítum ekki bara á það sem skyldu okkar að veita viðskiptavinum okkar bestu mögulegu þjónustu, okkur finnst hreinlega ekkert annað koma til greina. Þetta hefur líka skilað sér í því að viðskiptavinir Vodafone eru ánægðustu viðskiptavinir farsímafyrirtækja samkvæmt Íslensku ánægjuvoginni.
Hringdu í 1414 og vandamálið er úr sögunni
Gríptu augnablikið og lifðu núna
vodafone

## GENGIÐ 28.08.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
| --- | --- | --- |
| Bandaríkjadalur | 63,94 | 64,24 |
| Sterlingspund | 128,59 | 129,21 |
| Evra | 87,37 | 87,85 |
| Dönsk króna | 11,734 | 11,802 |
| Norsk króna | 10,995 | 11,059 |
| Sænsk króna | 9,320 | 9,374 |
| Japanskt jen | 0,5525 | 0,5557 |
| SDR | 97,97 | 98,55 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
118,5708

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Samningaviðræður talibana og Suður-Kóreumanna bera árangur:

# Talibanar láta gíslana lausa

**AFGANISTAN** Hópur talibana í Afganistan samþykkti í gær að láta lausa 19 suður-kóreska gísla, sem þeir hafa haft í haldi í meira en mánuð. Stjórnvöld í Suður-Kóreu höfðu þá fallist á að hætta öllu trúboði í Afganistan og standa við loforð um að draga herlið sitt heim frá Afganistan fyrir árslok.

„Mig langar til að dansa," sagði Cho Myung-ho, móðir eins af gíslunum nítján.

Samningar tókust eftir viðræður í Afganistan milli talibana og fulltrúa Suður-Kóreu.

Stjórnvöld í Suður-Kóreu hafa áður sagt að þau ætli að draga 200 manna lið sitt frá Afganistan fyrir árslok, auk þess sem þau hafa reynt að koma í veg fyrir að trúboðar valdi vandræðum á svæðum þar sem þeir eru óvelkomnir.

Þá hafa bæði stjórnvöld í Suður-Kóreu og ættingjar gíslanna haldið því statt og stöðugt fram að gíslarnir séu hvort eð er ekki trúboðar heldur hafi þeir sinnt hjálparstörfum.

Ekki kom fram hvenær gíslarnir verða látnir lausir.

Talibanar rændu 23 Suður-Kóreumönnum, sem voru í rútu á leiðinni frá Kabúl til Kandahar, hinn 19. júlí. Tveir gíslanna voru myrtir í lok júlí en tveir látnir ausir í byrjun ágúst. **- gb**



**ÆTTINGJAR FAGNA** Ættingjar gíslanna voru samankomnir í Suður-Kóreu að fylgjast með fréttamannafundi þar sem skýrt var frá samkomulaginu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mikil ölvun í borginni:

# Ökumaður gat ekki gengið

**LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu handtók mann á þrítugsaldri aðfaranótt þriðjudags. Maðurinn var stöðvaður vegna gruns um ölvun við akstur. Í ljós kom að ölvun hans var svo mikil að hann gat ekki staðið í fæturna. Hann var að auki á stolnum bíl og án ökuréttinda.**

**Tveir aðrir ökumenn voru teknir fyrir ölvun við akstur á höfuðborgarsvæðinu aðfaranótt þriðjudags. Þá var almennt mikil ölvun um alla borgina og margir gistu fangageymslur, samkvæmt upplýsingum frá lögreglu.** **- þeb**

Karfaleiðangri Hafró lokið:

# Stofnstærðin svipuð og 2005

**SJÁVARÚTVEGUR** Stofnstærð úthafskarfa mælist nú svipuð og fyrir tveimur árum, þótt meira mælist á miklu dýpi. Þetta kemur fram í niðurstöðum karfaleiðangurs Hafrannsóknastofnunar, sem nú er nýlokið.



**KARFI** Talið er að stofnstærð úthafskarfa sé um 1,2 milljónir tonna. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Beitt var bergmálsmælingum og togtilraunum, og er nú talið að heildarmagn karfa í úthafinu, á svæðinu frá lögsögu Kanada til Íslands, sé um 1,2 milljónir tonna.

Mest fékkst af karfanum í dýpri lögum sjávar á norðausturhluta svæðisins, en meginþorri þess sem mælt var ofar í sjávarlögunum mældist á svæðinu suðvestan við Hvarf á Grænlandi, að því er fram kemur á vef Hafrannsóknastofnunar. **- bj**

# Sektarákvæðunum aldrei verið beitt

**20 erlendir menn sem lentu í rútuslysinu á sunnudag eru ekki skráðir löglega á Íslandi. Verktakarnir hafa fengið nokkurra daga frest til að skila Vinnumálastofnun gögnum um starfsmennina. Arnarfell líklega ábyrgt, segir ráðherra.**

**VINNUMARKAÐUR** Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra segir að Vinnumálastofnun hafi aldrei sektað verktakafyrirtæki fyrir að hafa ekki skráð erlenda starfsmenn sína á löglegan hátt hér á landi. Í lögum sem tóku gildi í maí í fyrra segir að verktakafyrirtæki eigi að senda Vinnumálastofnun tilkynningu um nýja starfsmenn innan tíu virkra daga frá ráðningu þeirra. Ef fyrirtæki gera þetta ekki getur Vinnumálastofnun sektað fyrirtækin um allt að fimmtíu þúsund krónur á dag.

20 af þeim 29 erlendu starfsmönnum þriggja undirverktaka verktakafyrirtækisins Arnarfells, sem lentu í rútuslysinu á Bessastaðafjalli í Fljótsdal á sunnudaginn, eru ekki löglega skráðir hjá Vinnumálastofnun. Mennirnir unnu við að byggja Hraunaveitu Kárahnjúkavirkjunar. Talið er að þetta geti haft áhrif á sjúkratryggingar mannanna vegna slyssins. Jóhanna segir að Arnarfell eigi að bera ábyrgð á því að mennirnir séu sjúkratryggðir. „Þeir hefðu átt að vera með sjúkratrygginguna ef þeir hefðu verið löglega skráðir hér á landi. Mér finnst því líklegt að Arnarfell beri ábyrgð á starfsmönnunum í þessu tilfelli," segir Jóhanna.



**RÚTUSLYSIÐ Á BESSASTAÐAFJALLI** 20 af þeim 29 mönnum sem lentu í slysinu eru ekki skráðir löglega hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/GUNNAR GUNNARSSON

Jóhanna segir að Vinnumálastofnun hafi gefið verktakafyrirtækjunum þremur; Hunnebeck, GT-verktökum ehf. og Spöng ehf., frest fram að næstu helgi til að skila tilskildum gögnum um starfsmennina til Vinnumálastofnunar. Eftir það mun stofnunin skoða hvort grípa þurfi til róttækari úrræða gegn þeim, segir Jóhanna.

„Það er alvarlegt ef verktakafyrirtæki sinna ekki tilkynningaskyldu sinni. Eitt af þeim úrræðum sem Vinnumálastofnun hefur er að sekta verktakafyrirtækin og jafnvel að loka þeim í alvarlegustu tilfellunum," segir Jóhanna.

Oddur Friðriksson, yfirtrúnaðarmaður á Kárahnjúkasvæðinu, segir að í heildina séu hugsanlega um sextíu starfsmenn verktakafyrirtækjanna þriggja sem vinna við Kárahnjúkavirkjun ekki löglega skráðir.

Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness, segir að starfsmennirnir tuttugu séu einungis lítið brot af öllum þeim starfsmönnum verktakafyrirtækja sem ekki eru skráðir löglega hér á landi. Vilhjálmur undrast að Vinnumálastofnun hafi hingað til ekki sektað verktakafyrirtæki sem ekki hafa skráð starfsmenn sína á réttan hátt. „Ég fullyrði að ef Vinnumálastofnun myndi gera rassíu á íslenskum vinnumarkaði þá kæmi í ljós að hundruð ef ekki þúsundir erlendra starfsmanna verktakafyrirtækja eru ekki skráðir löglega hér á landi," segir Vilhjálmur og bætir því við að hann viti um mörg lögbrot af þessu tagi á Akranesi.

Jóhanna segir að sér þyki ekki ólíklegt að margir fleiri erlendir starfsmenn séu ekki löglega skráðir hér á landi. „Það verður ekki liðið að verktakafyrirtæki brjóti lög með þessum hætti. Ég mun beita mér fyrir því að Vinnumálastofnun noti öll þau lagalegu úrræði sem hún ræður yfir til að koma í veg fyrir það hér eftir. Við þurfum að kortleggja þennan vinnumarkað," segir Jóhanna.

ingifreyr@frettabladid.is



**REIÐI** Hindúar í Hyderabad brenna pakistanskan fána í mótmælum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hryðjuverk á Indlandi:

# Hvatt til mótmælaverkfalls

**INDLAND, AP** Talsmenn flokks þjóðernissinnaðra hindúa á Indlandi, BJP, hvöttu á mánudag til verkfalls í suður-indversku borginni Hyderabad til að mótmæla því sem þeir kalla klúður stjórnvalda að takast ekki að koma í veg fyrir sprengjutilræði sem framin voru í borginni um helgina. Þau kostuðu 42 manns lífið.

Stjórnvöld hafa kennt herskáum múslimum í grannríkjunum Pakistan og Bangladess um ódæðin. Indverski innanríkisráðherrann Shivraj Patil viðurkenndi á sunnudag að yfirvöld væru svo gott sem ófær um að hindra slíkar hryðjuverkaárásir. Stærð landsins ylli því. **- aa**

Ráðstefna í Reykjavík:

# Ábyrgð karla

**FÉLAGSMÁL Karlar til ábyrgðar, ráðstefna um karla og ofbeldi í nánum samböndum, verður haldin á Kornhlöðunni við Lækjarbrekku á fimmtudag.**

**Marius Råkil sálfræðingur mun þar kynna norska verkefnið Alternative to violence, auk þess sem nokkrir íslenskir sérfræðingar halda erindi. Þar á meðal eru sálfræðingarnir Andrés Ragnarsson og Einar Gylfi Jónsson, sem munu kynna verkefnið Karlar til ábyrgðar.**

**Verkefninu Karlar til ábyrgðar var komið af stað á ný á síðasta ári. Það er eina sérhæfða meðferðarúrræðið á Íslandi fyrir karla sem beita ofbeldi á heimilum.** **- þeb**

## SUÐUR-AFRÍKA

### Stærsti demantur heims

Námamenn í Suður-Afríku hafa fundið stærsta demant heims, en sá er tvöfalt þyngri en fyrri methafi, Cullinan-demanturinn, sem fannst árið 1905 og vó 3.106 karöt, eða 620 grömm. Demanturinn er geymdur í leyndri hirslu einhvers staðar í Suður-Afríku en verður settur á uppboð.

## ÁRÉTTING

Í fyrirsögn greinar Kolbrúnar Halldórsdóttur alþingismanns á leiðarasíðu Fréttablaðsins í gær var málvilla. Rétt er að taka fram að fyrirsögnin var ekki Kolbrúnar heldur Fréttablaðsins.





MJÓLKURVÖRUR Í SÉRFLOKKI

*MS drykkjarvörur í útileguna*

*MS mjólkurdrykkirnir eru prótein- og kalkríkir og stútfullir af næringarefnum. Veldu þér ískaldan mjólkurdrykk í handhægum umbúðum í næstu verslun.*

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**ALMENNT VÆTUSAMT**

Næstu daga má búst við vætusömu veðri á landinu og raunar alveg fram á sunnudag. Úrkomumagnið verður þó mismikið eftir dögum og svæðum. Í dag verður einna úromuminnst suðaustan til en á morgun suðvestan til. Á föstudag og laugardag verður úrkomuminnst á landinu suðaustanverðu. Mér sýnist að úrkomulítið verði á landinu á sunnudag.

**REYKJAVÍK Í DAG**

Hæg suðvestlæg átt. Rigning eða skúrir. Hiti 9-13 stig.




um hádegi »

| | | | | | |
| --- | --- | --- | --- | --- | --- |
| Kaupmannahöfn | 17°C skúrir | London | 20°C léttskýjað | Friedrichshafen | 17°C rigning |
| Billund | 16°C skúrir | París | 21°C hálfskýjað | Basel | 19°C skúrir |
| Osló | 15°C skúrir | Amsterdam | 19°C skúrir | Alicante | 26°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 16°C hálfskýjað | Frankfurt | 21°C skúrir | Algarve | 26°C hálfskýjað |
| Gautaborg | 18°C skúrir | Berlín | 19°C hálfskýjað | Las Palmas | 26°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.



**Saga Capital** er alþjóðlegur fjárfestingarbanki sem starfar á afmörkuðum sviðum fjármála og veitir þjónustu á sviði fyrirtækjaráðgjafar, útlána og verðbréfamiðlunar. Bankinn tekur jafnframt virkan þátt á innlendum og erlendum verðbréfamörkuðum með fjárfestingum fyrir eigin reikning. **Hugsum stærra.**

Saga Capital

SAGA CAPITAL FJÁRFESTINGARBANKI HF. | SÍMI 545 2600 | SAGACAPITAL.IS

## KJÖRKASSINN



*Á Surtsey að komast á heimsminjaskrá UNESCO?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 78,6% |
| NEI | 21,4% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Eru eldvarnir á meðferðarheimilum í ólestri?*

Segðu skoðun þína á vísir.is

vísir

Neyðarvistunarálma á meðferðarstöðinni Stuðlum brann á sunnudaginn:

# Leita lausna á neyðarvistun

**BRUNI** „Starfið á meðferðardeildinni hélt áfram á mánudaginn eftir að deildin var þrifin. Það er ekki alveg ljóst hversu langan tíma tekur að koma neyðarvistuninni í gang,“ segir Sólveig Ásgrímsdóttir, forstöðumaður Stuðla.

Neyðarvistunarálma Stuðla brann á sunnudaginn og björguðu reykkafarar slökkviliðsins lífi tveggja stúlkna sem voru króaðar af inni í einu herbergi álmunnar. Lögreglan hefur ekkert gefið upp um upptök eldsins og segir málið vera í rannsókn.

Sólveig segir að sérfræðingar hafi komið og metið skemmdir í húsnæðinu. „Það er ljóst að það tekur mánuði frekar en vikur að koma deildinni í samt lag,“ segir hún.

Sólveig átti fund á mánudaginn með fulltrúum frá Barnaverndarstofu um hvernig væri hægt að sinna neyðarvistun á meðan deildin yrði endurbyggð á Stuðlum. „Eðli málsins samkvæmt er ekki hægt að fara með svona starfsemi í hvaða húsnæði sem er. Þessa dagana erum við að skoða möguleikana.

Það þarf að leita til sérfræðinga og ýmissa aðila varðandi mögulegar lausnir,“ segir hún.

- aví



**HERBERGIÐ** Þarna höfðust stúlkurnar við í reykjarkófi á meðan þær biðu eftir hjálp. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Auglýsing með Lalla Johns:

# Auglýsingin brot á reglum

**FÓLK** Siðanefnd Sambands íslenskra auglýsingastofa (SÍA) hefur komist að þeirri niðurstöðu að auglýsingar þar sem Lárus Björn Svavarsson, Lalli Johns, kemur fram brjóti gegn fyrstu grein siðareglna SÍA um almennt velsæmi. Þá álýktar siðanefndin að blaðaauglýsing með Lalla Johns ein og sér brjóti gegn siðareglum SÍA.

Auglýsingastofan Himinn og haf stóð fyrir auglýsingaherferðinni fyrir Öryggismiðstöðina og er þeim tilmælum beint til beggja fyrirtækja að stöðva allar birtingar auglýsinganna.

- lbb






# Teikningarnar voru samþykktar í gær

**Byggingarfulltrúi hefur samþykkt teikningar af tvö þúsund fermetra nýbyggingu við Laugaveg 4 og 6. Tvö hús frá seinni hluta nítjándu aldar verða rifin til að rýma fyrir húsinu. Borgarráð eitt getur komið í veg fyrir að húsin verði rifin.**

**SKIPULAGSMÁL** Teikningar af tvö þúsund fermetra nýbyggingu eignarhaldsfélagsins Kaupangs ehf. við Laugaveg 4 og 6 voru samþykktar hjá byggingarfulltrúa Reykjavíkurborgar í gær.

Að sögn Bjarna Þórs Jónssonar, skrifstofustjóra hjá byggingarfulltrúa, á Kaupangur aðeins eftir að uppfylla nokkur formsatriði til að gefið verði út byggingarleyfi fyrir húsinu. Eftir að byggingarleyfið verður gefið út getur Kaupangur byrjað að rífa tvö hús frá seinni hluta nítjándu aldar sem standa á lóðinni. Ákvörðun byggingarfulltrúa verður tekin til umræðu á borgarráðsfundi á fimmtudaginn og þarf ráðið að staðfesta hana. „Borgarráð eitt getur stöðvað niðurrif húsanna á þessu stigi málsins,“ segir Bjarni.

Björn Ingi Hrafnsson, formaður borgarráðs, segist ekki reikna með öðru en að ráðið staðfesti niðurstöðu byggingarfulltrúa. „Það er ekki vilji til þess að staðfesta hana ekki,“ segir Björn.

Jóhannes Sigurðsson, einn eigandi Kaupangs, vill ekki segja til um hvenær fyrirtækið ætli að hefja niðurrif á húsunum tveimur og byggja nýja húsið. „Ég hef ekkert um þetta að segja að svo stöddu,“ segir Jóhannes. Í nýja húsinu, sem á að verða fjögurra hæða hátt, er áætlað að vera með hótel- og verslunarrekstur.

Magnús Skúlason, forstöðumaður Húsafriðunarnefndar, er ósáttur við að byggingarfulltrúi hafi ekki leitað eftir áliti nefndarinnar á niðurrifi húsanna og sýnt henni teikningarnar að nýja húsinu. „Þetta eru ekki réttar vinnuaðferðir því nefndin á að skila áliti á niðurrifi húsa sem eru byggð fyrir árið 1918.“ Hann segist binda vonir við að Húsafriðunarnefnd fái að skila áliti á niðurrifi húsanna tveggja áður en borgarráð samþykkir niðurstöðu byggingarfulltrúa. „Á þessu stigi getur nefndin ekkert gert í málinu,“ segir Magnús.

Guðjón Friðriksson, stjórnarmaður í Torfusamtökunum, segist harma það að húsin verði rifin en hann hafi búist við því að byggingarfulltrúi kæmist að þessari niðurstöðu. Hann segir að kannski hafi þeir sem vilji vernda húsin byrjað að mótmæla niðurrifi þeirra of seint. „Þetta var það langt komið í kerfinu að það var erfitt að koma í veg fyrir að húsin yrðu rifin,“ segir Guðjón og bætir því við að hann voni að borgarráð samþykki ekki niðurstöðu byggingarfulltrúa. Hann segir að niðurrif húsanna tveggja sé kannski byrjunin að stórfelldu niðurrifi gamalla húsa við Laugaveginn og í miðbænum.

ingifreyr@frettabladid.is



**HÚSIN VIÐ LAUGAVEG 4 OG 6** Húsin tvö frá seinni hluta nítjándu aldar verða rifin til að rýma fyrir nýja húsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**NÝJA HÚSIÐ VIÐ LAUGAVEG 4 OG 6** Verður tæpir tvö þúsund fermetrar að stærð og á fjórum hæðum. Þar verður rekið hótel og verslanir.

Sveitarfélög hafa sent stjórnvöldum fjölda tillagna að mótvægisaðgerðum:

# Stutt í niðurstöðu um aðgerðir

**EFNAHAGSMÁL** Ríkisstjórninni hafa borist tillögur frá fjölda sveitarfélaga um mögulegar mótvægisaðgerðir vegna niðurskurðar á þorskkvóta á komandi fiskveiðiári. Össur Skarphéðinsson, iðnaðarráðherra og ráðherra byggðamála, sagði í gær að stutt sé í að ríkisstjórnin komist að niðurstöðu um mótvægisaðgerðirnar.

Málið var ekki á dagskrá ríkisstjórnarfundar í gær, en Össur sagði að fundi loknum að mótvægisaðgerðir hafi vissulega borið á góma á fundinum. Endanleg niðurstaða verði þó varla komin fyrir upphaf komandi fiskveiðiárs, sem hefst 1. september, enda komi áhrif kvótaskerðingarinnar ekki að öllu leyti fram strax.

Spurður um hugmyndir bæjarstjórnar Vestmannaeyjabæjar, sem kynntar voru fyrir helgi, sagði Össur að sér litist vel á margt sem þar komi fram, og allar tillögur verði skoðaðar af fullri alvöru.

„Mér finnst hugmyndir Eyjamanna góðar og áhersla á þorskeldi vera skynsamleg, og mér finnst þeir taka réttum tökum viðhorf til framtíðarinnar með því að vilja efla frumkvöðlastarfsemi og rannsóknir í tengslum við nýsköpun. Allt er þetta mjög jákvætt og mjög í anda framfarasinnaðra viðhorfa sem ríkja í iðnaðarráðuneytinu,“ segir Össur.

- bj



**MÓTVÆGI** Margar af tillögum bæjaryfirvalda í Vestmannaeyjum tengdust uppbyggingu í kringum þorskveiðar. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

*Alvöru*

# Haust ÚTSALA

## dagana 29. ágúst til 1. september

**hjá Bílalandi B&L, valdir bílar á alvöru útsölu.**
**Komdu og fáðu þér bíl á frábæru verði.**

**Engin útborgun og 100% lán í allt að 84 mánuði.**

**Nokkur dæmi um bíla á útsölu, gott úrval á staðnum:**

**Útsöluverð kr. 1.950 þús.**
Verð áður kr. 2.380 þús.




Toyota Prius, 2006 - Ek. 22 þús.

**Útsöluverð kr. 970 þús.**
Verð áður kr. 1.380 þús.




Hyundai Santa Fe, 2001 - Ek. 160 þús.

**Útsöluverð kr. 670 þús.**
Verð áður kr. 880 þús.




BMW 318, 1999 - Ek. 161 þús.

**Útsöluverð kr. 1.250 þús.**
Verð áður kr. 1.650 þús.




Renault Scenic II, 2004 - Ek. 49 þús.

**Útsöluverð kr. 580 þús.**
Verð áður kr. 880 þús.




Freelander, 2000 - Ek. 135 þús.

**Útsöluverð kr. 1.180 þús.**
Verð áður kr. 1.490 þús.




RENAULT MEGANE II, 2005 - Ek. 27 þús.

**Útsöluverð kr. 670 þús.**
Verð áður kr. 950 þús.




Ford Focus, 2002 - Ek. 100 þús.

**Útsöluverð kr. 750 þús.**
Verð áður kr. 1.150 þús.




Opel Zafira, 2002 - Ek. 124 þús.

**Útsöluverð kr. 1.670 þús.**
Verð áður kr. 2.120 þús.




RENAULT LAGUNA, 2004 - Ek. 43 þús.

**Útsöluverð kr. 530 þús.**
Verð áður kr. 790 þús.




Renault Megane, 2002 - Ek. 74 þús.

bíla land B&L
notaðir bílar

**Útsöluverð kr. 250 þús.**
Verð áður kr. 420 þús.




Hyundai Accent, 2000 - Ek. 121 þús.

Opið frá kl. 9 til 18
og á laugardaginn frá kl. 12 til 16.

**bilaland.is**
Grjóthálsi 1 - 575 1200

**bílaland.is**

## Prófessor í taugavísindum og heilbrigðisverkfræði flytur fyrirlestur í Háskólanum í Reykjavík



Reza Shadmehr PhD er prófessor í taugavísindum og heilbrigðisverkfræði við Johns Hopkins University í Baltimore í Bandaríkjunum. Dr. Shadmehr er mikilsvirtur vísindamaður og hefur birt hátt í 60 greinar í helstu vísindaritum og skrifað fjölda bókakafla auk þess að hafa ritað kennslubók í verkfræði.

Eitt af áherslusviðum hans er stjórn hreyfinga og gerð stærðfræðilegra líkana af þeim þar sem samhliða er beitt rannsóknaraðferðum verkfræði og lífvísinda.

Fyrirlesturinn verður haldinn **föstudaginn 31. ágúst** í Háskólanum í Reykjavík, Ofanleiti, stofu 101 klukkan 16:00-17:00. Léttar veitingar verða í boði og eru allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir.

Fyrirlesturinn er á vegum heilbrigðisverkfræði HR.

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY


# Óttast um lífríki Þingvallavatns

**Aukin umferð um Þingvallavatn með tilkomu nýs Gjábakkavegar kemur til með að skaða lífríki vatnsins að mati fjölda líffræðinga. Björn Bjarnason, formaður Þingvallanefndar, segir nefndina ekki hafa fjallað um mótmæli vegna vegarins.**

**SKIPULAGSMÁL** „Markmið Vegagerðarinnar er að gera veg með 90 kílómetra hámarkshraða. Það gefur augaleið að umferð um vatnið mun aukast eftir að Gjábakkavegur hefur verið lagður, þar sem hann er styttri leiðina til höfuðborgarsvæðisins og mun hafa í för með sér þungaflutninga,“ segir Gísli Már Gíslason, vatnalíffræðingur við Háskóla Íslands. Hann óttast um lífríki Þingvallavatns vegna mengunar sem hann telur að verði vegna fyrirhugaðra framkvæmda við vatnið.

Björn Bjarnason, formaður Þingvallanefndar, segir nefndina ekki hafa fjallað um málefni Gjábakkavegar í tengslum við mótmæli Péturs M. Jónassonar, helsta sérfræðing heims um Þingvallavatn, en undir erindi Péturs hefur fjöldi fræðimanna tekið.

Jón Helgason, framkvæmdastjóri Vegagerðarinnar, segist hafa vitað af því að fjöldi líffræðinga sendi umhverfisráðherra mótmæli vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Hann segir að öllum hagsmunaaðilum hafi verið svarað vegna málsins en ekki sé hægt að svara öllum þeim sem hafa álit á málinu.

Eins og Fréttablaðið hefur greint frá hefur Pétur kært úrskurð skipulagsnefndar um Gjábakkaveg til Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNESCO, og er málið þar til athugunar. Hann telur að málið kunni að verða þess valdandi að Þingvellir falli út af heimsminjaskrá og niturmengun vegna aukinnar umferðar eigi eftir að skapa mikla hættu fyrir lífríki vatnsins.

Ragnheiður H. Þórarinsdóttir, starfsmaður heimsminjanefndar, hefur lýst því yfir að hugsanlega geti málið orðið til þess að Íslendingar glati trúverðugleika sínum gagnvart UNESCO og komið í veg fyrir að Surtsey verði tekin inn á listann.

Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra segir lögfræðinga ráðuneytisins athuga hvort endurupptaka á úrskurði Jónínu Bjartmarz, þáverandi umhverfisráðherra, sé mögulegur en Jónína Bjartmarz staðfesti úrskurð skipulagsnefndar 10. maí, eða tveimur dögum fyrir síðustu kosningar. Hún setti það sem skilyrði að áhrif niturs á vatnið yrðu könnuð. Pétur telur að það verði of seint að kanna áhrif mengunar af völdum vegarins eftir að hann hefur verið lagður.

Kolbrún Halldórsdóttir alþingismaður, sem sæti á í Þingvallanefnd, segir málið verða tekið fyrir á næsta fundi nefndarinnar. Hún muni beita sér gegn öllu því sem kunni að spilla náttúru Þingvalla.

**karen@frettabladid.is**



**ÞINGVALLAVATN** Lífríki vatnsins þykir ekki eiga hliðstæðu í veröldinni. Fjöldi líffræðinga skrifuðu Jónínu Bjartmarz, fyrrverandi umhverfisráðherra, bréf þar sem beðið var um að fallið yrði frá veglagningu við vatnið. Gísli Már Gíslason prófessor segist þá ekki hafa fengið nein svör. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## MEÐAL ÞEIRRA FRÆÐIMANNA SEM SKRIFUÐU UNDIR MÓTMÆLI TIL RÁÐHERRA VORU:

**Háskóli Íslands:**
Dr. Gísli Már Gíslason, prófessor í vatnalíffræði
Dr. Arnþór Garðarsson, prófessor í dýrafræði
Dr. Sigurður Snorrason, prófessor í þroskunarfræði

**Hólaskóli – Háskólinn á Hólum í Hjaltadal**
Dr. Skúli Skúlason rektor
Dr. Helgi Thorarensen lífeðlisfræðingur
Dr. Stefán Óli Steingrímsson dýrafræðingur
Bjarni K. Kristjánsson MS dýrafræðingur

**Náttúrufræðistofa Kópavogs**
Dr. Hilmar Malmquist forstöðumaður
Þóra Hrafnsdóttir MSc dýrafræðingur
Haraldur R. Ingvason MS vatnalíffræðingur
Finnur Ingimarsson líffræðingur
Stefán Már Stefánsson MS líffræðingur

**Orkustofnun**
Dr. Hákon Aðalsteinsson vatnalíffræðingur
Dr. Freysteinn Sigurðsson vatnafræðingur

**Veiðimálastofnun**
Dr. Jón S. Ólafsson vatnalíffræðingur


Er staða þorsksins og sjávarbyggða...

KVÓTAKERFINU AÐ KENNA?

Sal 101 í Odda, Háskóla Íslands
Fimmtudaginn 30. ágúst 2007



DAGSKRÁ

| | |
|---|---|
| 16:15 | Þorskveiðiheimildir 1977-2007<br>*Helgi Áss Grétarsson, Lagastofnun Háskóla Íslands* |
| 16:35 | Kvótakerfi og fiskveiðistjórn<br>*Ragnar Árnason, prófessor við Háskóla Íslands* |
| 16:55 | Kaffihlé |
| 17:10 | Þróun byggðar við sjávarsíðuna<br>*Sveinn Agnarsson, Hagfræðistofnun Háskóla Íslands* |
| 17:30 | Byggðastefna og atvinnurekstur<br>*Ásgeir Jónsson, Kaupþingi* |
| 17:50 | Fyrirspurnir og umræður |

Gert er ráð fyrir að fundi ljúki eigi síðar en kl. 18:30

Nánari upplýsingar á **www.rse.is**
*Rannsóknarmiðstöð um samfélags- og efnahagsmál*
RSE



# Frábærar úlpur fyrir veturinn



40% afsláttur

~~25.700 kr.~~
Þórsmörk, dúnúlpa
15.420 kr.

ÚTSÖLUMARKAÐUR

66° NORÐUR

Faxafeni 12, Reykjavík • Glerárgötu 32, Akureyri. Opið 9-18 virka daga, 10-18 laugardag og 13-17 sunnudag. www.66north.is

# Sportbúðin

## Sérverslun skotveiðimannsins






**Stoeger 2000 Synthetic**
hálfsjálfvirk, bakslagsskift byssa með snúningsboltanum frá Benelli og skiptibúnaði frá Franchi.
26" hlaup, 5 þrengingar, ólarfestingar og byssupoki. Stoeger er í eigu Beretta.
**Aðeins 54.900.- stgr. eða vaxtalausar raðgreiðslur til 12 mánaða.**



**Stoeger 2000 Standard**
Hálfsjálfvirk, bakslagsskift byssa með snúningsboltanum frá Benelli og skiptibúnaði frá Franchi.
26" hlaup, 5 þrengingar, ólarfestingar og byssupoki. Stoeger er í eigu Beretta.
**Aðeins 56.900.- stgr eða vaxtalausar raðgreiðslur til 12 mánaða.**



**Stoeger 2000 Camo**
Hálfsjálfvirk, bakslagsskift byssa með snúningsboltanum frá Benelli og skiptibúnaði frá Franchi.
26" hlaup, 5 þrengingar, ólarfestingar og byssupoki. Stoeger er í eigu Beretta.
**Aðeins 62.900.- stgr. eða vaxtalausar raðgreiðslur til 12 mánaða.**



**Stoeger P350 Camo**
Pumpa með snúningsboltanum frá Benelli. 26" hlaup, 3 þrengingar og byssupoki.
Stoeger er í eigu Beretta.
**Aðeins 39.900 stgr. eða vaxtalausar raðgreiðslur til 12 mánaða.**



**Beretta ES Synthetic**
Hálfsjálfvirk, bakslagsskift byssa frá Beretta. 26" hlaup, 3 þrengingar, byssupoki.
**Aðeins 94.900 stgr. eða vaxtalausar raðgreiðslur til 12 mánaða.**



**Beretta ES Standards**
Hálfsjálfvirk, bakslagsskift byssa frá Beretta. 26" hlaup, 3 þrengingar, byssupoki.
**Aðeins 96.900 stgr. eða vaxtalausar raðgreiðslur til 12 mánaða.**

**Viltu gera góð kaup?**
Þá er Sportbúðin búðin þín.
Gott úrval og bæjarins besta verð.
Góð aðkoma og næg bílastæði

SPORTBÚÐIN

**Munið vinsælu gjafabréfin okkar**

**Krókhálsi 5 - Sími 517 8050 - Sportbudin.is**



VERTU ÞÍN EIGIN AUGLÝSINGA-STOFA!

Upplýsingar og skráning: 544 4500 / www.ntv.is

Auglýsingatækni NTV er flott nám fyrir þá sem vilja sjálfir hanna sínar auglýsingar, kynningarefni og bæklinga. Kennt er á þau forrit sem mest eru notuð við auglýsingagerð allt frá hugmynd að fullunnu verki.

Auglýsingatækni

- Adobe Illustrator
- Adobe Photoshop
- Adobe ImageReady
- Adobe InDesign
- Mismunandi gerð kynningarefnis
- Meðferð lita
- Letur og leturfræði
- Skipulag, vistun og frágangur
- Samskipti við fjölmiðla og prentsmiðjur
- Lokaverkefni

156 stundir - Verð: 186.000.-
Kvöldnámskeið byrjar 17. september

ntv

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN – VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI


SR-verktakar þurfa að greiða milljón fyrir óhapp gröfumanns í Einholti:

# Sleit sundur bankaljósleiðara

**FRAMKVÆMDIR** Gröfumaður SR-verktaka varð fyrir því óhappi að slíta í sundur ljósleiðara Reiknistofu bankanna á þriðjudagskvöld.

Um leið brotnaði hitavatnslögn í Einholtinu, en þar hafa verktakarnir unnið að niðurrifi á gömlu Sólarverksmiðjunni síðan í júní.

Viðgerðarmenn Mílu unnu að viðgerðum fram á rauða nótt og tókst þeim að koma ljósleiðaranum saman áður en bankar opnuðu í gærmorgun.

„Við þurfum að borga eitthvað um eina milljón fyrir að láta gera við þennan streng,“ segir Sigurjón Halldórsson, hjá SR-verktökum.



**ÚR EINHOLTINU** Mikið hefur gengið á hér síðustu mánuði. Sólarverksmiðjan, ásamt Golíati, stærsta vélmenni Íslandssögunnar, hafa mátt sæta niðurrifi stórtækra verktaka. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Fyrirtækið sé þó ágætlega tryggt fyrir svona uppákomum og gröfumaðurinn þarf ekki að gjalda þessa. Óhöpp geti alltaf orðið.

Reiknistofa bankanna er með tvo ljósleiðara, svo samband hélst á allan tímann.

Sigurjón segir að minni skaði hafi verið af rofi á heitavatnslögn og fljótlegra að laga hana.

Þeir verktakar búast við að ljúka niðurrifi í Einholtinu upp úr miðjum september, en þar eiga að rísa íbúðir námsmanna.

Sigurjón segir að aðstæður í Einholtinu séu um margt erfiðar. Bæði hafi reynst meira járnvirki í verksmiðjunni en áætlað var og svo sé nauðsynlegt að taka tillit til íbúanna og takmarka vinnutímann. - kóþ

Ásakanir um njósnir fyrir Stasi:

## Lögregla viðurkenni mistök

**FINNLAND, AP Martti Ahtisaari, fyrrverandi forseti Finnlands, sagði í gær að öryggislögreglu landsins hefði væntanlega orðið á mistök er hún sakaði fyrrverandi aðstoðarmann sinn um njósnir fyrir austur-þýsku leyniþjónustuna Stasi á áttunda áratugnum, og ætti að gangast við þeim.**

**Alpo Rusi, sem var ráðgjafi Ahtisaaris í utanríkismálum í forsetatíð hans 1994-1999, hefur haldið fram sakleysi sínu og fer fram á andvirði 44 milljóna króna í miskabætur eftir rannsókn öryggislögreglunnar á sér, en mikið mál var gert úr rannsókninni í finnskum fjölmiðlum. Hann var aldrei ákærður.** - aa



**LÖGREGLAN Á STAÐNUM** Lögreglan sést hér handtaka manninn og færa hann inn í lögreglubíl. Óeinkennisklæddir lögreglumenn í skotheldum vestum komu á staðinn.

# Byssumaður hótaði granna

**Íbúi í Hafnarfirði hótaði að skjóta með haglabyssu fjarstýrðan bensínbíl 23 ára pilts. Hann var að prufukeyra bílinn. Lögreglan handtók manninn.**

**LÖGREGLUMÁL** „Ég varð skíthræddur og hljóp inn,“ segir Gunnar Þór Gunnarsson, íbúi að Hverfisgötu í Hafnarfirði.

Að sögn Gunnars hótaði nágranni hans að skjóta fjarstýrðan bensínbíl sem Gunnar var að prufukeyra í götunni á sunnudagskvöldið.

„Ég var að stilla gírana á bílnum og fór með hann út á götu og keyrði hann í um fimm mínútur. Ég var fyrir framan húsið hjá þessum manni með bílinn við fæturna þegar hann kom út með haglabyssuna og hótaði að skjóta bílinn ef ég dræpi ekki á honum. Því næst hótaði hann að hringja í lögregluna út af mér,“ segir Gunnar sem brá á það ráð að hringja sjálfur í lögregluna.

„Maður veit ekkert hvað hefði gerst ef ég hefði ekki slökkt á bílnum um eins og hann sagði. Ég var búinn að prufa stillingarnar og var á leiðinni inn hvort sem var.“

Óeinkennisklæddir lögregluþjónar komu um 25 mínútum síðar að sögn Gunnars. Þeir lögðu bílnum í hvarfi skammt frá og komu gangandi að húsinu.

„Ég sá ekki almennilega hvernig þeir athöfnuðu sig en um korteri síðar kom merktur lögreglubíll og stöðvaði við húsið,“ segir hann.

Að sögn Gunnars kom lögreglan með þrjár byssur úr húsinu og fór með í lögreglubílinn. Skömmu síðar var farið með manninn í lögreglubílinn og keyrt á brott.

Gunnar segir að sér hafi ekki verið sama á meðan þessu stóð og að hann hafi fengið sjokk.

„Ég hef ekki náð að sofna almennilega eftir að þetta gerðist. Ég sé bara manninn með byssuna þegar ég loka augunum.“

Varðstjóri hjá lögreglunni staðfesti að lögreglan hefði verið kölluð í götuna á sunnudagskvöldið. Hann sagði að málið væri í rannsókn og vildi að öðru leyti ekki tjá sig um það.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var maðurinn undir áhrifum áfengis. Hann var látinn sofa úr sér og sleppt að loknum yfirheyrslum á mánudaginn. andriv@frettabladid.is


Pottadagar í MEST



Öllum pottum frá MEST fylgir ríflegur kaupauki að verðmæti 70.000 kr. dagana 27.-31. ágúst.



- Hreinsiefni
- Útisturta
- Sundvesti
- Spil
- Handklæðahengi
- Digital hitamælir

Meðan birgðir endast



ENNEMM / SÍA / NM29058

Opnunartími: Mán. - fös. kl. 8-18.

Norðlingabraut 12, Norðlingaholti, Reykjavík
Sími 4 400 400 / Fax 4 400 401
mest@mest.is / www.mest.is

mest – allt til byggingа

Við stækkum ört



Spennandi störf í boði

www.IKEA.is

IKEA

Órói á fjármálamörkuðum hefur lítil áhrif á væntingar:

# Bjartsýnin ríkjandi

**VIÐSKIPTI** Íslenskir neytendur láta ekki óróa á fjármálamörkuðum draga úr sér þrótt. Telja þeir raunar núverandi ástand í efnahags- og atvinnumálum afar gott.

Þetta er meðal þess sem lesa má úr væntingavísitölu Gallups og segir frá í Morgunkorni Glitnis. Vísitalan mælist nú 126,3 stig og hækkar milli mánaða um hálft annað stig. Vísitalan fyrir mat á núverandi ástandi mælist 172,4 stig og hefur aðeins einu sinni verið hærri.

Dæmið snýst við þegar neytendur líta til sex mánaða. Sú vísitala mælist nú 95,6 stig. Mælist hún undir hundrað stigum þýðir það að fleiri svara neikvætt en jákvætt.

Þá hefur dregið úr fylgni á milli þróunar væntingavísitölunnar og gengis krónunnar samkvæmt Morgunkorninu. Þannig lækkaði væntingavísitalan talsvert í júlí samfara styrkingu krónunnar. Gengisfall krónu í ágúst, sem var hvað hraðast meðan mælingar Gallups stóðu yfir, virðist svo ekki hafa haft áhrif á svör neytenda.

**- hhs**



**BJARTSÝNIR** Íslenskir neytendur telja núverandi ástand í efnahags- og atvinnumálum afar gott.


# Átt þú 2 manna Buggy?

**Óska eftir að kaupa 2 manna Buggy. Þarf helst að vera beinskiptur en er tilbúinn að kíkja á allar tegundir. Nánari upplýsingar í síma 896 0404.**






**SKÓGARELDUR Í GRIKKLANDI** Evrópusambandið vill styrkja viðbrögðin. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Náttúruhamfarir í Evrópu:

# ESB undirbýr viðbragðshópa

**EVRÓPUSAMBANDIÐ, AP** Evrópusambandið hyggst koma sér upp föstum viðbragðshópum til að takast á við náttúruhamfarir á borð við skógareldana í Grikklandi og flóðin í Englandi í sumar.

Framkvæmdastjórn ESB hyggst kynna tillögur um þetta síðar á þessu ári.

„Við höfum staðið okkur vel, en við gætum bætt okkur og við erum að skoða leiðir til að bæta okkur í slökkvistarfi," segir Barbara Helfrich, talskona framkvæmdastjórnarinnar.

Árið 2001 kom Evrópusambandið sér upp skrifstofu í Brussel til að skipuleggja viðbrögð, en hugmyndin er að hafa hóp manna í hverju landi sem geti brugðist við með stuttum fyrirvara.

**- gb**



**FÍKN** Afganskir fíklar neyta heróíns í borginni Ghazni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ástandið í Afganistan:

# Ópíumrækt eykst stjórnlaust

**AFGANISTAN, AP** **Ópíumrækt í Afganistan hefur stóraukist á árinu. Milljarða Bandaríkjadala velta er af viðskiptum með uppskeruna, sem notuð er til heróínframleiðslu. Þeir sem reka þessi viðskipti eru talibanar og spilltir embættismenn ríkisstjórnar Hamids Karzais forseta. Þetta er fullyrt í nýrri skýrslu Eiturlyfja- og glæpastofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNODC.**

**Að sögn skýrsluhöfunda er ópíum nú ræktað á 193.000 hektörum lands í Afganistan, sem er 17 prósent aukning frá fyrra ári, og þar eru framleidd 93 prósent af heimsframleiðslunni.**

**- aa**





Spútnikk fer hring í kringum jörðina.

Kalli byrjar í barnaskóla.




Elvis Presley og Priscilla setja upp hringana.

Kalli byrjar í menntaskóla.




Hreinn Halldórsson verður Evrópumeistari í kúluvarpi innanhúss.

Dóra litla kemur í heiminn.




Kýrin Harpa syndir rúmlega 2 kílómetra þvert yfir Önundarfjörð.

Kalli fær deildarstjórastöðu.




Bandaríska geimfarið Könnuður lendir á Mars.

Kalli stofnar sitt eigið fyrirtæki.
Dóra verður stúdent.




Síðasta bókin um Harry Potter kemur út.

Fyrst á hverjum morgni í 50 ár

Cheerios
Mikilvægasta máltíð dagsins

## Gleðilegar ræstingar
– og farsælan vinnudag!

Á tilboði í ágúst 2007
Öflugar gólfþvottavélar frá TASKI



**TASKI swingo 450 B**
Einstaklega lipur vél sem hentar á svæðum þar sem aðkoma er þröng. Vél sem kemur á óvart!
**Raunhæf afköst 450 m²/klst**
Reiknuð afköst 1250m²/klst
**399.384 kr.**

**TASKI swingo 750 B**
Lítil og nett, en afkastamikil vél með innbyggðu hleðslutæki sem hindrar afhleðslu rafgeyma.
**Raunhæf afköst 750 m²/klst**
Reiknuð afköst 1935m²/klst
**499.396 kr.**

Eigum einnig til notaðar vel meðfarnar TASKI gólfþvottavélar, nýkomnar úr 3ja ára rekstrarleigu frá viðskiptavinum RV. Tækifæri til að gera ótrúlega góð kaup.

**Rekstrarvörur**
*- vinna með þér*
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is
UniqueRV 070702


Umsóknum í Kennaraháskólann fjölgar um tíu prósent síðan í fyrra:

# Mikill áhugi á kennaranámi

**MENNTUN** „Af fimmtán hundruð umsóknum eru 932 sem komast að í grunn- og framhaldsnámið. Um fimmhundruð umsóknum er hafnað,“ segir Kolbrún Hrafnsdóttir, verkefnastjóri kynningarmála hjá Kennaraháskóla Íslands.

Tæplega fimmtán hundruð umsóknir bárust til Kennaraháskóla Íslands í ár. Í grunnnám bárust 995 umsóknir og í framhaldsnám bárust 495 umsóknir. Umsóknir í grunnnám í grunnskólakennarafræði, leikskólakennarafræði, íþróttafræði, tómstunda- og félagsmálafræði og þroskaþjálfafræði voru 873 og fjölgaði um tíu prósent frá því í fyrra. Mest fjölgaði umsóknum í leikskólakennarafræði og þroskaþjálfafræði. Helmingi fleiri hefja nám í leikskólakennarafræði nú en í fyrra, eða 109 í ár á móti 53 í fyrra.



**VINSÆLL KENNARAHÁSKÓLI** Nýnemar Kennaraháskólans í hópefli á Miklatúni.

Umsóknum um fjarnám fjölgar töluvert í ár. „Kennaraháskólinn hefur verið í fararbroddi í fjarnámi á landinu. Öll umgjörð utan um fjarnámið er mjög góð.“ Kolbrún segir þau hafa fundið fyrir mikilli þörf á fjarnámi og þá sérstaklega fyrir þá sem búa úti á landi og fyrir þá sem stunda vinnu með náminu. „Rúmur helmingur nemenda okkar stundar nám í fjarnámi,“ segir Kolbrún en 2.700 nemendur eru nú skráðir í skólann. **- lbb**

# Gül heitir að virða hin veraldlegu gildi

**Hinn trúarlega sinnaði stjórnarflokkur Tyrklands fagnaði mikilvægum sigri í gær er frambjóðandi hans, Abdullah Gül utanríkisráðherra, var kjörinn forseti lýðveldisins. Hann hét því að virða veraldlegar hefðir þess og gæta hlutleysis.**

**TYRKLAND, AP** Sanntrúaður múslimi með rætur í stjórnmálahreyfingu sem vill blanda íslamstrú í stjórnmálin var í gær kjörinn forseti Tyrklands. Kjör hans markar mikinn sigur fyrir hinn trúarlega sinnaða stjórnarflokk, Réttlætis- og þróunarflokkinn (AKP), eftir mánaðalanga togstreitu við veraldarhyggjusinna í hinni rótgrónu stjórnmálaelítu landsins.

Abdullah Gül hlaut 339 atkvæði í þriðju og síðustu atkvæðagreiðslulotunni á tyrkneska þjóðþinginu í Ankara. Er þingforsetinn, Koksal Toptan, tilkynnti þetta braust út mikið lófatak í salnum.

Eftir að hafa svarið embættiseið sem ellefti forseti tyrkneska lýðveldisins bar Gül í ávarpi lof á hið veraldlega stjórnkerfi landsins og hét að hafa hin veraldlegu gildi þess í heiðri.

„Veraldarhyggja – ein af grundvallarreglum lýðveldis okkar – er forsenda fyrir félagslegum friði og er jafnframt frelsandi snið fyrir ólíkan lífsstíl,“ sagði Gül. „Svo lengi sem ég verð forseti mun ég líta á mig sem fulltrúa allra borgara lýðveldisins jafnt. Ég mun gæta hlutleysis af ítrustu gætni.“

Kjör Güls fór fram daginn eftir að yfirmaður tyrkneska heraflans birti afdráttarlausa viðvörun um að veraldlegum gildum lýðveldisins væri ógnað. Herinn hefur steypt fjórum ríkisstjórnum í landinu frá því árið 1960, í nafni þess að standa vörð um þessi gildi. Framboð Güls til forseta fyrr á árinu mætti mikilli andstöðu – meðal annars á milljón manna mótmælafundi – vegna ótta um að hann vildi grafa undan hinum veraldlegu hefðum ríkisins. Það var ekki síst vegna forsetakjörskreppunnar í vor sem Recep Tayyip Erdogan boðaði til þingkosninga í sumar, sem lyktaði með öðrum stórsigri flokks hans.

„Þjóð vor hefur horft upp á hegðun þessara aðskilnaðarsinna sem geta ekki sætt sig við einhyggjueðli ríkisins, og miðstöðva hins illa sem með kerfisbundnum hætti reyna að grafa undan veraldlegu eðli tyrkneska lýðveldisins,“ skrifaði Yasar Büyükanit, yfirmaður heraflans, í orðsendingu sem birt var á vef hersins í fyrradag.

Erdogan forsætisráðherra og náinn samherji Güls fagnaði kjöri hans. Hamingjuóskir bárust einnig frá leiðtogum Evrópusambandsins og víðar að úr heiminum. Sem utanríkisráðherra hefur Gül verið í forystu fyrir undirbúningi Tyrklands að inngöngu í Evrópusambandið. **audunn@frettabladid.is**





Alvöru námskeið í vefsíðugerð þar sem farið er í alla mikilvægustu þætti vefhönnunar s.s. útlitshönnun, myndvinnslu, HTML-kóðun, gagnagrunnsfræði, Javascript, uppsetningu og viðhald bæði minni og stærri tölvukerfa.

Mikil áhersla er lögð á verklegar æfingar og í lok námskeiðs ætti nemandi að hafa lokið við eigin vef frá hugmynd að fullunnu vefsvæði.

***Námskeiðinu er skipt í þrjá hluta:***
1. Myndvinnsla fyrir vefinn með Fireworks
2. Almenn vefsíðugerð með Dreamweaver
3. Gagnagrunnstengd vefsíðugerð með Dreamweaver

**210 stundir - Verð: 199.000.-**
Kvöld- og helgarnámskeið
byrjar 18. september

ntv

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN – VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI


Dæmi um mæður sem sækja um pláss hjá dagforeldri fyrir ófædd börn sín:

# Átta dagforeldrar í Vesturbæ

**VINNUMARKAÐUR** „Við erum með átta dagforeldra sem hafa leyfi,“ segir Svanhvít Guðjónsdóttir, daggæslufulltrúi í Vesturgarði, þjónustumiðstöð Vesturbæjar. Svæðin sem heyra undir Vesturgarð eru póstnúmerin 107 og hluti af 101.

Svanhvít segir dagforeldrana á þessu svæði vera tiltölulega fáa miðað við fjölda íbúa. „Við erum alltaf að reyna að fjölga dagforeldrum með ýmsum leiðum. Við erum til dæmis með námskeið tvisvar á ári fyrir nýja dagforeldra og reynum að auglýsa það víða í hverfinu.“

Svanhvít segir erfitt að benda á eina skýringu á fáum dagforeldrum í Vesturbænum. „Dagforeldrarnir sem fyrir eru eru konur með háan starfsaldur. Ein dagmóðir hefur bæst við á síðustu þremur árum.“ Svanhvít segir að í fyrravetur hafi öll pláss verið full hjá þeim. „Þær voru búnar að fylla öll plássin um vorið fyrir haustið. Þær hafa sagt mér að mæður séu að sækja um pláss fyrir nýfædd börn sín og jafnvel á meðan þær eru enn þá ófrískar.“

Svanhvít bendir á að á móti komi að á svæðinu séu sex einkareknir leikskólar fyrir yngri börn og þeir mæti þörfum þessa aldurshóps en þrír af þessum leikskólum eru fyrir börn frá aldrinum sex mánaða til tveggja ára. **- lbb**

**STARFANDI DAGFORELDRAR Á ÞJÓNUSTUSVÆÐUM REYKJAVÍKURBORGAR**

- Vesturgarður, þjónustumiðstöð í Vesturbæ, **8 dagforeldrar**
- Þjónustusvæði Miðborgar og Hlíða, **13 dagforeldrar**
- Þjónustumiðstöð fyrir Laugardals- og Háaleitishverfi, **44 dagforeldrar**
- Þjónustumiðstöð Breiðholts, **46 dagforeldrar**
- Þjónustumiðstöð fyrir Árbæ og Grafarholt, **28 dagmæður**
- Miðgarður, þjónustumiðstöð fyrir Grafarvog og Kjalarnes, **35 dagforeldrar**


**Auglýsingasími**
512 50 50
– Mest lesið





**Í SAMBANDI** Sadhu-hindúamunkar tala í farsíma við Shri Swaminarayan Mandir-hofið, sem vígt var í Lilburn í Georgíuríki í Bandaríkjunum á sunnudag.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Leitað var að þýsku ferðamönnunum á nýjan leik í gær:

# Leitin bar engan árangur

**LEIT** Leitað var að þýsku ferðamönnunum Mathiasi Hinz og Thomasi Grundt í gær eftir að pokar í þeirra eigu fundust neðst í Svínafellsjökli. Áður hafði leit að þeim verið hætt á sunnudag, en ekkert hefur spurst til mannanna frá því um mánaðamótin.

Á mánudag fundust litlir bakpokar mannanna við göngustíg um 100 metra fyrir neðan jökulröndina. Í kjölfarið var ákveðið að leita betur á því svæði. Aðeins hafði verið leitað úr lofti þar, enda höfðu vísbendingar beint sjónum björgunarmanna upp jökulinn.

Þyrla Landhelgisgæslunnar, TF-EIR, flutti fjóra fjallabjörgunarsveitarmenn að tjaldbúðum mannanna. Þaðan gengu þeir að staðnum þar sem pokarnir fundust. „Leiðin var gengin og metin með það í huga hvaða hættur væru á þessari leið og hvað gæti gerst. Það er okkar mat að það getur eiginlega ekkert gerst á þessari leið, að minnsta kosti ekki svo að báðir mennirnir yrðu úr leik,“ segir Friðrik Jónas Friðriksson, formaður björgunarsveitarinnar á Höfn og einn mannanna fjögurra sem gengu leiðina.

Skilyrði til leitar voru góð og




svæðið var fínkembt. Leitarmenn urðu einskis vísari. Að sögn Friðriks er leitinni aftur lokið nema fram komi fleiri vísbendingar.

- þeb

Íslensk erfðagreining:

# Opinn fyrirlestur hjá ÍE

**HEILSA Í dag mun Dr. Octavi Quintana Trias, yfirmaður heilsurannsóknarsviðs Evrópusambandsins, halda opinn fyrirlestur um evrópskar heilsurannsóknir í fyrirlestrasal Íslenskrar erfðagreiningar að Sturlugötu 8 kl. 16.30. Fyrirlesturinn verður fluttur á ensku.**

**Trias hefur í fimm ár stjórnað þeirri skrifstofu Evrópusambandsins sem hefur umsjón með rammaáætlunum á sviði heilsurannsókna en á árunum 2007-2013 er áformað að verja um sex milljörðum evra í slíkar rannsóknir.**

- sig

Heimilislausir í Japan:

# Leita hælis á netkaffihúsum

**JAPAN, AP** Talið er að meira en fimm þúsund manns sofi að jafnaði í netkaffihúsum í Japan, að því er fram kemur í rannsókn sem þarlend stjórnvöld sendu frá sér í gær.

Sérstaklega er algengt að heimilislaust fólk á þrítugsaldri, sem hvergi á í hús að venda, sofi á næturnar í netkaffihúsum sem eru opin allan sólahringinn.

Sumir í þessum hóp vinna ýmsa íhlaupavinnu, en eiga erfitt með að fá fasta atvinnu vegna þess að þau eiga hvergi skráð lögheimili. Um 40 prósent þeirra hafa stundum þurft að sofa úti.

- gb

**Fyrir heilsuna**



vilborga@centrum.is

magimix
Safapressa

Með Magimix safapressunni má töfra fram girnilega og heilsusamlega drykki með lágmarks fyrirhöfn.

**Verð frá kr.: 23.500**

GJAFABRÉF

EIRVÍK
-hágæðaheimilistæki
Suðurlandsbraut 20, Reykjavík
Baldursnes 6, Akureyri
Sími 588 0200 - www.eirvik.is

**Aðrir söluaðilar:** Kokka, Laugavegi, **Egg**, Smáratorgi **Villeroy & Boch**, Kringlunni, **Líf og list**, Smáralind **Maður lifandi**, Borgartúni og Hæðarsmára

**Fréttablaðið er smáauglýsingablaðið**
PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ – smáauglýsingar sem allir sjá



# skoðun

greinar@frettabladid.is

Öflugar björgunarsveitir sjálfboðaliða eru þjóðarstolt Íslands.

## Þegar kallið kemur

JÓN KALDAL SKRIFAR

Í kjölfar nýrra vísbendinga hófst í gær að nýju leit að þýsku ferðamönnunum sem leitað hefur verið í Skaftafelli. Í fararbroddi við hrikalegar aðstæður á Svínafellsjökli og við rætur hans eru nú sem fyrr sjálfboðaliðar úr björgunarsveitum landsins. Starf þeirra er stórmerkilegt og verður seint ofmetið.

Í nánast öllum byggðarlögum til sjávar og sveita er fólk sem er tilbúið að leggja frá sér hamarinn, standa upp frá lyklaborðinu, taka af sér svuntuna eða hverfa frá öðrum daglegum störfum sínum þegar kallið kemur um að hjálpar sé þörf.

Í raun einkennast störf íslenskra hjálpar- og björgunarsveita af slíkri samkennd með náunga sínum og óeigingirni að við hin, sem ekki tökum þátt í því, getum ekki annað en fyllst lotningu og þakklæti.

Hryggsúlan í sjálfboðaliðastarfinu er Slysavarnafélagið Landsbjörg, sem er landssamtök björgunarsveita og slysavarnadeilda á Íslandi. Með stofnun Landsbjargar árið 1999 urðu til ein stærstu samtök sjálfboðaliða á landinu. Á heimasíðu félagsins kemur fram að innan þess starfi um átján þúsund manns í björgunarsveitum, slysavarnadeildum og unglingadeildum, í alls 242 félagseiningum.

Þessi mikli fjöldi sjálfboðaliða er glæsilegur vitnisburður um íslenska þjóð. Þörfin og frumkvæðið að baki samstöðunni eru sprottin úr grasrótinni.

Í flestum öðrum löndum eru björgunar- og hjálparstörf fyrst og fremst á könnu opinberra aðila, hvort sem það er her, slökkvilið eða lögregla.

Í fámennu landi er gott að geta reitt sig á samtakamátt fjöldans, eins og hefur komið ítrekað fram þegar hamfarir hafa hér riðið yfir, en björgunarsveitirnar innan Landsbjargar eru hluti af kerfi Almannavarna ríkisins.

Fleiri en Íslendingar og erlendir gestir landsins hafa notið góðs af starfi Landsbjargar. Innan félagsins er starfandi alþjóðabjörgunarsveit sem er á viðbragðslista Íslensku friðargæslunnar. Sama ár og sveitin var stofnuð 1999 fór hún til Tyrklands að aðstoða við rústaleit eftir jarðskjálfta og sveitin hefur líka farið í sambærileg útköll til Alsír og Marokkó.

Forsvarsmenn fyrirtækja sýna björgunarsveitarmönnum í starfsliði sínu í flestum tilfellum mikinn skilning og draga fjarvistir vegna leitar- eða björgunarstarfa ekki frá launum þeirra. En rekstur hjálpar- og börgunarsveitanna er kostnaðarsamt fyrirtæki. Þær þurfa að eiga og halda við margs konar dýrum tækjum, snjóbílum, snjósleðum, bátum og alls kyns öðrum útbúnaði, auk húsnæðis til að geyma þessi tæki og tól.

Allt þetta er fyrst og fremst kostað með sjálfsaflafé sveitanna og ómældu sjálfboðaliðastarfi. Drýgstur hluti rekstrarfjár sveitanna kemur frá flugeldasölu og ýmsum happdrættum. Þar gefst okkur öllum kostur á að leggja hönd á plóginn.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

†

Lokað

Skrifstofa okkar verður lokuð frá kl: 11:00 fimmtudaginn 30. ágúst vegna jarðarfarar Rolfs Johansen stórkaupmanns.

RJC Rolf Johansen & Company

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Vika til spillis

Síðasta vika var undirlögð af fréttum um yfirdráttarlán heimilanna eftir að greint var frá að þau væru í sögulegu hámarki. Margir supu hveljur og af þessu vafasama meti voru stórar ályktanir dregnar um íslenska þjóðarsál, neysluæði tíðarandans, botnlausa græðgi bankanna og þar fram eftir götunum. Nú hefur hins vegar komið á daginn að hækkunin var ofmetin. Yfirdráttarlánin eru álíka há og í upphafi árs og ekki í sögulegu hámarki, þótt drjúg séu. Þar fór vikuskammtur af þjóðfélagsumræðu og andköfum fyrir lítið.



### Hettupeysan blífur

Jón Axel Ólafsson bloggari kynnir niðurstöður sínar eftir að hafa fylgst „grannt með fréttum í sumar og í leið með fréttamönnum og konum". Fróðlegt er að sjá að kynin virðast sæta ólíkri skoðun af hans hálfu, til dæmis hrósar hann tveimur fréttamönnum Stöðvar 2 sérstaklega, þeim Sighvati Jónssyni og Jóni Erni Guðbjartssyni, meðal annars fyrir framsetningu á fréttum. Gott er að vita til þess að Jón Axel er farinn að láta efnistök fréttamanna varða sig meira en klæðaburð þeirra. Ekki er langt síðan hann agnúaðist út í Lillý Valgerði Pétursdóttur fyrir að sýna starfinu ekki tilhlýðilega virðingu með því að segja fréttir íklædd gallabuxum. Annar þeirra sem hann mærir nú, Jón Örn, hefur hins vegar átt til að flytja fréttir klæddur brúnni hettupeysu, jafnvel í hátimbruðum málum. Það virðist þó ekki koma að sök. Þegar strákarnir eiga í hlut virðast skæðin vera aukaatriði.



bergsteinn@frettabladid.is

# Mat á vatnsréttindum



ÞORSTEINN HILMARSSON

**Í DAG** | Vatnsréttindi vegna Kárahnjúka

Helsta gagnrýni á úrskurð matsnefndar um greiðslur til vatnsréttarhafa sem tengjast Kárahnjúkavirkjun hefur falist í eftirfarandi:

- Bæturnar sem matsnefndin ákvað séu of lágar.
- Landsvirkjun hafi átt að leggja til grundvallar hærra verð fyrir vatnsréttindin í kostnaðaráætlunum fyrir virkjunina og bjóða fram hærri greiðslur fyrir vatnsréttindin en raun varð á.
- Virði vatnsréttindanna sé ranglega metið út frá verði raforku til stóriðju því að hærra verð fengist ef þetta rafmagn væri selt á almennum markaði.
- Eðlilegt hafi verið að ganga frá samningum við vatnsréttareigendur fyrirfram.

**Bótafjárhæðin**

Lítum fyrst á upphæð bótanna og hvort Landsvirkjun hefði átt að ganga út frá hærra mati á vatnsréttindunum. Úrskurður matsnefndarinnar er um tvöfalt hærri en uppreiknaðar greiðslur fyrir vatnsréttindi eins og þau voru metin í Blöndu, sem er nærtækasti samanburðurinn í þessu efni. Það hefði verið afar óeðlilegt af hálfu Landsvirkjunar að styðjast í kostnaðarútreikningum og tilboðum til vatnsréttarhafa við annað en fordæmi frá Blönduvirkjun. Það er ekki fyrirtækisins að leggja fram hugmyndir um hvernig markaðsaðstæður og breyttir tímar hafi áhrif til hækkunar frá því sem áður gilti. Það var hlutverk matsnefndarinnar og hún gerði einmitt það í úrskurði sínum. Lætur nærri að mat hennar tvöfaldi uppreiknað virði vatnsréttindanna frá þessu fordæmi. Þetta er kjarni málsins þegar meta skal hvort greiðslurnar teljist háar eða lágar. Kröfur sumra vatnsréttarhafanna um að meta vatnsréttindin upp á 60 til 93 milljarða voru að líkindum settar fram í öðrum tilgangi en sem raunhæft mat á virði þeirra.

**Bætur miðast við stóriðjuverð**

Ætti eðlilegt verð fyrir vatnsréttindin að endurspegla mögulega sölu raforkunnar úr Kárahnjúkavirkjun á almennum markaði þar sem verð er hærra en til stóriðju? Því er til að svara að það er algerlega óraunhæft að virkja jökulsárnar norðan Vatnajökuls fyrir almennan markað. Ef virkjað yrði fyrir þann markað þyrfti að gera ráð fyrir því að aukning á almenna markaðnum leiddi til fullnýtingar á virkjuninni. Rafmagnsnotkun á almennum markaði eykst um 60 gígawattstundir á ári. Kárahnjúkavirkjun getur framleitt um 4.600 gígawattstundir á ári. Ef hún yrði notuð fyrir almennan markað tæki það 75-80 ár að fullnýta virkjunina og á meðan væri ekki pláss fyrir neina aðra nýja framleiðendur á markaði. Lengst af yrði virkjunin langt frá því að fullnýtast og safnaði þess vegna upp fjármagnskostnaði sem engar tekjur kæmu á móti. Þetta leiddi til hærra kostnaðarverðs á rafmagninu og vonlausrar samkeppnisstöðu. Þess vegna er óraunhæft að reikna greiðslur fyrir vatnsréttindi Kárahnjúkavirkjunar á sömu forsendum og fyrir t.d. nýja smávirkjun. Það er grunnur að hagkvæmri nýtingu stórra og meðalstórra virkjana á Íslandi að stór kaupandi að framleiðslunni fáist strax frá upphafi rekstrar.

**Samkomulag um málsmeðferð**

Átti Landsvirkjun að semja fyrirfram um vatnréttindin? Staðreyndin er að vatnsréttarhafar og Landsvirkjun unnu að því í meira en tvö ár að komast að samkomulagi um þá málsmeðferð að matsnefnd úrskurði um greiðslur og að síðan geti menn leitað til dómstóla ef þeir eru óánægðir með niðurstöðuna. Þetta voru frjálsir samningar og sameiginleg niðurstaða málsaðila. Það eru nálægt 100 jarðir sem eiga vatnsréttindi sem tengjast Kárahnjúkavirkjun og eigendurnir eru mun fleiri en tala jarðanna. Það er alveg ljóst að samningar við hvern og einn um vatnsréttindin væru ómarkvissari og tækju mun lengri tíma en þau vinnubrögð sem viðhöfð voru. Við gerð kostnaðaráætlunar um virkjunina og samninga um raforkusöluna gerði Landsvirkjun ráð fyrir greiðslum fyrir vatnsréttindin í samræmi við uppreiknuð fordæmi. Þess var ennfremur gætt að borð væri fyrir báru hvað varðar arðsemi verkefnisins. Enda kemur á daginn að þótt greiðslur fyrir vatnsréttindin nemi um milljarði umfram það sem Landsvirkjun gerði ráð fyrir í útreikningum sínum, þá breytir hún ekki því að Kárahnjúkavirkjun stenst eftir sem áður þá arðsemiskröfu sem gerð var af eigendum fyrirtækisins.

**Kjarni málsins**

Þegar allt er skoðað verður ekki annað séð en að bótafjárhæðin sem matsnefndin ákvað sé rífleg í ljósi fyrirliggjandi fordæma og að eðlilegt hafi verið að miða bæturnar við sölu raforkunnar til stóriðju en ekki forsenda virkjunar ánna sem um ræðir. Loks liggur fyrir að allir aðilar féllust fyrirfram og í frjálsum samningum á að nota þá aðferð sem viðhöfð var.

*Höfundur er upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar.*

# Hvað er að gerast í Palestínu?

**UMRÆÐAN**

Hjálparstarf kirkjunnar



LYDIA GEIRSDÓTTIR

Langvarandi neyð Palestínumanna er vel þekkt en undanfarna mánuði hefur ástandið versnað og er áætlað að meirihluti Palestínumanna þurfi neyðaraðstoð. Á Vesturbakkanum hefur lífskjörum manna hrakað með efnahagslegum refsiaðgerðum Ísraelsmanna. Tilkoma múrsins og hundruða eftirlitsstöðva hafa gert fólki nær ómögulegt að starfa, leita sér þjónustu s.s. heilsugæslu eða sækja nám. Atvinnuleysi er þess vegna orðið allt að 70% og hefur fólk nánast enga möguleika á að afla sér annarra tekna. Um 20% Palestínumanna töldust undir fátæktarmörkum árið 1998, en nú, árið 2007, hefur þeim fjölgað í 78%. Manneskjur búa við lífskjör sem ekki eru mannsæmandi og margir hafa misst von um það að umheimurinn viðurkenni neyð þeirra og komi þeim til hjálpar.

Hjálparstarfi kirkjunnar hefur borist neyðarbeiðni frá ACT/Alþjóðaneyðarhjálp kirkna, vegna aðstæðna íbúa Palestínu. Til þess að mæta þessari þörf hefur Hjálparstarfið óskað eftir 15 milljóna króna stuðningi utanríkisráðuneytisins til þess að fjármagna þessa beiðni.

ACT leggur áherslu á að gefa verst settu fjölskyldunum á Vesturbakkanum og Gaza mataraðstoð og mikil áhersla verður lögð á að styrkja heilbrigðisþjónustu á þessum svæðum. ACT ætlar að sinna heilsugæslu fyrir meira en 2.300 konur og börn á mánuði. Greiða á læknis- og lyfjakostnað fyrir 500 langtímasjúklinga. Í þeim hópi eru börn, konur og karlar sem þjást af öllu frá sykursýki til krabbameins og nú fá ekki lífsnauðsynlega þjónustu.

Hjálparstarf kirkjunnar álítur það skyldu sína að bregðast við neyð, að sýna náunganum kærleika hvar sem hann er staddur. Það felst ekki í okkar hlutverki né í okkar getu að hafa áhrif á deilur stjórnmálamanna. Við gefum hungruðum mat og þyrstum vatn. En að auki getum við Íslendingar með okkar stuðningi gefið íbúum Palestínu von um að þeir séu ekki einir, að við sjáum og viðurkennum neyð þeirra. Við gerum það með því að bregðast við neyðarbeiðni þeirra og koma þeim til hjálpar.

*Höfundur er verkefnastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar.*

# Fjölbreytt nám á haustönn

**Computer and office courses for beginners and advanced users**

**María Björk Guðmundsdóttir**
**Skrifstofustjóri Hive á Akureyri**

„Tölvu- og skrifstofunámið hjá Tölvuskólanum Þekkingu var fróðlegt, fjölbreytt, skemmtilegt og umfram allt mjög gagnlegt.
Ég var í vinnu samhliða náminu og strax í byrjun gat ég nýtt mér þekkingu úr skólanum í starfi mínu. Kennararnir voru líka alveg frábærir og skiluðu sínu í tímum og því var ekki mikið um heima-nám. Góður skóli, gott starfsfólk, góð menntun.“



## Tölvu- og skrifstofunám

Sérlega viðamikið og hagnýtt nám í takt við þarfir markaðarins, nám sem hentar fólki á öllum aldri, hvort sem það er á leiðinni út á vinnumarkaðinn að nýju eða vill skapa sér sterkari stöðu á vinnumarkaði með aukinni menntun. Hentar einnig vel sjálfstætt starfandi atvinnurekendum sem vilja vera sem mest sjálfbjarga í allri tölvuvinnu og við bókhaldið.
Að námi loknu eiga þátttakendur að geta unnið sjálfstætt við öll almenn skrifstofustörf og sem öflugir tölvunotendur í öllum helstu skrifstofuforritunum, sem ritarar eða í bókhaldi.
Kennd er ein námsgrein í senn sem lýkur með prófi eða verkefni, tölvugreinunum lýkur flestum með alþjóðlegri prófgráðu.

**Tölvugreinar:**
Windows XP tölvugrunnur og skjalavarsla, Word, Excel, Internetið, MSN og Outlook tölvupóstur, dagbók og skipulag.

**Margmiðlun:**
PowerPoint glærukynningar, Stafrænar myndavélar og stafrænar myndir í tölvu, tónlist í tölvunni og spilurum, brennsla CD og DVD diska.

**Persónuleg færni:**
Tjáning og framkoma, atvinnuumsóknir, atvinnuviðtöl og ferilskrár, sölutækni og markaðsmál. Verslunarbréf, íslensk og ensk.

**Viðskiptagreinar:**
Verslunarreikningur, VSK meðferð og reglur, bókhald, tölvubókhald í Navision og tollskýrslur.

Hefst 5. september. Kennt er þrisvar í viku og er boðið upp á morgun og kvöldhópa. Sjá stundaskrá á heimasíðu skólans.
Lengd: 260 std. - Námið er metið til eininga. Verð: 199.000,-
Allar kennslubækur og námsgögn innifalin.

## Annað starfsnám

**Tölvu- og bókhaldsnám**
200 stundir Verð kr. 153.000,- Morgun og kvöldnámskeið. Hefst 25. september í Reykjavík og 5. september á Akureyri.

**Tollskýrslugerð**
21 stund. Verð kr. 28.000,- Hefst 11. september.

**Bókhald 1**
Hagnýtt 100 std. Bókhaldsnámskeið fyrir byrjendur í bókhaldi. Verslunarreikningur, VSK, bókhaldsgrunnur og tölvubókhald í Navision. Verð kr. 94.000,- Morgun og kvöldhópar.

**Bókhald 2**
32 std. námskeið fyrir þá sem lokið hafa bókhaldi 1 eða hafa bókhaldsreynslu. Morgun og kvöldnámskeið. Verð kr. 36.000,-

## Vefsíðugerð – grunnur

Vinsælt námskeið ætlað byrjendum í vefsmíði og fólki sem vill koma sér upp einfaldri og þægilegri heimasíðu með sérstakri áherslu á myndgerð og myndnotkun á heimasíðunni.
Kennt er á algengustu forritin sem notuð eru til vefsmíða og myndvinnslu fyrir vefinn Dreamweaver og Photoshop.
Í lok námskeiðs eiga þátttakendur að vera færir um búa til frambærilega heimasíðu fyrir sjálfan sig eða lítil fyrirtæki til kynningar á Netinu og kunna skil á uppfærslu og umsjón hennar.

Lengd 47 std. Verð kr. 49.000,-
Allt kennsluefni innifalið

## Námskeið í september

**Sjá nánari lýsingu og stundaskrá á heimasíðu skólans.**

**Byrjendanámskeið**
42 stundir. Verð kr. 32.900,- Morgun og kvöldnámskeið. Hefst 3. september.

**Almennt tölvunám**
63 stundir. Verð kr. 39.900,- Morgun- og kvöldnámskeið. Hefst 6. september í Reykjavík og 5. september á Akureyri.

**ECDL – tölvunám**
ECDL Startskírteini. 84 stundir. Verð kr. 65.000. Morgun- og kvöldnámskeið.
Hefst 25. september í Reykjavík og 5. september á Akureyri.

**Vefsíðugerð – framhald**
31 stund. Dreamweaver, HTML og Javascript.
Verð kr. 32.000,- Hefst 8. október

**MCP XP**
60 stundir. Verð kr. 88.900,-
(Með prófinu). Tvö kvöld í viku.
Hefst 27. september. Eingöngu í boði á haustönn í Reykjavík.

**MCSA**
240 stundir. Verð kr. 290.000,-
(Með 4 prófum). Tvö kvöld í viku.
Hefst 27. september. Eingöngu í boði á haustönn í Reykjavík.



TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING
REYKJAVÍK & AKUREYRI
FAXAFEN 10 | 108 REYKJAVÍK | GLERÁRGATA 36 | 600 AKUREYRI | WWW.TSK.IS | SKOLI@TSK.IS | SÍMI: 544 2210



†

*Ástkær eiginmaður minn, stjúpfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sigurdór Hermundarson,**

Berjavöllum 2, Hafnarfirði,

andaðist á Landspítalanum Hringbraut mánudaginn 27. ágúst.

**Sigrún Helga Ólafsdóttir**
**Hlíf S. Arndal** **Jón Sigurðsson**
**Sigrún Arndal** **Sveinn Pálsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær móðir okkar,*

**Hulda Sigmundsdóttir**

kennari frá Þingeyri,

andaðist fimmtudaginn 23. ágúst. Útförin fer fram frá Þingeyrarkirkju laugardaginn 1. september kl. 13.00. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á SÍBS.

**Erla Árnadóttir** **Gústaf Jónsson**
**Guðmundur Árnason** **Kolbrún Sigfúsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Bróðir okkar og mágur,*

**Gunnar Sigurbjörnsson**

Vesturvegi 13, Seyðisfirði,

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað föstudaginn 24. ágúst. Jarðarförin fer fram frá Seyðisfjarðarkirkju laugardaginn 1. september kl. 14.00.

**Gerður Sigurbjörnsdóttir** **Ingólfur Kristjánsson**
**Guðmundur Sigurbjörnsson** **Ingibjörg Svanbergsdóttir**
**Rúnar Sigurbjörnsson** **Pálína Þorvaldsdóttir**
**Jenný Sigurbjörnsdóttir** **Þorgrímur Baldursson**



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Guðmundur Elías Árnason**

fyrrv. aðstoðarbankastjóri,

verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði föstudaginn 31. ágúst, kl 15.00.

**Birna Bertha Guðmundsdóttir** **Pétur Joensen**
**Árni Hrafn Guðmundsson** **Jóhanna Sæmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær móðir okkar, fósturmóðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Lilja Sigrún Óskarsdóttir**

áður til heimilis á Skógtjörn, Álftanesi,

sem lést á Hrafnistu í Hafnarfirði miðvikudaginn 22. ágúst, verður jarðsungin frá Bessastaðakirkju föstudaginn 31. ágúst kl. 13.30.

**Auðbjörg Eggertsdóttir**
**Sigurður Eggertsson**
**Klemenz Eggertsson**
**Erla Stringer**
**og fjölskyldur.**


*Fallegir legsteinar á góðu verði*



*Englasteinar*
*Helluhrauni 10 Hafnarfirði*
*Sími: 565-2566*
www.englasteinar.is


**INGRID BERGMAN LÉST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1982**

*„Hamingjan er góð heilsa og slæmt minni.“*

***Sænska leikkonan Ingrid Bergman hlaut heimsfrægð fyrir leik sinn í myndinni Casablanca þar sem hún lék á móti Humphrey Bogart.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST** 29. ÁGÚST 1909

## *Fyrsta flugmótið*

Þennan dag árið 1909 lauk fyrstu flugkeppni heims við Rheims í Frakklandi. Keppnin stóð í eina viku og fylgdust 300-500 þúsund manns með 22 flugmönnum keppa í hinum ýmsu fluggreinum. Allir keppendurnir voru Frakkar, utan tveggja, og voru með mismikla reynslu af flugi. Einn keppandinn lærði að fljúga tveimur dögum fyrir keppnina.

Áhorfendur, sem fylgdust með keppnunum út vikuna upplifðu margs konar tilfinningar úr stúkunni, allt frá gríðarlegum fögnuði, þegar uppáhalds keppandinn þeirra vann, eða sorgina, þegar þeir sáu keppendur hrapa og brotlenda.



**GLENN CURTISS** Bandaríski flugmaðurinn.

Mesta spennan í keppninni beindist að Bennett Cup Race, sem var keppni í hraða. Eini Bandaríkjamaðurinn í keppninni, Glenn Curtiss, vann keppnina og flaug tíu kílómetra á 15 mínútum og 50 sekúndum en meðalhraði flugvélar hans var 75 kílómetrar á klukkustund. Hann bar sigurorð af helsta keppinaut sínum, Frakkanum Bleriot, sem var talinn sigurstranglegastur fyrir keppnina.

TINNA KRISTJÁNSDÓTTIR OG BJARKI FREYR ÓMARSSON: BRÚÐHJÓN ÁRSINS

# Brúðkaupsgjafir fyrir milljón

Tinna Kristjánsdóttir og Bjarki Freyr Ómarsson, voru gefin saman í Fríkirkjunni í Reykjavík hinn 30. júní í sumar og fengu í gær afhenta vinninga fyrir ríflega eina milljón króna í brúðkaupsleik Smáralindar.

„Það er eiginlega allt að gerast á þessu ári,“ segir Tinna og hlær. „Við keyptum okkar fyrstu íbúð saman, giftum okkur og eigum von á okkar fyrsta barni eftir tvo mánuði,“ bætir hún við alsæl.

Spurð hvernig vinningarnir koma sér fyrir þau hjónin, segir Tinna: „Þetta er alveg ótrúlegt því við fengum til dæmis plasma-sjónvarp, síma og þvottavél í vinning. Bjarki er nýbúinn að setja símann sinn í þvottavélina, sem var einmitt að bila. Svo var ég að gefa honum sparibauk fyrir svona hálfum mánuði síðan svo hann gæti safnað sér fyrir plasma-sjónvarpi. Hann er búinn að nöldra yfir því í tvö ár að hann langi svo í plasma,“ segir hún hlæjandi og bætir því við að hún sé varla komin niður á jörðina aftur eftir tilkynninguna um vinningana.

„Svo vorum við eiginlega hætt við brúðkaupsferð í bili því ég er komin sjö mánuði á leið en við fengum ferð í vinning sem við ætlum að nota sem brúðkaupsferð í staðinn,“ segir Tinna.



**HAMINGJUSÖM** Brúðhjónin Tinna Kristjánsdóttir og Bjarki Freyr Ómarsson fengu vinninga fyrir ríflega milljón í brúðkaupsleik Smáralindar.

†



*Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns, föður, tengdaföður og afa,*

**Friðfinns Annós B. Ágústssonar**

til heimilis að Mávahlíð 24.

**Helga Hafberg**
**Engilbert Ólafur Friðfinnsson** **Guðbjörg Gísladóttir**
**Hafsteinn Ágúst Friðfinnsson** **Kolbrún Birna Halldórsdóttir**
**Ari Friðfinnsson** **Þuríður Kristín Sigurðardóttir**
**og barnabörn.**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Stefán Guðmundsson**

skipstjóri, Skála, Seltjarnarnesi, síðast til heimilis að Skólabraut 3,

verður jarðsunginn frá Seltjarnarneskirkju fimmtudaginn 30. ágúst kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarfélög.

**Guðrún Kristjánsdóttir**
**Elísabet Stefánsdóttir** **Kristján Jóhannsson**
**Kristjana Stefánsdóttir** **Guðmundur Þorkelsson**
**Anna Stefánsdóttir** **Reynir Hólm Jónsson**
**Unnur Vigfúsdóttir Duck**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug vegna andláts og útfarar,*

**Sigurgeirs Pétursssonar**

frá Ófeigsfirði.

**Jenný Haraldsdóttir**
**Arndís B. Sigurgeirsdóttir** **Bára K. Kristinsdóttir**




*Rúnar Geirmundsson*



*Sigurður Rúnarsson*



*Elís Rúnarsson*



*Þorbergur Þórðarson*

**Alhliða útfararþjónusta**
**Símar: 567 9110 & 893 8638**
www.utfarir.is • runar@utfarir.is
Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990




†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, sonur, bróðir, mágur og tengdasonur,*

**Kristján Sverrisson**

Garðavegi 6, Hnífsdal,

lést af völdum krabbameins á sjúkrahúsinu á Ísafirði föstudaginn 24. ágúst. Hann verður jarðsunginn frá Víðistaðakirkju Hafnarfirði föstudaginn 31. ágúst kl. 13.00.

**Anna Valgerður Einarsdóttir**
**Anetta Rut Kristjánsdóttir**
**Ásgeir Kristjánsson**
**Eva Margrét Kristjánsdóttir**
**Linda Marín Kristjánsdóttir**
**Ísak Þór Kristjánsson**
**Berglind Kristjánsdóttir**
**Guðný W. Ásgeirsdóttir** **Sverrir Þorsteinsson**
**Ásgeir Sverrisson** **Unnur P. Stefánsdóttir**
**Anna Karen Sverrisdóttir**
**Rakel Sverrisdóttir**
**Ríkharður Sverrisson** **Auður Pétursdóttir**
**Árni Árnason** **Lára Jónsdóttir**
**Margrét Haukdal Marvinsdóttir** **Einar E. Magnússon**

**Félagsfundur** Ferðaklúbbsins 4x4 verður haldinn í sal Ferðafélags Íslands, Mörkinni 6, mánudagskvöldið 3. september klukkan 20. Rædd verða innanfélagsmál auk þess sem félagar í Arctic Trucks koma og segja frá ferð þáttastjórnenda sjónvarpsþáttarins Top Gear á pólinn. www.f4x4.is



**Allir** sem hafa fengið akstursbann eða sviptingu ökuréttinda og eru með sitt fyrsta bráðabirgðaskírteini þurfa nú að fara á sérstakt námskeið og endurtaka ökupróf áður en þeir fá ökuskírteinið aftur. Um þetta kveða ný lög sem tóku gildi í lok apríl á þessu ári.

**Almanak** Háskóla Íslands 2008, 172. árgangur er komið út hjá Háskólaútgáfunni. Dr. Þorsteinn Sæmundsson, stjörnufræðingur hjá Raunvísindastofnun Háskólans, hefur reiknað almanakið og búið það til prentunar. Auk dagatals flytur almanakið margvíslegar upplýsingar, svo sem um sjávarföll og gang himintungla. www.almanak.hi.is



# allt






Myndavélar, mikið úrval kynntu þér verðin á fotoval.is

FOTO VAL
Myndavéla-viðgerðir
Skipholti 50B
Sími 553 9200
www.fotoval.is • mail:fotoval@fotoval.is





Fyrsta flokks sumarhús og einbýlishús frá virtri finnskri verksmiðju.

Margar þykktir af límtré og bjálkum, sem henta íslenskum aðstæðum. Mikil gæði- gott verð.

G. PÁLSSON EHF.
Símar 462 – 2272 og 896 - 0423




Guðleif hefur verið dugleg að lesa bækur á sænsku síðan hún bjó í Svíþjóð. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Alltaf haldið í sænskuna

***Guðleif Þórunn Stefánsdóttir er á síðasta ári í BA-námi í sænsku og íslensku í Háskóla Íslands.***

Guðleif tekur sænsku til sextíu eininga og íslensku til þrjátíu eininga í BA-námi sínu en hún er langt komin með sænskuna. „Ég á bara eitt fag eftir í sænsku og verð því aðallega í íslensku í vetur,“ segir hún.

Sem unglingur bjó Guðleif í átta ár í Svíþjóð og hún talar því tungumálið reiprennandi. „Mér fannst alveg kjörið að nota þessa kunnáttu til að ná mér í próf en þetta er náttúrlega vinna þó að ég hafi góðan grunn,“ segir hún og hlær.

Í Svíþjóð bjó Guðleif í bæ sem heitir Västervik og er í Smálöndum. „Þetta er mjög skemmtilegur sumarfrísbær og þarna er stórt geðsjúkrahús með íslenskum yfirlækni. Margir Íslendingar hafa því komið þar við og starfað þar hluta af náminu sínu, sem læknar eða hjúkrunarfræðingar en ég bjó einmitt þarna með foreldrum mínum þegar stjúpfaðir minn var í framhaldsnámi í læknisfræði.“

Þegar Guðleif var rétt rúmlega tvítug flutti hún aftur heim en hún hefur passað sig á því að viðhalda sænskunni. „Ég hef alltaf lesið bækur á sænsku og haldið sambandi við fólk úti í Svíþjóð. Ég tók líka hluta af náminu úti, en ég fór sem skiptinemi síðasta haust og var í Uppsölum. Mér fannst ég hafa virkilega gott af því að vera alveg í sænsku umhverfi og læra alveg heilmikið af því svo ég mæli því eindregið með því að prófa að skipta,“ segir hún.

Guðleif segist líka vera mjög ánægð með kennsluna hérna heima í Háskólanum. „Flestir kennararnir eru sænskir og deildin er lítil þannig að það skapast mjög skemmtileg stemning. Allir þekkjast og tala saman, bæði nemendur og kennarar og andinn góður.“

Að loknu BA-námi hefur Guðleif hugsað sér að fara beint í mastersnám. „Ég er svolítið sein að byrja í námi svo mig langar bara að halda strax áfram. Markmiðið er að taka master í þýðingarfræði og einnig hef ég hugsað mér að taka löggildingu sem túlkur,“ segir hún.

*emilia@frettabladid.is*


:fá FJÖLBRAUTASKÓLINN VIÐ ÁRMÚLA

Fjarnám á haustönn

Skráning á haustönn fer fram dagana:
27. ágúst – 10. september

á heimasíðunni www.fa.is/fjarnam



**Bensínbílar** í Noregi gætu horfið af götum landsins ef ný lög ná fram að ganga. Þá verða nýir bílar sem eingöngu nota bensín sem orkugjafa bannaðir.

# Rafrænn akstursþjálfi hjá Audi sparar eldsneyti

***Audi kynnir nýja tækni sem dregur úr eldsneytisnotkun.***



Audi bregst við kröfu neytenda um minni eldsneytisnotkun með því að kynna til sögunnar nýja tækni.

Audi kynnti nýtt kerfi til sögunnar, á ráðstefnu í Þýskalandi á dögunum, sem er í þróun og ætlað að greina hegðun ökumanna og gefa ráð um eldsneytissparnað til að draga úr eldsneytisnotkun. Meðal annars er fyrirhugað að setja upp gps-kerfi sem safnar gögnum um eldsneytisnotkun sem auk vélrænt akstursþjálfa verður notað til að greina aksturslag og akstursmynstur ökumanns. Vélræni ökuþjálfinn gefur svo ökumanninum ráð við aksturinn byggt á þeim gögnum sem kerfið hefur safnað.

Talsmenn Audi leggja áherslu á að ólíkt aksturslag einstaklinga getur haft veruleg áhrif á eldsneytisnotkun, og vel sé hægt að draga úr henni um allt að 30 prósent án þess að draga úr hraða. Jafnframt héldu þeir því fram að hin hefðbundna vél í bílum verði notuð í mörg ár til viðbótar, þrátt fyrir framfarir á blendingsvélum og öðrum vélum knúnar af annarskonar eldsneyti en bensíni eða dísil.

Á ráðstefnunni talaði Audi einnig um aðra tækni, eins og TFSI-vélar sem eru knúnar af þéttu náttúrugasi og „Modular Efficiency-prógramið“. Hið síðarnefnda svipar til EfficientDynamics-tækninnar sem BMW notar og virkar þannig að við notkun á bremsunum er búin til rafmagnsorka sem léttir á riðstraumsrafalnum og sparar þannig eldsneyti.

*kristineva@frettabladid.is*



## Rúmbetri Variant

NÝR VOLKSWAGEN VARIANT ER KOMINN Á MARKAÐ

Hekla frumsýndi um síðustu helgi nýjan Volkswagen Golf Variant, fjölskyldubíl. Hann er rúmbetri en áður og sem dæmi um staðalbúnað má nefna sex öryggispúða, ABS-bremsur með hemladreifikerfi og hjálparafli á bremsum, akstursttölvu, aftengjanlega spólvörn, hraðastilli, hraðatengd hljómflutningstæki, kælingu í hanskahólfi, litað einangrandi gler í rúðum, loftfrískunarbúnað og fleira. Nánari upplýsingar um Volkswagen Variant má finna á volkswagen.is

*- keþ*



## MG Rover í Kína

KÍNVERSKIR MG BÍLAR VERÐA BRÁTT TIL SÖLU Í KÍNA.

Kínverska bílafyrirtækið Nanjing Automobile náði meirihlutaeign í MG Rover árið 2005 en Rover er upprunalega breskt. Bílar af gerðinni MG sem búnir eru til í Kína fara í sölu þar í næsta mánuði eftir því sem greint er frá á fréttavef Reuters. Vonast hinir nýju eigendur til að lífga upp á þetta gamla breska merki með þessum hætti en MG-merkið er lítt þekkt í Kína enn sem komið er.

Í september verður MG 7-bíllinn kynntur hjá yfir fimmtíu umboðum um allt Kína en mismunandi gerðir MG-bílanna munu kosta milli 11.500 og 20.000 pund. Áhuginn er þó greinilega fyrir hendi því þegar hafa verið pantaðir 3.200 slíkir bílar eftir bílasýningar sumarsins.

MG 7 verður einnig kynntur fyrir árslok í Evrópu og löndum breska samveldisins.


KAUPMANNAHÖFN – LA VILLA
Heimagisting á besta stað í bænum.
Býður alla Íslendinga velkomna.
Geymið auglýsinguna.
www.lavilla.dk. S.0045 3297 5530. GSM. 0045 2848 8905

Þýskar álkerrur

fyrir fjölskylduna, verktakann, sveitarfélagið. Vandaðar kerrur frá einum stærsta framleiðanda Evrópu. Kerrur sem slegið hafa í gegn síðustu ár. Sumarsendingin nýkomin. Leitið upplýsinga og skoðið hið mikla úrval. Margar stærðir og gerðir.
N1 Langatanga 1a - Mosfellsbæ - Sími: 566 8188
Fjarðanet hf. - Grænigarður - Ísafjörður - S.470 0836

ÓL - BÍLAVERKSTÆÐI
Bremsuviðgerðir
Almennar viðgerðir
Smurþjónusta
Fljót og góð þjónusta
Skemmuvegur 22 - 200 Kópavogur
S. 555 3755 - 869 2259 - b.ol@internet.is

BIFREIÐAVERKSTÆÐI
FRIÐRIKS ÓLAFSSONAR ehf.
Smiðjuvegi 22 (Græn gata) · 200 Kópavogi
Sími: 567 7360 · www.bfo.is
SUBARU Þjónusta · HONDA Þjónusta · NISSAN Þjónusta

Deals on wheels
CARMAX.is
www.carmax.is

STÝRISENDAR, SPINDILKÚLUR OG FÓÐRINGAR
í jeppa í miklu úrvali
Japan/U.S.A.

FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.
Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000

Grillgrindur
TILBOÐ


Grillgrindur úr ryðfríu stáli með festingum fyrir ljóskastara
kr. 49.900

| Bílgerð | Bílgerð |
|---|---|
| Chevrolet 1500 | Nissan Patrol 98- |
| Dodge Ram 2500 | Nissan Terrano 00- |
| Ford F250-550 | Nissan X-Trail 04- |
| Grand Cherokee 05- | SsangYoung Musso sport 04- |
| Honda CRV 05- | Toyota Hiace 97- |
| Hyundai Santa Fe 06- | Toyota Hilux 02- |
| Isuzu D-Max 03- | Toyota Hilux 05- |
| Kia Sorento 03- | Toyota LC100 |
| Lexus RX300 02- | Toyota LC120 |
| MMC Pajero 03- | Toyota LC90 |
| Navara 05- | Toyota Rav4 06- |
| Nissan Murano 03- | VW Touareg 04- |
| Nissan Pathfinder 05- | |

07-0045 KC
ARCTIC TRUCKS
Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | arctictrucks.is

**Photoreading** er kerfi sem getur margfaldað lestrarhraðann sem kemur námsfólki sérstaklega vel. Upplýsingar um námskeið í Photoreading er að finna á www.photoreading.is



# Fjölbreytt Tungutak

***Tungutak er nýtt námsefni í íslensku fyrir framhaldsskóla.***

Fjórar nýjar bækur tilheyra Tungutaki. Þær eru Beygingarfræði, Málsaga, Ritun og Setningafræði. Í þeim er leitast við að gera nemendur meðvitaða og áhugasama um íslensku meðal annars með því að leggja áherslu á fjölbreytni. Einnig er mikið lagt upp úr að setja efnið fram á skýran og greinargóðan hátt.

Tungutak – Beygingarfræði handa framhaldsskólum fjallar um merkingarleg og formleg einkenni orðflokka og helstu málfræðihugtök eru skýrð á ljósan hátt.

Tungutak – Málsaga handa framhaldsskólum fjallar um hugsanlegt upphaf tungumálsins, uppruni ritmálsins er skoðaður, íslensk málsaga reifuð og fjallað um helstu breytingar sem orðið hafa á íslenskri tungu í aldanna rás. Einnig er hugað að framtíðarhorfum málsins.

Tungutak – Ritun handa framhaldsskólum fjallar um byggingu og skipulag ritsmíða, mismunandi gerðir þeirra, meðferð og notkun heimilda og gerð heimildarritgerða. Tungutak – Setningafræði handa framhaldsskólum fjallar um grundvallarhugtök setningafræði.

Höfundar bókanna eru Ásdís Arnalds, Elínborg Ragnarsdóttir og Sólveig Einarsdóttir sem allar hafa lokið M.Paed.-prófi í íslensku og hafa mikla reynslu af íslenskukennslu. Hugleikur Dagsson myndskreytti bækurnar og gerði kápumyndirnar og það er JPV útgáfa sem gefur þær út.




# Nýtt nám fyrir fasteignasala

***Endurmenntun Háskóla Íslands býður nú upp á réttindanám til löggildingar fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala.***

Nám til löggildingar fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala hefst hjá Endurmenntun Háskóla Íslands í haust. Námið tekur fjórar annir og lýkur með útskrift vorið 2009. Kennt er tvisvar í viku, tvo til þrjá tíma á miðvikudagsmorgnum og fjóra tíma á laugardegi. Þeir sem búa utan höfuðborgarsvæðisins geta verið í fjarnámi. Skráningu lýkur eftir tvo daga en einungis verður hægt að halda námskeiðið ef næg þátttaka fæst. Námskeiðið kostar 675.000 krónur. *- eö*



Margir Íslendingar hafa nú til dæmis vinnu af því að selja fasteignir á Spáni.








MÁLASKÓLINN LINGVA

LÆRÐU AÐ TALA TUNGUR

Lifandi talmálskennsla

í spænsku, ítölsku, ensku, þýsku, frönsku,
japönsku, portúgölsku, dönsku og íslensku fyrir útlendinga.

Litlir hópar, færir kennarar, góður starfsandi,
persónuleg kennsla.

Kennt í ODDA, Háskóla Íslands

• Skráning er hafin •

Málaskólinn LINGVA, sími 561-0315, www.lingva.is

Gjafamiði

Gildir sem 5.000 kr.
inneign inn á
talmálsnámskeið hjá
Málaskólanum LINGVA
á haustönn 2007

MÁLASKÓLINN LINGVA



**Brúnegg á morgnana**

**Hrein orka, góð næring, gott í maga**

*Fáðu þér eitt ..eða tvö !*



**BRÚNEGG**
FRJÁLSAR HÆNUR
VISTVÆN EGG


# útivist og hreyfing

MIÐVIKUDAGUR 29. ÁGÚST 2007



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




TENGI

Virka daga
8.00 - 18.00
Laugardaga
10.00 - 15.00

MIKIÐ ÚRVAL
BLÖNDUNARTÆKJA
- fyrir baðherbergi og eldhús

MORA INXX

TENGI

Smiðjuvegi 76 • 200 Kópavogur • Sími 414 1000 • Fax: 414 1001 • www.tengi.is • tengi@tengi.is • Baldursnes 6 • 603 Akureyri • Sími 414 1050 • Fax: 414 1051



Ragneiður Birgisdóttir, framkvæmdastjóri Nordica Spa. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# Vel hugsað um alla

Í NordicaSpa fá viðskiptavinir gott aðhald enda geta meðlimir heilsuræktarstöðvarinnar fengið leiðsögn hjá þjálfara í tækjasal í hvert skipti sem komið er í heilsuræktina. Þjálfararnir aðstoða viðskiptavini við æfingar – stilla tæki og leiðbeina samkvæmt æfingaáætlun hvers og eins og aðstoða einnig við teygjur ef óskað er eftir því.

Strax í upphafi er farið yfir heilsufar viðskiptavinarins metið, þjálfarinn fer yfir stöðumat og setur upp æfingakerfi fyrir viðkomandi. Heilsufarsmatið felur í sér blóðþrýstings-, fitu-, prósentu- og þyngdarmælingu. Einnig fær viðskiptavinurinn næringarráðgjöf og sjá þjálfararnir um að fylgja æfingaáætlun vel eftir. Hóptímar eru einnig í boði hjá NordicaSpa. Meðal annars tímar frá Les Mills, fjölbreyttir brennslutímar, jóga, qi gong og margt fleira.

Vikulega er settur inn í sal fróðleikur og uppskriftir fyrir meðlimi. Þá er til sölu úrval af nýpressuðum söfum, lífrænum heilsudrykkjum, prótein- og skyrdrykkjum.

Allir meðlimir fá aðgang að heilsulind NordicaSpa þar sem boðið er upp á herðanudd í heitu pottunum alla daga. Í heilsulindinni eru tveir nuddpottar, slökunarlaug og tvö eimböð með ilmi. Úti á veröndinni er einnig heitur pottur, sauna og sólbaðsaðstaða.



Kúlan ratar rétta leið hjá Guðmundi. Kona hans, Jóna, fylgist með. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Engin betri leið til að byrja daginn

**Golfíþróttin dregur fólk í útivist. Fréttablaðið fylgdist með Jónu E. Jónsdóttur ritara og feðgunum Guðmundi Péturssyni ljósmyndara og Pétri Guðmundssyni, fyrrverandi flugvallarstjóra, fara hring á Korpúlfsstaðavelli á laugardagsmorgni.**

Það er stundvísi sem gildir þegar mætt er í golfið. Til að völlurinn sé vel nýttur leggur fólk af stað í litlum hópum á tíu mínútna fresti frá klukkan 8.00 og fram á kvöld. Klukkan 9.50 er komið að Jónu, Guðmundi og Pétri að hefja leik og Guðmundur á fyrsta skotið. Það þarf arnarsjón til að fylgja kúlunni eftir því hann er sannkölluð langskytta. Um daginn fór hann holu í höggi á 9. braut á Korpuvelli en það er ekki hann sem fræðir blaðamann um það. Guðmundur ólst upp á Suðurnesjum og fékk golfbakteríuna á unglingsaldri, þakkar það smiti frá föður sínum Pétri. „Reyndar hafði Kanasjónvarpið líka áhrif á mig. Við horfðum mikið á golfþætti þar," rifjar hann upp.

Pétur sem er kominn fast að áttræðu fer í golf á hverjum morgni. „Það er ekki til betri leið til að byrja daginn en taka einn hring á vellinum," segir hann sannfærandi. Kveðst spila með jafnöldrum sínum á virkum dögum og sonum og tengdadætrum um helgar. Barnabörnin eru orðin liðtæk á vellinum líka, segir hann. Golfið gengur í erfðir. „Það skemmtilega við þessa íþrótt er að hún er fyrir alla, háa sem lága og á öllum aldri því í golfinu er hver og einn að keppa við sjálfan sig," bendir hann á.

Pétur er gríðarlega öflugur golfari og skotin þennan daginn geiga ekki, þrátt fyrir strekkingsvind. Hann hefur stundað golf frá 1964, var meðal þeirra sem stofnuðu Golfklúbb Suðurnesja það ár.

Jóna byrjaði ekki í golfi fyrr en 2003 en hefur náð ótrúlegum tökum á íþróttinni. „Ein vinkona mín dró mig út á völl með sér fyrir þrjátíu árum og mér bara leiddist. Sagði henni að þetta sport mundi ég ekki iðka fyrr en um áttrætt en ég iðrast þeirrar yfirlýsingar mjög núna," segir hún brosandi.



Jóna mundar kylfuna af kunnáttu og horfir eftir boltanum.

Jóna var skíðakennari í 25 ár. Það kemur henni til góða í sveiflunni. Hún er ósátt við að borgaryfirvöld þrengi stöðugt að golfinu með stórhýsum og bendir bæði á Egilshöll og Byko-stórhýsið máli sínu til stuðnings. „Mér sárnar þetta sérstaklega af því golfið er holl íþrótt fyrir alla fjölskylduna og sparar stórfé í heilbrigðiskerfinu." *gun@frettabladid.is*



Pétur er meistari í að pútta.



Ekta golfarar, Guðmundur, Jóna og Pétur.





-Orkuhelgi fyrir konur undir Jökli

**Námskeið fer fram helgina 28. - 30. september**

- Opnum fyrir Gyðjuna
- Styrkjum kvenorkuna
- Orkudans / dansjóga
- Dans Gyðjunnar
- Skemmtileg sjálfstyrking
- Leiklist
- Jákvæður máttur hugans
- Hópsöngur
- Sögur
- Jógaleikfimi
- Gönguferðir
- Sund í ölkeldulaug
- Hvíld og slökun
- Tími fyrir þig
- Meiri orka
- Útrás og umbreyting
- Tengjast betur innsæinu
- Grænmetisfæði og hreinsun
- Himneskar ilmolíur
- Verða sterk kona

**Í hverri konu býr gyðja sem bíður eftir að verða uppgötvuð. Afhjúpaðu gyðjuna í þér!**

Púlsinn námskeið

**Tryggðu þér pláss fyrir 20. september!**

Skráning og nánari uppl. í síma 848 5366 og www.pulsinn.is




# MÓTEFNI VIÐ KULDA

Gerð: **ULLARNÆRFÖT**
**Gunnar - Hallgerður - Langbrók**
Litir: **Dökkgrár**
Efni: **Merino ull. Ótrúlega létt og þægileg.**
Þyngd: **190g.** Stærðir: **XS-XXL**

Cintamani Outdoor Store // Laugavegur 11

CINTAMANI

SPJARAÐU ÞIG

ÓI · 9427










# Mæðgur í áflogum

**Það er ekki oft sem mæðgur sækja sér kunnáttu til að læra að fljúgast á, en það á við um guðfræðinginn Jónu Lovísu Jónsdóttur og dóttur hennar, Kristínu Ástu Guðmundsdóttur.**



**Mæðgurnar Jóna Lovísa Jónsdóttir guðfræðingur og Kristín Ásta Guðmundsdóttir stunda báðar júdó af kappi, en Jóna Lovísa er Íslandsmeistari í -52 kg flokki kvenna.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Það var Jóna Lovísa sem smitaði táninginn Kristínu Ástu af júdóbakteríunni.

„Við erum ekki sérstaklega líkar í okkur en eigum báðar sameiginlegt að vera slétt sama þótt við uppskerum marbletti eða einstaka skrámur," segir Jóna Lovísa sem byrjaði að æfa júdó á sextánda árinu.

„Ég æfði með hléum þar til ég varð 23 ára, en hætti þá alveg þar til ég tók upp þráðinn 36 ára. Það reyndist jafn auðvelt og að hjóla, en ég hafði alltaf stundað mikla hreyfingu og var í góðu formi," segir Jóna Lovísa sem játar þó á sig smávægis stirðleika í byrjun.

„Júdó er trúlega besta alhliða íþrótt sem völ er á. Hún þjálfar allan líkamann, allt niður í fingur og tær, og í raun vinnur maður samtímis með huga og líkama því mikla einbeitingu þarf í júdóglímu," segir Jóna Lovísa og bætir við að júdó sé afar vaxtarmótandi fyrir kvenlíkamann, ekki síður en líkama karla.

„Þetta eru vissulega slagsmál en áflog sem fara eftir mjög ströngum reglum. Það er sjaldgæft að maður meiði sig, fær kannski marbletti og annað smotterí, en auðvitað er alltaf hætta á meiðslum í júdói eins og í öðrum íþróttum, hvort sem það eru bardagaíþróttir eða ekki. Júdó hentar vel minni skapgerð. Þetta er mikið kontaktsport; maður snertir aðra og nær betri tengslum við mótherjana en til dæmis í hópíþróttum," segir Jóna Lovísa sem æfir þrisvar í viku, líkt og dóttirin Kristín Ásta.

„Við höfum lítið glímt saman, mæðgurnar og höldum ekki júdósýningar heima. Ég er ekki viss um hvort ég mundi vilja standa í slagsmálum við dóttur mína," segir Jóna Lovísa kímin, en Kristín Ásta greindist með sykursýki sjö ára og hefur ekki látið það stoppa sig hvað varðar íþróttir eða annað. „Fyrir um ári greindist hún líka með ofvirkan skjaldkirtil og hefur verið í meðferð við því síðan. Þrátt fyrir töluverð óþægindi hefur hún haldið sínu striki og verið dugleg að æfa og keppa; nú síðast í þyngdarflokknum -48 kg á Alþjóðaleikum ungmenna sem haldnir voru hér á landi í vor," segir Jóna Lovísa, en stigsmunur er á færni þeirra mæðgna í júdóinu sem einkennd er með mismunandi litum beltum við hvítan júdóbúninginn.



**Hér glíma mæðgurnar Jóna Lovísa og Kristín Ásta.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Litastigin eru gulur, appelsínugulur, grænn, blár, brúnn og svartur, en til þess að komast hærra í beltakerfinu þarf að standast ákveðnar reglur og próf. Ég er nú með bláa beltið og Kristín Ásta það appelsínugula," segir Jóna Lovísa sem er Íslandsmeistari í -52 kg flokki kvenna.

„Í fyrra keppti ég í -52 kg flokki kvenna og varð Íslandsmeistari það árið. Það er í sjálfu sér ekkert merkilegt nema fyrir það að stelpurnar sem ég er að keppa við, bæði hér heima og erlendis, eru allar á tvítugs- og þrítugsaldri, og því gaman að ná þessu á gamals aldri," segir Jóna Lovísa brosmild, en fyrr á árinu keppti hún á Smáþjóðaleikunum í Mónakó þar sem hún tapaði glímu sinni um bronsið, en vann bronspening með liði sínu á sama móti.

„Ég veit ekki hvort glíman nýtist mér sem guðfræðingi en krökkunum finnst þetta voða töff," segir Jóna Lovísa sem síðastliðinn vetur tók við starfi framkvæmdastjóra Æskulýðsstarfa þjóðkirkjunnar og skipuleggur nú landsmót æskulýðsfélaga á Hvammstanga í október.

„Við viljum efla starfið úti á landi og koma með ferska starfsemi í þetta ungliðastarf. Eins erum við á förum til Afríku með tuttugu manna hóp í haust, en sú ferð er samstarfsverkefni ÆSKÞ og Kristniboðssambandsins, því við viljum gjarnan vera í samstarfi við aðra aðila sem vinna að svipuðum málum og markmiðum," segir Jóna Lovísa sem útskrifaðist sem guðfræðingur í Svíþjóð.

„Ég hef alltaf verið trúuð og fann mig knúna til að nema guðfræði. Starfið býður upp á marga möguleika. Mér þykir gott að vinna með fólki og finnst styrkur að hafa guð með mér í því."

*thordis@frettabladid.is*



# Stelpur Konur

Staðurinn - Ræktin

**Spennandi hausttilboð í gangi!**

## Innritun á öll námskeið í síma 581 3730:

- **TT 1 Frá toppi til táar!**
  Átaksnámskeiðin sívinsælu fyrir konur á öllum aldri
  Lokuð 9 vikna námskeið, 3 x í viku
- **TT Taktu þér tak!**
  Lokuð 9 vikna átaksnámskeið 3 x í viku
  fyrir stelpur16-20+ ára
- **Rope Yoga**
  Heildrænt hug- og heilsuræktarkerfi
  Lokuð 9 vikna námskeið 2 x í viku
- **60 +**
  Líkamsrækt fyrir konur 60 ára og eldri
  Lokuð 9 vikna námskeið 2 x í viku
- **Mömmumorgnar**
  Lokuð 9 vikna námskeið 2 x í viku
- **Frjáls aðgangur** að tímum í opna kerfinu og tækjasal

**Glæsilegur nýr tækjasalur!**

**Vertu velkomin í okkar hóp!**

## Nú geturðu gerst áskrifandi að líkamsrækt JSB
## Betra verð í áskrift, aðeins 3.990 kr. á mánuði

***Opna kerfið - Þinn tími er kominn!***

1. *Almenn þjálfun, þol, styrkur og liðleiki*
2. *Púltími, hressileg upphitun, ýmist á palli eða gólfi, styrktar- og liðleikaþjálfun*
3. *Pallatími, samsett spor, mikil brennsla*
4. *Lóðatími, upphitun ýmist á palli eða á gólfi, unnið með þyngd og mótstöðu, lóð, stangir, teygjur*
5. *Liðleikaþjálfun, upphitun, styrktar- og slökunarteygjur*
6. *Yoga*
7. *Bræðingur, líkamsrækt með dansívafi, salsa, mambo, samba, jazz, funk og stuð*
8. *Brennsla, magi, rass og læri*
9. *Stöðvaþjálfun, fjölbreyttir vaxtamótunartímar*

**Barnagæsla - Leikland JSB**

DANSRÆKT JSB
leggur línurnar

*Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is*

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

# Fjarþjálfun er framtíðin

**Það er draumur flestra að vera sáttur við eigin spegilmynd. Margir ráða til þess einkaþjálfara sem temur og mótar kroppinn, en slíkt er ekki alltaf hagstætt buddunni. Nú er hægt að fara í einkaþjálfun á netinu.**

Þeir kalla það fjarþjálfun, einkaþjálfararnir Björn Þór Sigurbjörnsson, Egill Einarsson og Skarphéðinn Ingason, sem allir bjóða upp á þennan nýja kost fyrir Íslendinga sem vilja komast í form.

„Fjarþjálfun er einkaþjálfaraforrit sem gerir einkaþjálfurum kleift að þjálfa fleiri í einu, en flestir búa við langa biðlista. Í fjarþjálfun má því koma fleirum í form en kostnaður er allt að fjórum til sex sinnum minni en ella,“ segir Egill Einarsson, einnig kallaður Gilzenegger eða G-maðurinn.

Forritið sem um ræðir hefur með góðum árangri verið notað hjá stórliðum í enskri og þýskri knattspyrnu, hjá Alþjóða körfuknattleikssambandinu, NBA-körfuboltadeildinni og fleirum til að skipuleggja æfingar og meta árangur leikmanna, en nú hefur það verið sérsniðið að einkaþjálfun.

„Snilldin við einkaþjálfun er aðhaldið sem henni fylgir. Í upphafi fjarþjálfunar hittir einstaklingur einhvern okkar þriggja, sem allir starfa sjálfstætt, og tekið er viðtal við viðkomandi, spurt um meiðsli, fyrri æfingar og markmið, og tekin fitu- og ummálsmæling. Að því loknu er aðgangur og lykilorð að forritinu veittur, farið í sal og kennt á öll tæki, og ekkert annað eftir en að koma sér af stað í betra form,“ segir Egill og útskýrir hvernig fjarþjálfun birtist þeim sem ætlar að fara eftir henni úr tölvunni heima.

„Í einkaþjálfaraforritinu birtist dagatal með sérútbúinni matar- og æfingaáætlun fyrir hvern einasta dag. Öllum æfingum fylgja myndir sem auðvelt er að prenta út og taka með sér á æfingu, og ef rifja þarf upp hvernig æfingin er gerð er hægt að fá myndband af æfingunni þar sem við sýnum og útskýrum æfingarnar sjálfir,“ segir Egill og bætir við að fjarþjálfun sé nýtt tækifæri fyrir þá sem ekki hafa getað sótt sér einkaþjálfun hingað til og séu sjómenn meðal annarra farnir að nota fjarþjálfun þar sem nettenging er komin í skip.

„Fjarþjálfun hentar þeim vel sem ekki eiga heimangengt á daglega fundi einkaþjálfara; búa til dæmis úti á landi, í útlöndum eða eiga ekki gott með að halda stefnumót við þjálfara vinnutíma síns vegna. Ég hef fengið mikil viðbrögð og þeir sem nú eru byrjaðir í fjarþjálfun eru himinlifandi. Fjarþjálfun er einföld í notkun, persónuleg í viðmóti og aðhaldið mikið, en ég fylgist náið með árangri minna manna; hringi og spyr um mætingu, hvernig hafi gengið og hvernig líði eftir æfingar. Þá er þeim sem æfa samkvæmt fjarþjálfun ávallt velkomið að vera í sambandi ef spurningar vakna,“ segir Egill sem spáir því að fjarþjálfun sé framtíðin í einkaþjálfun.

„Kosturinn við einkaþjálfun er sá að árangur næst mun fyrr, æfingar eru hnitmiðaðar og sniðnar að ólíkum þörfum hvers og eins. Annars brennur við að fólk mæti til að gera bara eitthvað og uppsker eftir því.“

Nánari upplýsingar um fjarþjálfun má finna á heimasíðunni www.gillz.is. Fyrirspurnum er einnig svarað á personaltrainer@internet.is.



**Einkaþjálfararnir Björn Þór Sigurbjörnsson, Egill Einarsson og Skarphéðinn Ingason, sem allir bjóða upp á fjarþjálfun.**
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA





**Börn, unglingar og fullorðnir geta lært að dansa í Dansskóla Jóns Péturs og Köru.**
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# LA salsa með Púerto Ríko-ívafi

Helsta nýjungin hjá Dansskóla Jóns Péturs og Köru í vetur verður koma salsakennara frá Gvatemala sem mun kenna Íslendingum svokallað „LA style“ salsa með Púerto Ríko-ívafi. „Hann verður hér að minnsta kosti fram að áramótum til að prófa hvernig það er að kenna Íslendingum salsa,“ segir Kara Arngrímsdóttir danskennari og hlakkar til viðburðaríks vetrar.

Auk þessa verður hefðbundið úrval danskennslu í dansskólanum. „Við verðum með samkvæmisdansana, breik, frístæl og slíkt,“ segir Kara en byrjendanámskeiðin hafa aldrei verið vinsælli að hennar sögn. „Það var metaðsókn hjá okkur á síðustu önn þar sem pör vildu læra að dansa,“ segir Kara en almennu samkvæmisdansarnir eru yfirleitt efstir á óskalista hjá pörum sem eru að stíga sín fyrstu dansspor. „Fólkið vill læra eitthvað sem það getur notað til að dansa saman en svo breytist þetta líka í hobbí hjá fólki og eitthvað til að gera saman einu sinni í viku.“

Kara segir dansinn auk þess mjög góða líkamsrækt. „Þú ræður auðvitað hvað þú leggur þig mikið fram en það er hægt að fá heilmikla líkamsrækt út úr þessu,“ segir hún.

Dansnámskeiðin í Dansskóla Jóns Péturs og Köru eru einnig fyrir börn allt niður í fjögurra ára aldur. „Dansinn hefur svo mikið uppeldislegt gildi fyrir börn og unglinga. Þau læra að dansa og vera sjálfbjarga. Þegar börnin eru komin á unglingsaldur þá finna þau öryggi í að kunna þetta og þekkja það að umgangast hitt kynið af virðingu,“ segir Kara og leggur mikla áherslu á að dansinn sé mikið og gott forvarnarstarf fyrir unglinga.


SUND ER
LÍKAMSRÆKT
Sund er holl íþrótt sem reynir vel á alla helstu vöðva líkamans.
Sund er líka íþrótt sem hentar öllum aldurshópum og þú getur
stundað á þínum hraða – og á þínum forsendum.
AFGREIÐSLUTÍMI LAUGA
Virka daga frá kl. 6:30 - 22:30
Helgar kl. 8:00 - 22:00
Afgreiðslutími er mismunandi eftir
sundstöðum, sjá nánar á www.itr.is
www.itr.is
sími: 411 5000
Laugarnar í Reykjavík
ÍTR




LANGAR ÞIG AÐ UPPLIFA ALVÖRU DANSSTEMMNINGU?

**KOMDU** OG VERTU MEÐ!

LÆRÐU NÝJUSTU DANSSTÍLANA VIÐ HEITUSTU LÖGIN

## HIP HOP - STREET JAZZ - NEW WAVE HIP HOP - QUICK MELT

## FREESTYLE - JAZZ - BARNADANSAR - BROADWAY

Aldursflokkar: 4-6 ára / 7-9 ára / 10-12 ára / 13-15 ára / 16-18 ára / 19 ára og eldri

KENNARAR ERU ÞAULREYNDIR DANSARAR OG DANSHÖFUNDAR!



**NÝTT!** BREAK DANS fyrir byrjendur og framhaldshópa
MASTER CLASS er opinn danstími á föstudögum!

**Dansaðu með okkur því nú verður ekkert gefið eftir!**

Skráning er hafin í s. 553 0000

Sjá stundarskrá á www.worldclass.is

World Class ICELAND

## Kerrur



**Kerruútsala**
Lokadagar útsölunnar: Brenderup 2205 S. Innanm. 203 x 128 x 40 cm. Burðarg. 525 kg. Dekk: 13" Listaverð: 160.000. TILBOÐSVERÐ: 145.000. Aukahlutir innifaldir í verði! Lyfta.is, Njarðarbraut 3, Reykjanesbæ, 421 4037, www.lyfta.is

## Hjólhýsi



Til sölu vel meðfarið Adria hjólhýsi 542-PU, árgerð 2003, með fortjaldi ofl. Verðhugmynd 1,600 þús., upplýsingar í síma 899-8807.



Til Sölu LORD AMBASSADOR 560RBD. Árg 2007 Einn með öllu. Tilbúinn á ljósanótt. Uppl:S 8671068

## Fellihýsi

Óska eftir vel meðförnu fellihýsi. Staðgreiðsla í boði. uppl. í s. 821 6300/588 0013



**Vetrarútsala coachmen futura(coleman)**
9 ft nýs. '06 m. vask, wc, íssk, eldav. listav um 1200 þ. fæst á 890 þ. áhvíl 550 þ. 13 þ. á mán. S. 825 2212.

Til sölu Palomino colt fellihýsi. árg.'07. M/fortjaldi. Verð 990 þús. Uppl. í s. 822 1920.

**Tjaldvagna og fellihýsa-geymsla**
**Tjaldvagna og fellihýsageymsla á suðurnesjum. Upphitað húsnæði.**
**Uppl. í s. 896 9985.**

## Flug

Til sölu 1/6 hluti í Piper Cherokee 180. Góður hópur, góð kjör. Uppl. S. 846 0608.

## Hjólbarðar

Vel slitin 38" Ground Hawk á snjáðum álfelgum til sölu. Verð 50 þ.kr. Upplýsingar í síma 660-9970

4 stk. 14" dekk á Legacy fel. á 8 þ. 4 stk. 255/60 18" á 15. þ. 4 stk. 265/65 17" á 15 þ. S. 896 8568.

## Varahlutir

**Japanskar Vélar/Bílstart, Bílapartasala**
Erum að rífa flestar gerðir japanskra og kóreskra bíla, Fiat, Opel, VW ofl, sérstök áhersla á Nissan og MNC. Opið 08-18. S. 893 2284 & 565 3400.



**Vélar ehf.**
Alternatorar og startarar í báta, bíla og vinnuvélar. Beinir og niðurg. startarar. Varahlþj. Vélar ehf. Vatnagörðum 16, sími 568 6625. www.velarehf.is

**Rafstilling ehf.**
**Dugguvogi 23**
**Startarar. Alternatorar. Nýir hlutir, skipti hlutir, viðgerðir áratuga reynsla. Hröð þjónusta, mikið úrval.**
**Sími 581 4991, GSM 663 4942.**

**Bílapartar ehf**
**S. 587 7659.**
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mosfellsbæ www.bilapartar.is

**Partasalan Sími 557 7740**
Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahluti í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

**Partaland s. 567 4100**
Stórhöfða 18, R. Varahlutir í Pajero, Lancer, Trooper, Galloper o.fl. teg.

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, Renault Kangoo. Viðgerðir. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

Varahlutir í Lancer '98 station Sunny árg. '93, Legacy '92, Accent '95. S. 896 8568.

## KEYPT & SELT

## Til sölu




**Þvottavélar og Þurkara**
Til sölu nokkrar yfirfarnar þvottavélar og Þurkarar. Tökum bilaðar upp í. Einnig varahlutir í þvottavélar. S. 847 5545.

Á ýmsar stærðir af ísskápum á 8 og 10 þ Frystikista á 10 þ. Nýr flottur eldavélaháfur á 15 þ. Uppþvottarvél á 10 þ. Borðuppþvottavél á 8 þ. Tölvuflastskjár á 5 þ. Örbylgjuofn á 4 þ. 28" tv á 10 þ. 20" á 5 þ. Barnakerra á 3 þ. Leðurstóll á 5 þ. Línuskautar á 3 þ. Þvottavél á 10 þ. Kommóða á 3 þ. Barstólar á 3 þ. S. 896 8568.

## Gefins

Eldhúsinnrétting (eik) ásamt eldunarfötu, gufugleypi og vask fæst gefins gegn því að vera tekin niður. Uppl. í s. 581 2254

Fallegur ungbarnafatnaður fæst gefins. Uppl. í s. 553 5901.

## Vélar og verkfæri




Notuð trésmíðaverkfæari til sölu. Uppl. í s. 857 7227.

## Tölvur






**NOTAÐ OG NÝTT**
Fartölvur, borðtölvur ofl. BMS Tölvulausnir, Suðurlandsbraut 8, Sími 565 7080

## Bækur

Kaupi bækur á ritsafn, gerum verðtilboð, stgr., uppl. gefur Örn Bergmann í s. 869 0345.

## Til bygginga

**Járnamenn ath!!**
Eigum til beygjuvélar og klippur frá Kóreu, einnig bindivír og MAX bindivélar. HB Innflutningur Drangahraun 6 220 Hf. S. 895 3198 & 544 2055 , hbnet.is

## Verslun



Spennandi tækifæri! Enginn áhætta, enginn útlagður kostnaður! ClaMal vantar duglega sölufulltrúa til að kynna falleg og vönduð dönsk kvenföt á heimakynningum. Miklir tekjumöguleikar - góður sölutími framundan. Allar nánari upplýsingar gefur Jóna í síma 565 3900 milli 10-14 eða inni á www.clamal.is jona@clamal.is



ARCTIC TRUCKS

# jeppar.is

*Fagleg og áreiðanleg aðstoð*

**Allir bílar eru ástandsskoðaðir**



**Isuzu Trooper**
5 gíra - "35 breyttur
12/1999. ek. 113 þ. km.
Verð 1.500.000.



**Nissan Navara**
D/C SE SJSK
02/2006. ek. 24 þ. km.
Verð 3.350.000.



**Nissan Patrol** dísel
5 gíra – "33 breyttur
04/1996. ek. 225 þ. km.
Verð 850.000.



**Toyota Hilux** D/C 2,5
5 gíra, 33" Breyttur
11/2006. ek. 13 þ. km.
Verð 3.550.000.



**Nissan Patrol** dísel
SJSK "35 breyttur
06/2000. ek. 122 þ. km.
Verð 2.390.000.



**Nissan Terrano II**
disel 33" breyttur
07/1999. ek. 95 þ. km.
Verð 1.190.000.



**Nissan Navara**
D/C SE SJSK AT35
05/2006. ek. 35 þ. km.
Verð 3.850.000.



**Nissan Patrol LE**
5 gíra 38" Breyttur
09/1999. ek. 135 þ. km.
Verð 3.050.000.



**Dodge 1500**
bensín 44" breyttur
11/1996. ek. 85 þ. km.
Verð 1.750.000.

ARCTIC TRUCKS

Klettháls 3 • 110 Reykjavík • Sími 540 4900 • jeppar.is

### Vélamaður
Jarðmótun ehf óskar eftir vélarmanni í jarðvinnuframkvæmdir. Framtíðarstörf, næg vinna í boði. Uppl. í s. 892 0989.

### Byggingavinna
Óskum eftir að ráða aðstoðarmenn í byggingarvinnu í Hfj. Uppl. í s. 899 0909 eða 893 5114.

Sómi ehf Óskar eftir að ráða bílstjóra í fullt starf og hlutastarf vinnutími frá kl. 06.00. Einungis traust og áreiðanlegt starfsfólk kemur til greina.uppl.í Sóma Gilsbúð 9 Garðabæ og Alfreð í 660 5600.

### Landbrot hf.
Vantar meiraprófsbílstjóra. Uppl. í s. 893 7320 & 578 1700.

### Lagermaður
Óskum eftir að ráða starfsmann á lager Lagerhald, útkeyrsla, tiltekt og móttaka Upplýsingar í síma 5351300 Sigurður. Einnig er hægt að senda umsóknir á sht@verslun.is Verslunartækni Draghálsi 4

Vélstjórar, Sjómenn. Vélstjóra og vana sjómenn vantar á línuskip Þorbjarnar hf. Upplýsingar í síma 4204400 og 8986825

### Vélvirki og aðstoðarmenn óskast
Fjölbreytt og skemmtileg störf í góðu umhverfi handa mönnum með sjálfstæða hugsun og metnað til að gera vel. Umsóknir óskast sendar á netfangið magnus@velvik.is

### Barnafataverslun.
Óska eftir góðum starfsm. í hlutastarf. Reyklaus. S. 694 2171.

### Starfskraftur óskast
Í söluturn í Kópavogi í dagvinnu. Helst ekki yngri en 18 ára. Uppl. í s. 564 2325.

Veitingahúsið Kína Húsið Lækjargötu 8 óskar eftir starfsfólki í sal. Einnig í uppvask Helgarstörf. Upplýsingar á staðnum eða í s. 551 1014.

Starfsfólk óskast í afgreiðslu. Vinnutími frá kl 9-17:30 Einnig vantar skólafólk, eldra en 16 ára í létt hlutastörf. Umsóknir berist til augl. deildar fréttablaðsins eða á smaar@frett.is merktar: ehf

Vanan sjómann vantar strax á 80 tonna netabát sem gerður er út frá Suðurnesjum. Uppl. í s. 892 5522.

Fyrirtæið Tandurhreint óskar eftir umboðsaðila. Áhugasamir hafið samband í síma 694 8427.

### Skólafólk
Ritfanga og leikfangaverslun óskar eftir starfsfólki í hlutastörf, upplagt fyrir skólafólk. Svör sendist á fréttablaðið merkt blýantur.

## Atvinna óskast

VANTAR ÞIG STARFSFÓLK?

Útvegum starfsfólk frá Póllandi í allar stéttir atvinnulífsins.
Erum einungis með faglært fólk á skrá eða fólk með mikla reynslu.
Veitum trausta og góða þjónustu.
Verð 39.000.- m/vsk
UPPLÝSINGAR Í SÍMA 661 1888

FAGRÁÐNING
Sími 534 8886 - Fax 534 8887
Stangarhylur 7 - 110 Reykjavík

Ungur maður óskar eftir vinnu á lyftara er með meirapróf. S. 857 8083.

Óska eftir aukavinnu kvöld&helgar. T.d. bókhaldsvinna, þjónustustörf, símsvörun o.fl. Uppl. í síma 698 0989 eftir kl. 18

**Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?**
Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar. Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000.

## Viðskiptatækifæri

### French underwear manufacturer
Looking for an agent in Iceland to sell and distribute our collection, underwear, beachwear, pantyhose, T-shirts and jeans. All CV must be sent by mail to darmen-dk@hotmail.com

TILKYNNINGAR

## Tilkynningar
Ódýr bíll óskast á 15-50 þús. Uppl. í s. 699 2707.

### Celebrity.is
Núna 17.000+ myndir af fræga fólkinu á flottum vef. Nýjar myndir daglega.

### Matseld.is
Nýjar uppskriftir daglega á fallegum uppskriftavef.

## Ýmislegt
Tek að mér alhliða viðgerðir og uppsetningar á tölvum. Fljót góð og ódýr þjónusta. Sigurður í s. 699 6226

## Einkamál

### 18plús.is.
XXX samfélag Íslendinga á netinu. Sýndu þig, sjáðu aðra. Vertu velkomin/n. www.18plús.is.

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

## FASTEIGNIR

MIÐBORG
Sími 533 4800
Laugavegur 182 • 4. hæð • 105 Rvík Fax 533 4811 • midborg@midborg.is
Björn Þorri hdl., lögg. fastsali, Karl Georg hrl., lögg. fastsali.

**Vesturgata 71 – Opið hús**

Frum





158,6 fm. penthouse íbúð í húsi byggðu 1987. Íbúðin skiptist í forstofuhol, eldhús, baðherbergi, geymslu, hjónaherbergi, stofu, borðstofu. Á efrihæð er sjónvarpshol, baðherbergi og tvö barnaherbergi. Glæsilegt útsýni til sjávar. **Íbúð 301**. V. 49 millj. **Opið hús í dag milli kl. 18 og 18.30, verið velkomin.**

## FASTEIGNIR

ATH
ÞJÓNUSTA OFAR ÖLLU

BÓAS & GUNNAR

HRINGDU NÚNA
og skráðu eignina þína í sölu hjá okkur
699 6165
899 0800

RE/MAX Fasteignir
Stefán Páll Jónsson
Löggiltur fasteignasali
RE/MAX Fasteignir
Engjateig 9
105 Reykjavík

www.rhouse.is

## KENNSLA

Englakórinn

**TÓNLISTARUPPELDI FYRIR BÖRN 3JA TIL 8 ára**

**Kóræfingartími:** laugardagar kl.11.00-11.40---------3ja til 4ra
laugardagar kl.1150-12.35---------4ra til 6 ára
laugardagar kl.12.45-13.45---------6-8 ára

**Kennsluefni:** öndun, raddbeiting, söngur á mörgum tungumálum, taktur, tónhæð, hlustun á klassíska tónlist, hreyfing við tónlist, leikur á ásláttarhljóðfæri og fl.

**Staður:** Tónlistarskóli Kópavogs

**Kennarar:** Natalía Chow(M.A) og Julian Hewlett(B. A.)

**Skráning:** laugardaginn 1. september kl.11.00-12.00 í Tónlistarskóla Kópavogs. Kórgjaldið greiðist við skráningu.

Fyrirspurn má senda á netið nataliachow89@msn.com eða í síma 555 1346 / 699 4613




VÍSIR.IS
Fyrstur með fréttirnar


## ATVINNA

### Smiðir
Erum með vana smiði sem óska eftir mikilli vinnu.
Upplýsingar í síma 840 1616
**Kraftafl ehf**

### Múrarar
Erum með vana múrara sem óska eftir mikilli vinnu.
Upplýsingar í síma 840 1616.
**Kraftafl ehf**

**Kranamaður óskast á bílkrana**
Reynsla æskileg en ekki skilyrði. Upplýsingar í síma 892 7674.
G-5 KRANAAFGREIÐSLAN EHF.
G5 Kranaafgreiðslan ehf - Fiskislóð 79 - 101 RVK.

### Háseti óskast
Vanann háseta vantar á línuskipið Kristínu GK-157

upplýsingar í síma
8631901 og 4205700.

**Vísir hf**

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið




Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.brimborg.is

* Reykjavíkurborg veitir ökumönnum bíla sem uppfylla eftirfarandi skilyrði frítt í stæði í 90 mínútur: $CO_2$ útblástur að hámarki 120 g/km. Eyðsla í blönduðum akstri: Bensínvél: 5,0 l/100 km eða minna. Dísilvél: 4,5 l/100 km eða minna.
Aðrir orkugjafar: Tvíorkubílar sem nota t.d. metan/bensín eða etanól/bensín: 5,0 l/100 km eða minna.










# STUÐ MILLI STRÍÐA Gamalt er gott

**SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR** VILL EKKI FÁ GLER OG VÍRAVIRKI Í STAÐ GAMALLA HÚSA



Eins og ég hef áður ljóstrað upp á þessum síðum er ég haldin einhvers konar fortíðarþrá eða nostalgíu gagnvart „gamla tímanum“. Sem barn naut ég þess að sitja á afahné og heyra hann segja frá Kötlugosinu sem fjölskyldan flúði fyrir margt, margt löngu. Seinna sökkti ég mér ofan í Önnu í Grænuhlíð, varði löngum dögum á Árbæjarsafni og glápti á kanadíska þætti um lífið í bænum Avonlea upp úr aldamótum. Í menntaskóla, sem ég sótti í Svíaríki, gat ég ekki annað en starað opinmynnt á þessar eldgömlu byggingar sem ég lærði í og reynt að sjá fyrir mér fyrstu nemendurna, sem tóku upp pappír og penna árið 1085.

Andúð mín á endalausu niðurrifi á gömlum húsum er í algjörum takti við þetta. Ég þoli það ekki. Borg sem öll er byggð úr stáli og gleri er algjörlega sálarlaus í mínum augum. Ég er ekki sérstaklega hjátrúarfull manneskja, en mér þykir það samt liggja í augum uppi að hús hafa sál. Að minnsta kosti einhvern anda sem svífur yfir gólfum.

Ég bý í gömlu húsi við Ljósvallagötu. Í garðinum stendur gamalt tré, og handan götunnar eru gömul leiði í fallegasta kirkjugarði landsins. Það er mál eldri manna í hverfisbúðinni að þeir flytji aldrei þaðan, nema til að færa sig yfir götuna og í garðinn.

Timburhúsin með bárujárninu eru Ísland í hnotskurn og mér líkar hreinlega ekki hversu hart er gengið á þeirra hlut til að byggja einhver framúrstefnuleg víravirki. Ég er ekki frá því að það búi einhver minnimáttarkennd í Íslendingum gagnvart þessum híbýlum, svona svipað og gagnvart trjáleysinu, og ég veit vel að útlendingum kemur lágreist byggðin oft spánskt fyrir sjónir.

Svarið er samt bara ekki að rífa allan Laugaveginn og byggja óskapnað úr gleri yfir Þingholtin. Höldum frekar í söguna og gerum bárujárnshúsin upp.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# PERLURUGL!

## ÚTVISTAR, TÍSKU OG SKÓMARKAÐURINN

# Í PERLUNNI

## STENDUR TIL 9. SEPTEMBER

**- OPIÐ FRÁ 12:00 - 18:00 ALLA DAGA -**

## GRÆJAÐU ÞIG UPP FYRIR VETURINN

### Skór

Herraskór frá........................ 2000 kr.
Dömuskór frá........................ 1000 kr.
Barnaskór frá........................ 500 kr.
Ecco dömuskór frá. 5000 áður 11995 kr.
Dömustígvél frá..... 3000 áður 14995 kr.

### Blend

Jakkar frá.......................... 3000 kr.
Peysur frá.......................... 1500 kr.
Skyrtur frá.......................... [illegible] kr.
Bolir frá.......................... [illegible] kr.
Buxur frá.......................... 2000 kr.
Kjólar frá.......................... [illegible] kr.
Pils frá.......................... [illegible] kr.

### 66°Norður

Jakkar frá........... 4.500 – 7.500 kr.
Fleece frá........... 3.000 – 4.500 kr.
Dúnúlpur frá........... 9.000 kr.
[illegible] 500 – 1.000 kr.
[illegible] buxur frá [illegible] kr.
Krakka úlpur frá [illegible] kr.

**HEFST Á MORGUN FIMMTUDAG 30. ÁGÚST**



BLEND She
Kaupfélagið
66° NORÐUR
ecco
BLEND
STEINAR WAAGE SKÓVERSLUN

**!** **ATH Jazzhátíð Reykjavíkur hefst í kvöld:**
*Kl. 20 er Tríó Uri Caine í Austurbæ (Austurbæjarbíói) en kl. 22 er djassað á Dómó. Jerry Bergonzi og hljómsveit Eyþórs Gunnarssonar ásamt söngvurunum Ellen Kristjánsdóttur og Sigga í Hjálmum. Tónlist eftir Jón Múla Árnason og Jerry Bergonzi.*

# menning

menning@frettabladid.is



**LEIKLIST** Úr sýningu Vesturports á sígildri sögu Kafka en það er fyrsta verk sjálfstæðu leikhópanna á stóra sviði Þjóðleikhússins.

## Halló Hafnarfjörður

Hafnarfjarðarleikhúsið er stórt í umsvifum á komandi vetri: sjö sýningar verða á fjölunum í áhaldahúsinu sem Hafnarfjarðarbær breytti í leikhús fyrir fáum árum. Þar hefur aðsetur leikflokkur Hilmars Jónssonar og Erlings Jóhannessonar og er með samning við bæinn og Leiklistaráð. Frá fyrra leikári taka þeir upp Abbababb, söngleik eftir Dr. Gunna og Felix Bergsson. Um jól verður Augasteinn á ferð, en önnur verkefni eru ætluð fullorðnum: Blackbird eftir David Harrow sló í gegn á Edinborgarhátíð í leikstjórn Peter Stein og verður frumsýnt 5. október. Ögrandi verk um forboðið efni. Ugly Duck setur dansverk á svið og eftir áramótin er von á nýjum verkum eftir Hávar Sigurjónsson og Jón Atla, auk samvinnuverks listakvenna um móðurhlutverkið. Þessi aukning á umsvifum í Hafnarfjarðarleikhúsi er gleðileg.



HILMAR JÓNSSON

## Vesturport stærst

Af sjálfstæðum hópum verður leikhópurinn Vesturport fyrirferðarmestur, bæði með sýningar á eigin vegum og í samstarfi við stærri leikhús: LR, LA og Þjóðleikhúsið. Hópurinn státar af tveimur leikstjórum, Gísla Erni Garðarssyni og Birni Hlyn Haraldssyni. Frá fyrra leikári taka þau upp þráðinn með sýningum á Ást á Nýja sviði Borgarleikhússins og og sýna Hamskiptin eftir sögu Kafka í september á Stóra sviði Þjóðleikhússins en verkið var frumsýnt í London í fyrra og er nú endurært með íslenskum kröftum í öllum hlutverkum.

Mikið er búið að fjalla um alþjóðlega sýningu sem byggir á kvikmynd Lukas Moodysson, Tillsammans. Ekki er ljóst hvar hún kemur upp í desember, en verkinu er ætlað að fara víða með sinn alþjóðlega leikhóp. Í desember verður Superstar sett upp í samvinnu við LR í leikstjórn Björns Hlyns en þaðan fer hann norður á Akureyri og setur á svið eigið verk, Double Dusch, í samstarfi við LA.

Stóru tíðindin eru sviðsetning á Faust, sú þriðja hér á landi, en Kurt Zier setti verk Faust upp með brúðum á stríðsráunum og Þjóðleikhúsið flutti verkið 1971. Að þessu sinni er frumsagan sótt í þjóðsögur en ekki verk Goethe, en með Gísla leikstjóra koma að verkinu Nick Cave og Carlo Grosse. Frumsýning verður í Borgarleikhúsi næsta vor. Umsvif Vesturports hafa aldrei verið meiri, en hópurinn nýtur styrks frá Leiklistarráði. Hann stefnir einnig að framleiðslu á kvikmyndinni Brim eftir samnefndu leikverki Jóns Atla Jónssonar.



GÍSLI ÖRN GARÐARSSON

# Sjálfstæðir spretta úr spori

**Sjálfstæðu leikhúsin sendu í gær frá sér verkefnaskrá komandi vetrar. Fram undan er kraftmikið leikár í þeim geira leiklistarlífsins. Alls verða 55 verk á fjölunum, 39 frumsýnd og af þeim 34 íslensk verk. Segja talsmenn sjálfstæðu leikhúsanna gesti sína í fyrra hafa verið um 230 þúsund og hafi leikhóparnir skákað þeim leikhúsum sem oft eru kölluð stofnanaleikhús.**

SL er bandalag sjálfstæðra atvinnuleikhópa á Íslandi en aðildarfélög þess standa fyrir margvíslegum sviðslistaverkum. Samtökin eru komin nokkuð á aldur, en eiga sér sjálfstæðan rekstur utan þeirra stofnana sem njóta stærri styrkja frá ríki og bæjarfélögum. Saga þeirra er löng og fjölskrúðug, teygir sig raunar aftur fyrir stofnun Leikfélaganna á Akureyri og í Reykjavík.

### Bætt staða en dugar ekki

Með tilkomu Leiklistarráðs og starfslauna hefur hagur smærri leikhópa vænkast verulega en lengi hafa menn sagt halla mikið á þessa starfsemi. Ýmis merki eru um að samstarf sé að aukast milli hópanna og stofnana á borð við LA, LR og Þjóðleikhús.

Starfsemi hópanna má skipta í þrennt: Danssýningar og tilraunaverk, barnasýningar af ýmsu tagi og eru brúðuleikhús þar með talin, auk stærri leiksýninga fyrir fullorðna. Í kjölfar Danshátíðar í Reykjavík, sem hefst hinn 30. ágúst og vikið er að í næstu opnu, er von á 5 nýjum danssýningum en alls eru 11 ný verk í vændum. Barnasýningar á vegum hópanna verða í allt 29 og eru 11 af þeim frumsýningar.

### Drama og revía

Hér á síðunni er vikið að starfi Vesturports og Hafnarfjarðarleikhússins sem eru fyrirferðarmest í starfi í ár. Aðrir hópar sýna víða. Í Iðnó verða tvö verk á fjölunum: Eins saga er geymd sem er einleikur um sögu Iðnó og jafnframt afmælissýning Guðrúnar Ásmundsdóttur leikkonu sem átti þar starfsstöð lengst af sínum ferli. Eftir jól er þar fyrirhuguð sýning á erlendu verki en með tveimur leikurum Þjóðleikhússins, Önnu Kristínu Arngrímsdóttur og Arnari Jónssyni. Verkið heitir Heiður og er eftir Joanna Murrey-Smith. Bjarni Haukur leikstýrir en auk þeirra leikur María Ellingsen í verkinu.

Á Litla Sviði Borgarleikhúss ber ný revía á prjónunum: blanda af uppistandi, stuttum leikþáttum, eintölum, dansnúmerum og sönglögum.

Hér og nú kallast hún og stendur Sokkabandið fyrir henni en Jón Páll Eyjólfsson leikstýrir og Baggalútur leggur til tónlist. Frumsýning er í lok október. Þar er Skámáni að sýna Killer Joe í september. Í samstarfi við LR og Íd verður Draumasmiðjan þar eftir jól með leikgerð af Óþelló.

### Vannýtt leikhús

Aðeins ein sýning er fyrirhuguð á þessu stigi í Austurbæjarbíói: Intake eftir Lars Pettersson á vegum Fimbulveturs í leikstjórn Agnars Jóns Egilssonar. Þá er aðeins ein sýning í drögum fyrir Tjarnarbíó en þar hafa hóparnir haft aðsetur um langt skeið og raunar viljað fá sem leikhús en verulega breytt. Það er Hedda Gabler eftir Ibsen sem leikflokkur Elenar Kay, Fjalakötturinn, setur á svið.



**LEIKLIST** Aino Freyja Jarvela, formaður Sjálfstæðu leikhúsanna.

### Útrásardraumar og landið

Sýningar á vegum sjálfstæðra leikhúsa munu fara víðar um heiminn á komandi leikári en nokkru sinni fyrr. Vesturport stefnir til að mynda á að sýna verk sitt Tillsammans í Englandi, Bandaríkjunum, Þýskalandi og Mexíkó en verkið verður frumsýnt á Íslandi í desember. Skoppa og Skrítla munu einnig sýna leikverk sitt í Afríku og New York en verk þeirra var tilnefnt til Grímunnar barnaleikrit ársins 2007. Sem fyrr munu danslistamenn kynna íslenska menningu víða erlendis. Pars Pro Toto fer með verk sín til Berlínar svo dæmi sé tekið auk þess sem Panic Productions verða með sýningar í Þýskalandi og Frakklandi. Starfsemi leikhúsa utan höfuðborgarsvæðisins er ekki mikil. Það er Kómedíuleikhúsið sem er eins manns útgerð sem stendur þar uppúr, víðar eru flokkar ef svo má kalla þá ekki komnir á legg. Landnámssetrið í Borgarnesi er ekki innan vébanda Sjálfstæðu leikhúsanna þó þar fari fram viðamikil leikstarfsemi um þessar mundir. Þar eru það kraftaverkahjónin Kjartan Ragnarsson og Sigríður Margrét Guðmundsdóttir sem standa fyrir einföldum leiksýningum sem allar utan ein eiga sér upphaf í Reykjavík, nánar tiltekið í póstnúmerum 101 og 107, en eru ekki verri fyrir það.

pbb@frettabladid.is


Hildur Pálsdóttir, lögfræðinemi og skipstjóri, treystir á ritvélar og skemmtiferðaskip frá HP.

PIPAR • SÍA • 71483



HP Pavilion dv6331
Örgjörvi: AMD Turion 64 X2 1,8 GHz (dual core)
Vinnsluminni: 2 GB
Skjár: 15,4" WXGA
Harður diskur: 160 GB SATA
Geisladrif: Lightscribe dual layer DVD skrifari
Minniskortalesari: 5 í 1
Vefmyndavél og fjarstýring
Skjástýring: Nvidia GeForce Go 7200, allt að 256 MB
Stýrikerfi: Microsoft Vista Home Premium
Glæsilegur hugbúnaðarpakki
**Verð: 119.900 kr.**
HP og Office vinna vel saman

Office Home and Student 2007

invent

HP fartölvur eru bestu og áreiðanlegustu fartölvurnar samkvæmt könnun TBR (Technology Business Research, Inc).



HP vörur fást hjá eftirtöldum aðilum: Verslun Opinna kerfa, Höfðabakka 9 - Oddi skrifstofuvörur - Tölvutækni og Start tölvuverslun, Kópavogi - Samhæfni, Reykjanesbæ - TRS, Selfossi
Tölvuþjónusta Vesturlands, Akranesi og Borgarnesi - Bókaverslun Þórarins Stefánssonar, Húsavík - Eyjatölvur, Vestmannaeyjum - Hátíðni, Höfn - Kaupfélag Skagfirðinga - Netheimar, Ísafirði




ROTTURNAR KALLA ÞÆR SIG

## Stelpur rotta sig saman

**Söngkonurnar Hera Björk, Margrét Eir, Heiða Ólafsdóttir og Regína Ósk munu heiðra Ljósanótt með tónleikum á Yello fimmtudaginn 30. ágúst. Með þeim verður að vanda Karl Olgeirsson á píanóið. Þær flytja lög úr öllum áttum, innlend sem erlend. Tónleikarnir hefjast klukkan 21.00.**



# Í spor Rigmor

Lækjartorg verður upphafsreitur á óvenjulegum danssýningum á hátíðinni. Á föstudag kl. 17 og laugardag kl. 14 er lagt af stað í dansgöngu frá torginu og labbað í halarófu á fund við dansara sem flytja verk sín á ólíklegustu stöðum í Kvosinni. Í báðum túrunum verður boðið upp á þrjá dansa. Tiltækið minnir á fyrirætlanir Rigmor Hanson, sem er elst lifandi brautryðjenda í listdansinum, komin langt yfir nírætt. Hún ætlaði að halda opinbera danssýningu á Austurvelli alþingishátíðarárið 1930, þá sautján ára gömul, og þó búin að reka dansskóla í nokkur ár ásamt Ásu systur sinni.

Göngurnar fara í tvær áttir báða dagana og eru ólík dansnúmer boðin hvor leiðin sem er valin. Meðal þeirra sem eiga þar verk eru Margrét Bjarnadóttir, Saga Sigurðardóttir, Katla Þórarinsdóttir, Erna Ómarsdóttir, Ástrós Gunnarsdóttir og Ólöf Ingólfsdóttir. - pbb

# Danshátíð hefst í Reykjavík

Á fimmtudagskvöld hefst Nútímadanshátíðin í Reykjavík og varir í fjóra daga. Hátíðin er vettvangur sjálfstæðra dansara og danshöfunda og var fyrst haldin 2002. Að þessu sinni verða sýningar í Verinu, Hamarshúsinu, um götur í Kvosinni eins og greint er hjá hér á síðunni og kvikmyndasýning í Háskólabíói.

Alls verða þrettán ný verk flutt á hátíðinni en að þeim kemur mikill fjöldi listamanna, danshöfunda, dansara, myndsmiða og ljósameistara. Hátíðin er sprotarækt þótt margir sem þar koma að verki hafi um árabil verið í framvarðarsveit danslistarinnar.

Hér eru höfundar á borð við Ernu Ómarsdóttur, Helenu Jónsdóttur, Ástrós Gunnarsdóttur, Valgerði Rúnarsdóttur og Ólöfu Ingólfsdóttur á ferðinni. Allar hafa þær sett svip sinn á íslenskt danslíf um nokkurra ára bil. Að auki koma yngri kraftar fram á þessum vettvangi með nýjar hugmyndir og nýja sýn á dansinn og viðfangsefni hans. Hátíðin hefur enda notið stuðnings Reykjavíkurborgar og menntamálaráðuneytis og er viðurkennd sem mikilvægt framlag listdansins ár hvert.

Hátíðin er með alþjóðlegum svip, sem ræðst af því að hér koma fram bæði höfundar og dansarar af erlendu bergi brotnir. Miðasala á hátíðina fer fram á www.midi.is og ættu allir sem áhuga hafa á nútímadansi að sinna hátíðarhaldinu. Það er einstakt tækifæri til að finna púlsinn og sjá hvað er í gangi í tjáningu og sögusmíð þeirra sem listdans stunda utan Íslenska dansflokksins. Dagskráin er aðgengileg á vefnum www.dancefestival.is.



**DANSHÁTÍÐ** Ólöf Ingólfsdóttir danshöfundur er ein þeirra kvenna sem standa að Danshátíðinni í Reykjavík.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

ÁGÚST

26 27 28 **29** 30 31 1

**Miðvikudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 20.00 Píanistinn **Uri Caine** leikur frumsamda tónlist þar sem hann blandar saman djassi og klassískri tónlist í Austurbæ í kvöld. Með honum spila Drew Gress á bassa og Ben Perowsky á trommur. Tónleikarnir eru hluti af **Jasshátíð Reykjavíkur**.

☐ 22.00 Hinn virti ítalski tenór saxófónleikari **Jerry Bergonzi** spilar lög **Jóns Múla Árnasonar** og eigin lög ásamt **hljómsveit Eyþórs Gunnarssonar**. Með þeim koma fram söngvararnir Ellen Kristjánsdóttir og Siggi í Hjálmum, Snorri Sigurðarson á trompet, Óskar Guðjónsson á tenórsax, Valdimar Kolbeinn Sigurjónsson á bassa og Scott McLemore á trommur. Tónleikarnir eru á Domo í Ingólfsstræti og eru hluti af **Jasshátíð Reykjavíkur**.

### BÍÓ

☐ 17.30 Síðasti dagur **Bíódaga Græna ljóssins** í Regnboganum er í dag. Sýningar eru kl. 17.30, 20 og 22.30.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.


MR. SKALLAGRÍMSSON
- höf. og leikari Benedikt Erlingsson
Sjá sýningadagatal á www.landnamssetur.is
Miðapantanir í síma: 437-1600

JAZZHÁTÍÐ REYKJAVÍKUR 29. ÁGÚST - 1. SEPTEMBER 2007

Uri Caine



Píanistinn, útsetjarinn, tónsmiðurinn kemur hér fram með tríói sínu.



Múlinn og

Arfleifð Jóns Múla kynnt. Fjöldi tónlistarmanna.

Bergonzi, „saxófónleikari saxófónleikaranna".

Jerry Bergonzi

Uri Caine Múlinn Jerry Bergonzi

Jazzveislan hefst í kvöld!



Uri Caine, píanisti, útsetjari og tónsmiður
Jazzgeggjarar sem klassíkerar súpa hveljur af magnaðri blöndu og tónlistarlegri framsetningu tríós þessa óvenjulega tónlistarmanns.
Austurbær
Miðvikudagskvöld 29. ágúst, kl. 20:00

Jón Múli, ástmögur þjóðarinnar og Jerry Bergonzi
Við elskum arfleifð Jóns Múla Árnasonar, sem birtist í jazzverkum hans. Eyþór Gunnarsson leiðir hóp toppmúsikanta og sjálf Ellen Kristjánsdóttir syngur. Jazzklúbburinn Múlinn býður saxófónrisanum Jerry Bergonzi sem spilaði m.a. með Dave Brubeck að spila með hljómsveit kvöldsins.
Domo
Miðvikudags- og fimmtudagskvöld
29. og 30. ágúst, kl. 22:00

Jazzbíó kl.5



Miðvikudag, fimmtudag og föstudag í Tjarnarbíó. Sýnd verður víðfræg heimildarmynd Charlotte Zwerin: THELONIOUS MONK - STRAIGHT NO CHASER.
Ókeypis fyrir þá sem keypt hafa miða á atburði jazzhátíðar 2007

REYKJAVÍK Jazz 07
ALLIR ELSKA JAZZ!

Miðasala við innganginn og á www.midi.is
Allar upplýsingar um einstaka viðburði og flytjendur á www.jazz.is

FORTE Auglýsingastofa

Reykjavíkurborg Saga Capital Icelandair Egils Eymundsson Guðjón Ó



REYKJAVÍK DANCE FESTIVAL
30.ÁGÚST - 02.SEPT. 2007
WWW.DANCEFESTIVAL.IS
MIÐASALA Á midi.is
Iceland Express
Styrkt af Reykjavíkurborg

> VISSIR ÞÚ?

Árið 1007 kom út fyrsta skáldsagan. Nefndist hún The Story of Genji og var eftir hina japönsku Murasaki Shikibu. Orðið „novel", eða „skáldsaga" er dregið af latneska orðinu „novus", sem þýðir „nýtt".



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Benni og Lekman í hljóðver

Tónlistarmennirnir Benedikt Hermann Hermannsson og hinn sænski Jens Lekman fóru í hljóðver um síðustu helgi og tóku upp nokkur lög saman. Ekki hefur verið ákveðið hvenær lögin koma út.

Benedikt segir að það hafi verið frábært að vinna með Lekman. „Hann er mjög indæll náungi og skemmtilegur," segir Benni, sem starfaði fyrst með Lekman á síðustu Airwaves-hátíð. „Hann var beðinn um að spila á Airwaves og á leiðinni hingað sendi hann mér „email" og spurði hvort ég og nokkrir aðrir værum til í að spila með honum í einu lagi. Í þeirri ferð tókum við upp eitt lag saman sem var gefið út á sjö tommu," segir hann.

Lekman hélt tónleika í Norræna húsinu síðastliðið föstudagskvöld. Mætti hann með bassaleikara og trommara með sér en auk þess spilaði Benni með honum næstum alla tónleikana ásamt fjórum blásurum. Á dagskránni voru meðal annars tvö lög eftir Benna þar sem Lekman var gestasöngvari; Aldrei og I Can Love You In A Wheelchair Baby. Einnig söng Benni með Lekman á sænsku. „Ég skuldaði honum. Hann er búinn að syngja með mér á íslensku," segir Benni og bætir því við að það hafi gengið merkilega vel að læra sænskuna.



**BENNI** Benedikt Hermann Hermannsson lætur vel af samstarfi sínu með Jens Lekman.



**LEKMAN** Jens Lekman á tónleikunum í Norræna húsinu síðastliðið föstudagskvöld.
FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

Fram undan hjá Benna Hemm Hemm er tónleikaferð um Norðurlönd sem verður farin í lok október eða byrjun nóvember. Engin plata er fyrirhuguð með hljómsveitinni fyrir næstu jól en síðustu tvær plötur hennar hafa fengið mjög góðar viðtökur. - fb



**BÍÓDÖGUM AÐ LJÚKA** Sicko, eftir Michael Moore, er meðal myndanna sem eru sýndar í kvöld.

## Lokadagur Bíódaga

**Lokadagur Bíódaga Græna ljóssins í Regnboganum er í dag. Margar góðar myndir hafa verið sýndar á hátíðinni og í dag er síðasta tækifærið að sjá þær. Meðal mynda sem í boði eru má nefna Away From Her, heimildarmynd Michaels Moores, Sicko og Going to Pieces. Klukkan 22.30 er svo hægt að ná heimildarmyndunum No Body is Perfect, um erótíska tilraunastarfsemi og líkamslistir og The Bridge, um sjálfsvíg á Golden Gate-brúnni í San Fransisco.** - jar

# Til Texas að hitta tengdaforeldrana

**Ungfrú Ísland, Jóhanna Vala Jónsdóttir, hefur í nógu að snúast þessa dagana.**

Auk þess að starfa sem flugfreyja hefur hún hafið undirbúning fyrir keppnina um titilinn Miss World sem fram fer í Kína. Í október ætlar hún til Texas í heilan mánuð og hefur aðeins tvær vikur til þess að pakka aftur ofan í tösku fyrir Kínaferðina.

„Þetta verður bara gaman þótt vissulega sé þetta mikið á skömmum tíma," segir Jóhanna Vala. „Ég hef hvorki komið til Kína né Asíu áður. Vinkona mín bjó hins vegar þarna og segir að eyjan Sanya sé gullfalleg en keppnin verður haldin þar. Ég hlakka mikið til og held að þetta verði ævintýri. Ég er enn þá að fljúga á fullu en reikna með að klára reddingar og annað strax í byrjun september.

Keppnin er 1. desember. Annars vonast ég til að geta keypt flesta kjólana í Texas. Ég er löngu byrjuð að spá í þau mál og hef skoðað mikið á netinu. Þetta er örugglega slatti sem ég þarf að taka með."

Jóhanna Vala segist vera komin með aðgang að líkamsræktarstöð í Texas enda felist mikill hluti undirbúningsins í að halda sér í toppformi. „Ég ætla að vera mjög dugleg að æfa mig úti. Annars er ég ekkert séní í líkamsræktarmálum og geri bara þessar hefðbundnu lyftingaæfingar auk þess sem ég hleyp mikið. Ég er algjör hlaupagikkur."

Ástæðan fyrir ferðinni til Texas er sú að kærasti Jóhönnu Völu er búsettur í ríkinu en þau kynntust sem kunnugt er á MySpace-vefnum. Hann sótti Ísland heim um miðjan júlí síðastliðinn en þetta er í fyrsta skipti sem Jóhanna Vala fer til Texas. „Honum leist vel á Ísland enda fengum við yndislegt veður. Við fórum að skoða alla þessa hefðbundnu ferðamannastaði. Ég veit ekki nákvæmlega hvað hann ætlar að sýna mér úti en við ætlum að minnsta kosti til Los Angeles í Kaliforníu." Jóhanna Vala segir að þótt hún sé að fara í fyrsta skipti til Texas hafi þau náð að hittast töluvert. „Ég flýg mikið til Bandaríkjanna og hef líka farið sem farþegi þegar ég er ekki að vinna. Þetta er því ekkert mál."



**JÓHANNA VALA JÓNSDÓTTIR** Ungfrú Ísland hefur mikið að gera og undirbýr nú ferðir til bæði Texas og Kína. Kærastinn býr í Texas en keppnin um titilinn Miss World mun fara fram í Kína.

Hún segist ekki hafa hitt tengdaforeldrana enn þá. „Það á að kynna mig fyrir þeim í ferðinni í næsta mánuði," segir hún og hlær. „En ég er búin að tala við þau í síma og er voða róleg yfir þessu."



MIÐASALA Í SÍMA 568 8000
OG Á WWW.BORGARLEIKHUSID.IS

VesturPort BORGARLEIKHÚSIÐ

# ÁST

SÖNGLEIKUR EFTIR
GÍSLA ÖRN GARÐARSSON OG VÍKING KRISTJÁNSSON

Ást var sýnd fyrir fullu húsi allan síðasta vetur.
Sýningar í haust:

Föstudaginn 31.áügst - kl. 20:00
Laugardaginn 1. september - kl. 20:00
Föstudaginn 7. september - kl. 20:00
Laugardaginn 8. september - kl. 20:00
Laugardaginn 15. september - kl. 20:00
Þriðjudaginn 18. september - kl. 14:00
Miðvikudaginn 19. september - kl. 14:00
Fimmtudaginn 20. september - kl. 14:00
Fimmtudaginn 20. september - kl. 20:00
Fimmtudaginn 27. september - kl. 20:00

"Undursamlegt... Vesturport hefur skorað einu sinni enn og með allt allt öðruvísi sýningu en leikhópurinn hefur fram að þessu verið þekktur fyrir."
SA Tímarit Máls og Menningar.

"Ómótstæðileg sýning... Kristbjörg Kjeld er framúrskarandi... Theódór Júlíusson er frábær... Sá sem verður ósnortinn af töfrum þessarar sýningar ætti frekar að leita skýringanna á því í sjálfum sér en í henni."
ÞT Mbl.

"Mér kæmi það mjög á óvart ef ef söngleikurinn Ást ætti ekki eftir að verða eitt af mestu göngustykkjum í sögu Borgarleikhússins"
Jón Viðar Ísafold



Nýtt í bíó
LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus










LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| THE BOURNE ULTIMATUM | kl.5.40, 8 og 10.20-POWER | 14 |
| RUSH HOUR 3 | kl. 3.45, 6, 8 og 10 | 12 |
| RATATOUILLE íslenskt tal | kl. 3.45 | L |
| TRANSFORMERS | kl. 7 og 10 | 10 |
| SIMPSONS íslenskt tal | kl. 4 | L |

www.laugarasbio.is - Miðasala á midi.is




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| BOURNE ULTIMATUM | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 14 |
| BOURNE ULTIMATUM LÚXUS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | |
| THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 12 |
| THE SIMPSONS MOVIE ÍSL. TAL | kl. 4 - 6 | |
| RUSH HOUR 3 | kl. 3.45 - 5.50 -8 -10.10 | |
| DIE HARD 4.0 | kl. 8 *Síðustu sýningar | 14 |
| DEATH PROOF | kl. 10.45 *Síðustu sýn. | 16 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| SÝNINGARTÍMAR BÍÓDAGA GRÆNA LJÓSSINS | |
|---|---|
| KL. 5.30 | Away From Her / Cocaine Cowboys |
| | Death of a President** / Zoo** |
| KL. 8 | Sicko / GoingTo Pieces |
| | Die Falscher / Shortbus** |
| KL. 10.30 | Fuck / Goodbye Bafana / The Bridge** |
| | No Body Is Perfect** |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| ASTRÓPÍA | kl. 6 - 8 - 10.10 | |
| BOURNE ULTIMATUM | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 14 |
| RUSH HOUR 3 | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| BECOMING JANE | kl. 5.30 - 8 -10.30 | |

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| BOURNE ULTIMATUM | kl. 6 - 8 - 10.10 | 14 |
| RUSH HOUR 3 | kl. 8 -10 | 12 |
| THE SIMPSONS MYNDIN ÍSL. TAL | kl. 6 | |

MIÐASALA Á midi.is

SAMBÍÓIN www.SAMbio.is 575 8900 midi.is




ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| ASTRÓPÍÁ | kl. 6:15 - 8 - 10:10 | | L |
| ASTRÓPÍÁ | kl. 8 - 10:10 | VIP | |
| RATATOUILLE ENSKU TAL | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | | L |
| RATATOUILLE ÍSL TAL | kl. 4 - 5:30 | DIGITAL | L |
| TRANSFORMERS | kl. 5 - 8 - 10:40 | | 10 |
| TRANSFORMERS | kl. 5 | VIP | |
| NANCY DREW | kl. 6 | | 7 |
| GEORGIA RULES | kl. 8 | | 7 |
| HARRY POTTER 5 | kl. 8:15 | | 10 |
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL | kl. 4 | | L |
| OCEAN´S 13 | kl. 10:10 | | 7 |

SELFOSSI S. 482 3007

| | | |
|---|---|---|
| ASTRÓPÍÁ | kl. 7 - 9 | L |
| RUSH HOUR 3 | kl. 7 - 9 | 12 |

KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| ASTRÓPÍÁ | kl. 6 - 8 - 10:10 | | L |
| BOURNE ULTIMATUM | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | | 14 |
| RATATOUILLE M/- ÍSL TAL | kl. 5:30 | DIGITAL | L |
| RATATOUILLE ENSKU TAL | kl. 8 | | L |
| TRANSFORMERS | kl. 10:20 | DIGITAL | 10 |

AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| ASTRÓPÍÁ | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| RATATOUILLE ÍSL TAL | kl. 6 | L |
| RATATOUILLE ENSKT TAL | kl. 8 | L |
| TRANSFORMERS | kl. 10:15 | 10 |

KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| ASTRÓPÍA | kl. 8 - 10 | L |
| BOURNE ULTIMATUM | kl. 8 - 10:30 | 14 |

# Ástarsorg olli þunglyndi

**Gamanleikarinn Owen Wilson er á batavegi eftir að hafa reynt að fremja sjálfsvíg á heimili sínu í Kaliforníu. Wilson er einn heitasti gamanleikarinn í Hollywood um þessar mundir og koma fregnirnar því mjög á óvart.**



**Á BATAVEGI** Owen Wilson er á batavegi eftir sjálfsvígstilraun á sunnudaginn.
NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

„Ég bið fjölmiðla um að veita mér frið til að jafna mig á þeim erfiðu tímum sem nú ganga yfir," sagði Wilson í yfirlýsingu sinni. Talið er að meint þunglyndi Wilson eftir að hann hætti með leikkonunni Kate Hudson í maí eftir sex mánaða samband hafi valdið sjálfsvígstilrauninni síðastliðinn sunnudag. Skar hann sig á púls og tók inn stóran skammt af svefnlyfjum.

### Ástfangin upp fyrir haus

Wilson og Hudson kynntust á síðasta ári við tökur á myndinni You, Me and Dupree, en Hudson var þá gift rokkaranum Chris Robinson. Fjölmargar myndir voru teknar af þeim opinberlega og virtust þau ástfangin upp fyrir haus. Wilson batt engu að síður enda á sambandið og var í kjölfarið tíður gestur á Playboy-setri Hugh Hefner. Wilson fór að sjá eftir skilnaðinum við Hudson þegar hún byrjaði með leikaranum Dax Shepard og talið er að hann hafi endanlega brotnað niður þegar hann sá ljósmyndir af þeim tveimur í faðmlögum. Þegar Hudson frétti af sjálfsvígstilraun fyrrverandi kærasta síns yfirgaf hún tökustað myndarinnar Bachelor No. 2 í Boston í snatri og flaug til Kaliforníu.

### Frá Dallas til Los Angeles

Owen Cunningham Wilson fæddist í Dallas 18. nóvember 1968. Eftir að hann útskrifaðist úr Austin-háskóla í Texas árið 1991, þar sem hann tvínefbrotnaði í ruðningi, fluttist hann til Los Angeles ásamt bræðrum sínum Luke og Andrew í leit að frægð og frama. Wilson átti þátt í handriti kvikmyndarinnar Rushmore, sem vinur hans Wes Anderson leikstýrði, og fljótlega fékk hann lítil hlutverk í dýrum myndum á borð við The Cable Guy, Anaconda, Armageddon og The Haunting. Smám saman tókst Wilson að vinna sig upp og fór með aukahlutverk í Permanent Midnight með vini sínum Ben Stiller í aðalhlutverki, og The Minus Man.

Stóra tækifærið kom þegar hann landaði hlutverki í grínhasarnum Shanghai Noon á móti Jackie Chan árið 2000. Myndin sló í gegn og í framhaldinu fylgdu hlutverk í myndum á borð við Zoolander, Behind Enemy Lines og The Royal Tenenbaums. Var Wilson jafnframt tilnefndur til óskarsverðlauna fyrir handritið í síðastnefndu myndinni, sem hann samdi ásamt vini sínum Anderson.

Undanfarin ár hefur Wilson getið sér gott orð fyrir leik sinn í vinsælum gamanmyndum á borð við The Wedding Crashers, Starsky and Hutch, Meet the Fockers og Night at the Museum, auk þess sem hann talaði inn á teiknimyndina Cars.

Hefur hann jafnframt verið nefndur sem hluti af Frat Pack-hópnum sem auk hans samanstendur af þeim Steve Carell, Will Ferrell, Ben Stiller, Vince Vaughn og bróðurnum Luke Wilson. Hafa þeir verið duglegir að leika hver á móti öðrum, rétt eins og The Rat Pack gerði á sínum tíma, með þá Frank Sinatra, Sammy Davis Jr. og Dean Martin í fararbroddi.

# Skemmti sér með þýskri snót

Leikarinn og hjartaknúsarinn Jude Law er ekki við eina fjölina felldur í kvennamálum því nýjasta vinkona hans er þýska fyrirsætan og leikkonan Susan Hoecke.

Um síðustu helgi sást til Law og Hoecke úti á lífinu í Berlín eftir að þau höfðu snætt saman rómantískan kvöldverð. Yfirgáfu þau hótelið sem Law dvaldi á í sameiningu daginn eftir og virtist fara vel á með þeim.

Susan vill þó ekki meina að þau séu kærustupar heldur hafi þau eingöngu verið góðir vinir undanfarin tvö ár. Stutt er síðan Law var orðaður við leikkonuna Cameron Diaz og þau sögð á leiðinni í rómantíska ferð til Hawaii. Þangað fór Diaz jafnan með þáverandi kærasta sínum, popparanum Justin Timberlake.

Law og Diaz kynntust við tökur á myndinni The Holiday og fóru í kjölfarið á nokkur stefnumót. Miðað við nýjustu fregnir af hinum kvensama Law er þó allsendis óvíst að samband hans við Diaz eigi sér nokkra framtíð.



**JUDE LAW** Hjartaknúsarinn Jude Law er ekki við eina fjölina felldur í kvennamálum.




ALLIR SEM MÆTA FÁ PLAKÖT OG LEIKARAMYNDIR ÚR ASTRÓPÍU (MEÐAN BIRGÐIR ENDAST) - KYNNING Á HLUTVERKASPILUM FYRIR BYRJENDUR Í SPILASAL NEXUS.




# VoltarenDolo®

*Díklófenak-k 12,5 mg*

***Fljótvirkt***
***Bólgueyðandi***
***Verkjastillandi***
***Hitalækkandi***




Voltaren Dolo® (díklófenak kalíum) 12,5 mg töflur. Notað við vægum verkjum eins og t.d. höfuðverk, tannverk, tíðaverk, verk vegna gigtarsjúdóma, vöðvaverk eða bakverk og hita af völdum inflúensu eða kvefs. Dragi ekki úr einkennum á nokkrum dögum, skal leita til læknis. Þeir sem eru með eða haft sögu um maga- eða skeifugarnasár eða skerta lifrastarfsemi ættu að ráðfæra sig við lækni áður en lyfið er notað. Þeir sem þola ekki acetýlsalisýru, ibuprofen eða önnur bólgueyðandi lyf eða eru með astma eiga ekki að nota Voltaren Dolo®. Notið lyfið ekki á meðgöngu nema í samráði við lækni, en aldrei á síðasta þriðjungi meðgöngu. Leitið ráða læknis eða lyfjafræðings um milliverkanir við önnur lyf. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: Novartis Healtcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Kirkjulundi 17, 210 Garðabæ.

***Fæst án lyfseðils***

www.lyfja.is

LYFJA
- Lifið heil

LYFJA STYÐUR LANDSLIÐ KVENNA Í HANDBOLTA

## > Keflavíkurliðið laskað

Það vakti athygli í leik Keflavíkur og Vals að Kristján Guðmundsson, þjálfari Keflavíkur, notaði allar þrjár skiptingar sínar á fyrstu 29 mínútum leiksins. Það kom þó ekki af góðu. „Menn meiddust. Fyrst meiddist Ómar og er ekki ljóst hversu lengi hann verður frá. Atli Sveinn gaf síðan Guðmundi Steinarssyni olnbogaskot í hnakkann og hann fékk heilahristing. Ekki ljóst hvort hann spilar á fimmtudag. Svo var traðkað á ökklanum á Branislav þegar boltinn var farinn. Hann er meiddur og spilar ekki gegn Fram," sagði Kristján, sem var ekki sáttur við gang mála.



**sport**
sport@frettabladid.is

**HLYNUR BÆRINGSSON:** ÆTLAR AÐ MÆTA Í HÖLLINA Í KVÖLD OG FYLGJAST MEÐ GEORGÍUMANNINUM ZAZA PACHULIA

# *Var miklu hrifnari af Pachulia en Yao Ming*

Ísland mætir Georgíu í b-deild Evrópukeppninnar í körfubolta klukkan 19.15 í Laugardalshöll í kvöld. Besti maður Georgíu er hinn 211 sentimetra hái Zaza Pachulia, sem hefur gert það gott með Atlanta Hawks í NBA og var með 12,2 stig og 6,9 fráköst að meðaltali síðasta vetur. Hlynur Bæringsson fékk að glíma við Pachulia í fyrri leik þjóðanna og eftir aðeins nokkurra sekúnda leik lá hann blóðugur og vankaður í gólfinu. „Ég hélt kannski að þetta væri svona gaur sem sæti á bekknum í NBA. Síðan kom hann og hló bara að okkur. Það er ekki aðalmálið hvað hann er stór heldur það að hann er hrikalega hraustur," segir Hlynur, sem hefur einnig glímt við Yao Ming. „Ég var miklu hrifnari af Pachulia heldur en Yao Ming af því að mér fannst hann vera hæfileikaríkari körfuboltamaður. Yao Ming var bara eins og risastórt tré sem var erfitt að ráða við. Yao Ming telst nú samt vera betri leikmaður í NBA. Pachulia er miklu sneggri upp völlinn og miklu hraðari í öllum sínum aðgerðum. Það sem Yao Ming hefur yfir hann er stærð og þyngd," segir Hlynur.



„Pachulia er sennilega besti leikmaðurinn í Evrópu um þessar mundir. Hann er líka ungur og getur bætt sig mikið. Eins og launaseðillinn hans segir til um er hann alveg í sérflokki á vellinum," segir Hlynur en Hawks borgaði Zaza 16 milljónir dollara, eða milljarð íslenskra króna, fyrir fjögurra ára samning. „Það er ekki einhver ruslakarl að koma í Höllina. Þetta er mjög góður leikmaður og ég ætla að kíkja og skoða hann sjálfur," sagði Hlynur, sem segir íslenska liðið alveg eiga möguleika. „Þeir eru með tvo stóra menn; Pachulia og Vladimer Boisa. Þeir hafa mikla yfirburði en Georgíumennirnir eru ekki með góða bakverði að mínu mati. Ef við náum að halda stóru mönnunum okkar úr villuvandræðum og þeir ná að halda aðeins aftur af Pachulia og Boisa þá eigum við alveg möguleika. Hinir í liðinu eru engir snillingar," segir Hlynur og bætir við: "Georgía á að vera betri í körfubolta en við en á góðum degi geta strákarnir alveg unnið þetta lið."



**TVEGGJA MARKA MAÐUR** Dirk Kuyt minnti rækilega á sig í gær og skoraði tvö síðustu mörk Liverpool gegn Toulouse. NORDIC PHOTOS/AFP

Þrír leikir í forkeppni Meistaradeildar Evrópu:

# Stórsigur Liverpool

**FÓTBOLTI** Liverpool er komið í riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu eftir 4-0 sigur á Toulouse í síðari leik liðanna í þriðju umferð forkeppni deildarinnar. Fyrri viðureigninni lauk með 1-0 sigri þeirra ensku í Frakklandi.

Sigur Liverpool var öruggur og aldrei í hættu eftir að Peter Crouch skoraði fyrsta markið á 19. mínútu. Sami Hyypia bætti öðru við með skalla af stuttu færi á 49. mínútu áður en Dirk Kuyt skoraði síðustu tvö mörkin á lokamínútum leiksins.

Crouch og Kuyt minntu rækilega á sig en hörð samkeppni er um stöðu framherja hjá liðinu.

Þá komst Lazio einnig áfram eftir 3-1 sigur á Dinamo Búkarest í Rúmeníu í gær. Fyrri leiknum lauk með 1-1 jafntefli. Glasgow Rangers verður sömuleiðis með í riðlakeppninni eftir að liðið náði markalausu jafntefli gegn Rauðu stjörnunni á útivelli. Leiknum í Skotlandi lauk með 1-0 sigri Rangers.

Þá var einnig spilað í ensku deildarbikarkeppninni í bær en eini Íslendingurinn sem kom þar við sögu var Hermann Hreiðarsson sem kom inn á sem varamaður í 3-0 sigri Portsmouth á Leeds.

Tólf leikir fara fram í forkeppni Meistaradeildarinnar í kvöld. - esá

# Eiður ekki með gegn Spánverjum og Norður-Írum

**Íslenska landsliðið í knattspyrnu verður án fyrirliða síns, Eiðs Smára Guðjohnsen, í landsleikjunum gegn Spáni og Norður-Írum sem fram fara í byrjun september. Eiður Smári á langt í land með að ná fullri heilsu.**

**FÓTBOLTI** Eiður Smári Guðjohnsen landsliðsfyrirliði verður ekki með íslenska landsliðinu í leikjunum gegn Spáni og Norður-Írlandi sem fram fara 8. og 12. september næstkomandi. Þetta staðfesti Eggert Skúlason, talsmaður Eiðs Smára, við Fréttablaðið í gær.

„Eiður Smári er enn meiddur. Hann er í meðferð hjá Barcelona og á nokkuð í land enda getur hann ekki æft nema á 30-40 prósenta hraða. Það er því alveg ljóst að hann getur ekki leikið þessa landsleiki í september," sagði Eggert við Fréttablaðið í gær.

Ekki er vitað nákvæmlega hvað það er sem plagar landsliðsfyrirliðann en hann er meiddur á hné. Upphaflega var talað um þrálátar bólgur í hnénu út af álagi en meiðslin komu upp síðasta vor. Eiður æfði síðan vel í sumar og kenndi sér einskis meins en síðari hluta sumarsins fóru sömu meiðsli að gera vart við sig á nýjan leik. Að sögn Eggerts er talið að bólgur valdi eymslunum eða að hann sé með brjóskskemmdir.

Eiður mun klára sína meðferð hjá Barcelona áður en ákvörðun verður tekin um framhaldið. Fari svo að núverandi meðferð skili ekki árangri gæti vel farið svo að hann þyrfti að fara í aðgerð til að fá bót meina sinna.

Eiður hefur verið orðaður við fjölda félaga síðustu vikur og síðast í gær var hann orðaður við Real Betis. Áður hefur nafn hans verið tengt meðal annars við West Ham og Lyon. Eggert segir ekkert benda til þess að Eiður sé á förum frá Katalóníu.

„Staðan er sú sama og áður. Eiður er einbeittur í því að fá bót meina sinna og það kemst í raun ekkert annað að í augnablikinu. Þetta er erfið meiðsli sem hann er að glíma við. Á meðan svo er mun ekkert gerast í hans málum og hann er því ekki á förum frá Barcelona eins og staðan er í dag," sagði Eggert. henry@frettabladid.is



**MEIDDUR** Eiður er meiddur á hné og er í meðferð hjá Barcelona. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP


SpKef
Sparisjóðurinn í Keflavík

REYKJANESBÆR

REYKJANES MARAÞON
1. september

Skráning er hafin í Lífsstíl, sími 420 7001

Þátttökugjald kr. 1.500, kr. 1000 fyrir 14 ára og yngri

Hálfmaraþon (ræsing kl 10:30)
10 km hlaup (ræsing kl 11:15)
3,5 km skemmtiskokk (ræsing kl 11:20)
Verðlauna afhending kl. ca. 12:30

Umsjón með hlaupinu hefur LÍFSSTÍLL líkamsræktarstöð (Hótel Keflavík), Vatnsnesvegi 12, 230 Keflavík, upplýsingar í síma 899-0501 (Vikar). Rásmark, búnings- og sturtu aðstaða er við Lífsstíl.


Gunnar Heiðar Þorvaldsson laus frá Hannover:

# Gunnar Heiðar lánaður til Vålerenga

**FÓTBOLTI** Gunnar Heiðar Þorvaldsson mun að öllum líkindum spila með norska félaginu Vålerenga fram á næsta sumar. Gunnar flaug til Noregs í gærkvöldi til að gangast undir læknisskoðun. Þetta staðfesti Ólafur Garðarsson, umboðsmaður Gunnars Heiðars, við Fréttablaðið í gær.

Standist Gunnar læknisskoðunina liggur tilbúinn á borðinu eins árs lánssamningur við norska félagið sem skrifað verður undir í dag að öllu óbreyttu. Samningurinn gildir fram í júní á næsta ári.

„Það er alveg ljóst að ég fæ ekkert að spila hérna og það er þar af leiðandi mjög mikilvægt fyrir mig að komast að hjá félagi þar sem ég fæ að spila," sagði Gunnar Heiðar við Fréttablaðið í gær en Hannover keypti tvo nýja framherja fyrir tímabilið og ljóst er að Gunnar er ekki inni í myndinni hjá þjálfaranum. „Það skipti engu máli hvað ég gerði á æfingatímabilinu og æfingum. Ég var bara úti í kuldanum."



**GUNNAR HEIÐAR** Fór til Noregs í gærkvöldi og skrifar væntanlega undir lánssamning við Vålerenga í dag.

Gunnar verður annar Íslendingurinn í herbúðum norska liðsins en þar er fyrir landsliðsmarkvörðurinn Árni Gautur Arason. - hbg


Rain
BAR•RESTAURANT•CAFÉ

Ljósanótt á Ránni í Reykjanesbæ
29. ágúst - 1. september

Miðvikudagskvöld:
Fjörmenningarklíkunni
Ómari Ragnarssyni,
Kristjáni Hreinssyni,
Ragnari I. Aðalsteinssyni
og Sigurði V. Jónssyni
kl. 21:00

Fimmtudagskvöld:
Tónleikar
Blásmenn
Andreu Gylfadóttur
kl. 21:00

Föstudagskvöld:
Vignir Bergmann
kl. 22:00
Rúnars Júlíussonar
kl. 23:30

Laugardagskvöld:
kl. 15:00 - 17:00
kl. 18:00
Örn Árnason og Jónas Þórir
kl. 22:00
Vítamín
kl. 23:30

421 4001


Guðmundur Pétursson betri en enginn fyrir KR:

# Skorar bara mikilvæg mörk

**FÓTBOLTI** KR-ingurinn Guðmundur Pétursson tryggði KR-ingum dýrmætt stig þegar hann jafnaði leikinn við ÍA í uppbótartíma á sunnudagskvöldið. Þetta var þriðja mark hans í efstu deild og öll hafa þau tryggt KR-liðinu stig og enn fremur verið skoruð í uppbótartíma.

Guðmundur skoraði jöfnunarmark KR gegn Val í lokaumferðinni í fyrra en það tryggði KR annað sætið í deildinni og um leið sæti í Evrópukeppninni. Fyrr í sumar skoraði Guðmundur síðan sigurmark KR gegn Fram í 8. umferð en með því tryggði hann félaginu fyrsta sigur þess í sumar.



**DÝRMÆTUR** Guðmundur Pétursson hefur skorað mikilvæg mörk fyrir KR. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Guðmundur skoraði að auki jöfnunarmark KR gegn Häcken í Evrópuleik liðanna úti í Svíþjóð en það mark kom reyndar á 69. mínútu leiksins. - óój

> **Jon Heder**

Jon lék nördann Napoleon Dynamite í samnefndri kvikmynd og varð frægur á einni nóttu. Enginn bjóst við því að myndin yrði jafn vinsæl og raun bar vitni en Jon fékk aðeins 80.000 krónur greiddar fyrir hlutverkið. Napoleon Dynamite verður á Stöð 2 Bíó í kvöld kl. 20.00.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON FAGNAR NÝJUM FJÖLSKYLDUMEÐLIMI

# *Yndislegar kvöldstundir um ókomna tíð*

Undanfarin misseri hef ég tekið miklu ástfóstri við nýjan fjölskyldumeðlim. Fyrirfram hafði ég mínar efasemdir um hann og taldi hann ekki velkominn inn á mitt heimili en eftir að ég komst loksins í kynni við hann hefur ekki verið aftur snúið.
Kvöldstundir okkar saman að undanförnu hafa verið hver annarri betri enda er hann mun innihaldsríkari en margt fólk sem ég hef kynnst um ævina. Hann er tilbúinn til að fara með mér í ferðalög hvert sem ég vil án þess að spyrja nokkurra spurninga og þegar á áfangastað er komið er hann alltaf til staðar fyrir mig, tilbúinn að deila með sér sínum innstu leyndarmálum.
Þessi nýi meðlimur, sem kallar sig aðeins einu nafni en kemur fram í hinum ýmsu gervum, hefur opnar mér leið inn í nýjan og spennandi heim þar sem möguleikarnir eru óþrjótandi. Með aðstoð hans þarf ég ekki lengur að leita annað heldur get einbeitt mér eingöngu að honum, og honum einum.
Tíðar ferðir mínar á staði þar sem úrvalið hefur verið mikið fyrir svimandi hátt verð eru nú orðnar afar stopular því ég og Flakkarinn minn höfum fundið okkur samastað í tilverunni. Hann er 320 gígabæt og er svar mitt við lélegu sjónvarpsefni eða tíðum ferðum á myndbandaleigur. Í fylgsnum hans hef ég fundið perlur á borð við Rear Window, Blue Velvet og Little Children og veit að lítið sem ekkert lát verður á gjöfum hans um ókomna tíð.






## EKKI MISSA AF



**21.00 Mæðst í mörgu** Sjónvarpið



**22.25 And Starring Pancho Villa as Himself** Stöð 2



**20.00 Napoleon Dynamite** Stöð 2 bíó



**19.30 Hollyoaks** Sirkus



**20.00 Giada´s Everyday Italian** Skjár einn

## SJÓNVARPIÐ

**10.20 HM í frjálsum íþróttum** Beint.
**13.30 Hlé**
**17.05 Leiðarljós**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Liló og Stitch** (29:31)
**18.23 Sígildar teiknimyndir** (7:13)
**18.30 Suðandi stuð** (1:3)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Bráðavaktin** (7:23)
**▶21.00 Mæðst í mörgu** (2:6) Bresk gamanþáttaröð sem gerist meðal stjórnmálamanna í Westminster og segir frá skondnum samskiptum ráðherra, pólitískra ráðgjafa hans og fjölmiðlamanna.
**21.35 Nýgræðingar**
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Popp og pólitík** (3:3) Í þriðja þættinum er sagt frá því er tónlistarmenn urðu sértækari í baráttu sinni. Nú sungu þeir ekki bara gegn stríði og fyrir mannréttindum, heldur gegn kjarnorkuverum, skógeyðingu á Amasónsvæðinu, stefnu Bandaríkjanna í málefnum Mið-Ameríku, breska hernum á Írlandi, dauðarefsingu og svo framvegis.
**23.25 Landsleikur í körfubolta** Leikur Íslands og Georgíu í körfuknattleik sem fram fór í Laugardalshöll í kvöld.
**00.55 Kastljós**
**01.30 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 I Capture the Castle**
**08.00 New York Minute**
**10.00 Virginia´s Run**
**12.00 Napoleon Dynamite**
**14.00 I Capture the Castle**
**16.00 New York Minute**
**18.00 Virginia´s Run**
**▶20.00 Napoleon Dynamite** Bráðhlægileg gamanmynd sem skaut Jon Heder upp á stjörnuhimininn. Myndin segir frá furðufuglinum Napoleon Dynamite.
**22.00 Boys**
**00.00 Dead Poets Society**
**02.05 In Hell** (The Savage)
**04.00 Boys**

## STÖÐ 2

**07.00 Stubbarnir**
**07.25 Kalli á þakinu**
**07.50 Litlu Tommi og Jenni**
**08.10 Oprah**
**08.55 Í fínu formi 2005**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Wings of Love NÝTT** (8.120)
**10.15 Homefront**
**11.00 Whose Line Is it Anyway?**
**11.25 Sjálfstætt fólk**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Það var lagið** (e)
**14.20 Extreme Makeover. Home Edition** (11.32)
**15.05 Neyðarfóstrurnar** (10.16)
**15.50 A.T.O.M.**
**16.15 Smá skrítnir foreldrar**
**16.38 Pocoyo**
**16.48 Addi Panda**
**16.53 Könnuðurinn Dóra**
**17.18 Gordon Garðálfur**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Nágrannar**
**18.18 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Ísland í dag, íþróttir og veð**
**19.40 The Simpsons** (11.22) (e)
**20.05 Oprah** (Gayle And Viewers Learn The Latest Dance Moves)
**20.50 Big Love NÝTT** (1.12) Þá er komið að annarri seríu þessara frábæru þátta um Bill Henrickson og eiginkonurnar hans þrjár.
**21.40 Ghost Whisperer** (28.44) Jennifer Love Hewitt snýr aftur í hlutverki sjándans Melindu Gordon. 2006.
**▶22.25 And Starring Pancho Villa as Himself** Hressandi saga mexikanska byltingasinnans Pancho Villa en það er enginn annar en Antonio Banderas sem fer með titilhlutverkið. Stranglega bönnuð börnum.
**00.10 Stelpurnar NÝTT** (1.10)
**00.35 Bones** (14.21)
**01.20 Empire**
**02.55 Big Love NÝTT** (1.12)
**03.45 Ghost Whisperer** (28.44)
**04.30 Neyðarfóstrurnar** (10.16)
**05.15 The Simpsons** (11.22) (e)
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**
**06.50 Tónlistarmyndbönd frá PoppTíVí**

## SÝN *besta sætið*

**07.00 Undankeppni Champions League** (Liverpool - Toulouse)
**16.50 Undankeppni Champions League** (Liverpool - Toulouse)
**18.30 Gillette World Sport 2007** Íþróttir í lofti, láði og legi. Fjölbreyttur þáttur þar sem allar greinar íþrótta eru teknar fyrir.
**19.00 Meistaradeildin 2007 - forkeppni 3. umferð** Bein útsending frá síðari leik Arsenal og Sparta Prag í forkeppni Meistaradeildar Evrópu. Arsenal sigraði 2.0 í fyrri leiknum og ætti því að komast örugglega áfram í riðlakeppnina.
**21.00 Champions of the World** (Colombia) Fjallað um knattspyrnuna í Kólumbíu á vandaðan hátt. Frá Kólimbíu hafa komið skemmtilegir knattspyrnumenn eins og Carlos Valderrama og Rene Higuita. En jafnframt hafa ýmis leiðindaatvik komið slæmu orði á knattspyrnuna í landingu og er skemmst að minnast morðsins á landsliðsmanninum Escobar eftir HM 1994.
**21.55 Spænsku mörkin 2007-2008**
**22.40 Þýski handboltinn**
**23.20 Meistaradeildin 2007 - forkeppni 3. umferð** (Arsenal - Sparta Prag)

## SÝN 2

**18.30 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.
**19.00 Coca Cola mörkin 2007-2008** Farið yfir öll mörkin og helstu atvikin í leikjum síðustu umferðar í Coca Cola deildinni en þar eiga Íslendingar nokkra fulltrúa.
**19.30 English Premier League 2007/08** (Ensku mörkin 2007/2008) Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum.
**20.25 4 4 2** Þáttur sem er ekkert minna en bylting í umfjöllun um enska boltann á Íslandi. Tvíeykið, Heimir Karlsson og Guðni Bergsson, standa vaktina ásamt vel völdum sparkspekingum, og saman skoða þeir allt sem tengist leikjum dagsins á skemmtilegan og nákvæman hátt.
**21.45 Leikur vikunnar**
**23.25 Sunderland - Liverpool** (Enska úrvalsdeildin 2007/2) Útsending frá leik Sunderland og Liverpool.

## SKJÁREINN

**07.35 Everybody Loves Raymond** (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**16.15 Vörutorg**
**17.15 World's Most Amazing Videos** (e)
**18.15 Dr. Phil**
**19.00 Everybody Loves Raymond** (e)
**19.30 Family Guy** (e)
**▶20.00 Giada´s Everyday Italian** Skemmtileg matreiðsluþáttaröð þar sem þokkadísin Giada De Laurentiis matreiðir fljótlega, heilsusamlega og gómsæta rétti að hætti Ítala.
**20.30 Andy Barker, P.I. - NÝTT** Bráðfyndin gamansería með háðfuglinum Andy Richter í aðalhlutverki. Endurskoðandi flytur inn á skrifstofu sem áður var í eigu einkaspæjara og fyrir tilviljun fer hann að fá inn á borð til sín mál til rannsóknar sem ætluð voru einkaspæjaranum.
**21.00 Blow Out III** (4.7) Þriðja þáttaröðin með hárgreiðslumeistaranum Jonathan Antin sem fæst við hvert stórverkefnið af öðru með skærin í annarri hendi og hárblásarann í hinni. Jonathan er á ferð og flugi og heldur nú aftur til Los Angeles þar sem hann þarf að klippa söngstjörnuna Nikki Flores.
**22.00 Sex, love and secrets - Lokaþáttur** Bandarísk þáttaröð um vinahóp sem býr í Silver Lake, litlu úthverfi Hollywood. Vinirnir eru að reyna að komast að því hverjir þeir eru og hvað þeir vilja fá út úr lífinu. Sambönd þeirra verða oft flókin og það gengur á ýmsu.
**22.50 Everybody Loves Raymond**
**23.15 Jay Leno**
**00.05 Charmed** (e)
**00.55 Da Vinci's Inquest** (e)
**01.45 Vörutorg**
**02.45 Óstöðvandi tónlist**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4.** Endursýnt á klukkutíma fresti til 10:15 á Sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


365 miðlar leita að starfsmanni í fullt starf í fyrirtækjainnheimtu. Helstu verkefni eru úthringingar og símsvörun. Viðkomandi þarf að vera með góða þjónustulund, vera jákvæður og samviskusamur.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Margrét Lára Pétursdóttir á margretl@365.is.

Umsóknarfrestur er til og með 5. september n.k. og eru umsækjendur beðnir um að senda umsóknir á margretl@365.is.

ÓSKUM EFTIR STARFSMANNI Í FYRIRTÆKJAINNHEIMTU

365

365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtækið sem starfar á íslenskum markaði.

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.50
### Big Love - nýtt



Í kvöld hefjast sýningar á annarri seríu af Big Love þar sem við fylgjumst með Bill Henrickson og eiginkonum hans. Bill lifir margföldu lífi en hann á þrjár eiginkonur, þrjú heimili og sjö börn, auk þess sem hann rekur eigið fyrirtæki. Það er ekki von að maðurinn sé þreyttur en hann er þó ekki á því að gefast upp.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
### ANDY BARKER, P.I. - NÝTT
### Skjár einn kl. 20.30

Ný bráðfyndin gamansería með háðfuglinum Andy Richter í aðalhlutverki. Endurskoðandi flytur inn á skrifstofu sem áður var í eigu einkaspæjara og fyrir tilviljun fer hann að fá inn á borð til sín mál til rannsóknar sem ætluð voru einkaspæjaranum.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Laufskálinn
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Dragspilið dunar
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Útvarpssagan: Stikilsber
**14.35** Miðdegistónar
**15.03** Byltingin kom með konu
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Laufskálinn
**19.40** Sumarsaga barnanna: Litla húsið í Stóru-skógum
**20.00** Jazzhátíð Reykjavíkur 2007
**21.55** Orð kvöldsins
**22.15** Kvöldsagan: Sagan af Tristan og Ísól
**22.45** Kvöldtónar
**23.10** Bókmenntir og landafræði
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**18.00 Insider**
**18.30 Fréttir**
**19.00 Hollyoaks** (2.260) Hágæða bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.
▶**19.30 Hollyoaks** (3.260)
**20.00 Gary the Rat** Gary Andrews er farsæll lögfræðingur sem af einhverri furðulegri ástæði vaknar einn daginn sem rotta í mannsstærð.
**20.30 Extra Time - Footballers´ Wives** Þær eru fallegar, moldríkar og geta gert það sem þær vilja! Í þessari þáttaröð er fjallað um Aniku, systur Tanyu Turner.
**20.55 Extra Time - Footballers´ Wives**
**21.15 Filthy Rich Cattle Drive** (7.8) Börn frægra einstaklinga eru hér samankomin í raunveruleikaþætti þar sem þau reyna fyrir sér í nýjum hlutverkum sem eru ekki beint í anda lífsstíls þeirra.
**22.00 Justice NÝTT** Spennandi lögfræðiþættir, framleiddir af Jerry Bruckheimer (CSI). Þeir gerast á eftirsóttri lögfræðistofu í Los Angeles þar sem stóru og umtöluðu málin koma inn á borð og ósjaldan það sem tengist ríka og fræga fólkinu. Þáttunum hefur verið lýst sem Practice fyrir CSI-aðdáendur.
**22.45 NCIS NÝTT** (1.24) Hörkuspennandi framhaldsþáttur frá framleiðendum Jag. Hér segir frá sérsveit sem rannsakar alla glæpi er tengjast á einhvern hátt sjóliðum hvort sem um er að ræða þá hátt settu eða nýliða. 2006.
**23.30 Ren & Stimpy** Ren er taugatrekktur smáhundur (chiuahua) og Stimpy er feitlaginn og vitgrannur köttur.
**23.55 Entertainment Tonight**
**00.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## BBC PRIME

**12.00** Our mutual friend **13.00** Hustle **14.00** Garden Rivals **14.30** Bargain Hunt **15.15** Bargain Hunt **16.00** As Time Goes By **16.30** My Family **17.00** The Week the Women Went **17.30** Small Town Gardens **18.00** Hustle **19.00** Spooks **20.00** Swiss Toni **20.30** The League of Gentlemen **21.00** Hustle **22.00** Dad's Army **22.30** Spooks **23.30** As Time Goes By **0.00** My Family **0.30** EastEnders **1.00** Hustle **2.00** Our mutual friend **3.00** Cash in the Attic **3.30** Balamory **3.50** Tweenies

## DR 1

**12.20** Det store år **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** TV Avisen med vejret **13.10** Dawson's Creek **14.00** Flemmings Helte **14.15** Skum TV 2007 **14.30** Pucca **14.35** That's So Raven **15.00** Junior **15.30** Klassen 2.b **15.45** Tagkammerater **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Hvad er det værd **18.00** Søren Ryge - Havhingsten vender tilbage **18.30** Med slør og høje hæle **19.00** TV Avisen **19.25** Penge **19.50** SportNyt **20.00** En sag for Frost **21.40** Onsdags Lotto **21.45** The Monkey's Mask **23.15** Flemmings Helte **4.30** Mira og Marie **4.35** Karlsson på taget **5.00** Charlie & Lola **5.15** Morten **5.30** Fragglerne **6.00** Elmers verden

## NRK 1

**13.30** Ikke naken **14.00** Gatefotball **14.30** Fabrikken **15.00** Siste nytt **15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** Norsk for nybegynnere **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Nysgjerrige Nils **16.15** Ugler i mosen **16.35** Danny og Daddy **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Forbrukerinspektørene **17.55** VM friidrett Osaka 2007: Kveldsmagasin **18.25** Valg 07 - Duell **18.45** Valg 07 Distrikt og Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.40** Vikinglotto **19.45** Lov og orden: New York **20.30** Perspektiv **21.00** Kveldsnytt **21.15** Kvinne søkes midlertidig **22.45** Battlestar Galactica **5.30** Jukeboks: Ut i naturen

## SVT 1

**12.20** Full Frontal **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Packat & klart **15.30** Krokodill **16.00** Fifi och blomsterfröna **16.10** Ellas lördag **16.15** Världens största kör **16.30** Krickels äventyr **16.35** Tintin **17.00** Mitt liv som en Popat **17.30** Rapport **18.00** Studio Sumo **19.00** Uppdrag Granskning **20.00** Studio 60 on the Sunset Strip **20.45** Simma lugnt, Larry! **21.20** Rapport **21.30** Kulturnyheterna **21.40** Försvarsadvokaterna **22.25** Sändningar från SVT24 **4.00** Gomorron Sverige




B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki
FRÉTTABLAÐIÐ

## GAMLA MYNDIN



*„Djöfull hefur maður verið glæsilegur. Það var dönsk stelpa í Ísrael sem gaf mér þessar gallabuxur. Ég hef væntanlega verið eins og klipptur út úr tískuriti, en ég er hræddur um að ég komist ekki í buxurnar í dag.“*

Óli Tynes blaðamaður.

Myndin er tekin upp úr 1970.

# Stórstjörnur í spurningaþætti RÚV

„Sveitarfélögin eru í góðum gír og það ríkir mikil stemning í kringum þennan þátt,“ segir Þórhallur Gunnarsson, dagskrárstjóri RÚV, en nú styttist í að blásið verði til leiks í spurningakeppni sveitarfélaganna. „Liðin eru að mótast og það er kominn heildarmynd á þetta,“ bætir hann við en upptökur á þættinum fara fram í upptökuveri Sjónvarpsins þannig að allir sitja við sama borð.

Samkvæmt vefsíðu bb.is er lið Ísafjarðarbæjar skipað þeim Halldóri Smárasyni, Ragnhildi Sverrisdóttur og fyrrum skólameistaranum Ólínu Þorvarðardóttur. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins verður enginn hörgull á stórstjörnum því Fjölnir Þorgeirsson mun etja kappi fyrir hönd Hveragerðis en hann gæti þar með bætt enn einum „Íslandsmeistaratitlinum“ í safn sitt. Þá ætlar stórsöngvarinn Einar Ágúst Víðisson að sýna hvað í honum býr fyrir hönd Fjarðabyggðar og rithöfundurinn Þorgrímur Þráinsson verður í liði Snæfellsbæjar. Heimildir Fréttablaðsins herma jafnframt að það verði engin önnur en Diddú sem ætli að syngja sig inní hjörtu landsmanna fyrir Mosfellsbæ og að Björk Jakobsdóttir ætli sér að halda merki Hafnarfjarðar á lofti í þáttunum. Eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu verða stjórnendur þáttarins þau Þóra Arnórsdóttir og Sigmar Guðmundsson en fyrsti þátturinn fer í loftið fjórtánda september. - fgg



**SKARPUR** Fjölnir Þorgeirsson hyggst ekki gefa neitt eftir fyrir hönd Hveragerðisbæjar.

**FYRIR HÖND FJARÐABYGGÐAR** Einar Ágúst lætur sitt ekki eftir liggja þegar Fjarðabyggð gengur á hólm við eitthvert sveitarfélagið.

**Í LIÐI SNÆFELLSNESBÆJAR** Þorgrímur Þráinsson verður sterkur liðsmaður sveitarfélagsins.

**HÖRÐ Í HORN AÐ TAKA** Erfitt verður að leggja Ólínu Þorvarðardóttur og félaga hjá Ísafjarðarbæ.



**LÁRÉTT**
**2.** vag **6.** kyrrð **8.** nögl **9.** kærleikur **11.** í röð **12.** kalla **14.** helgimyndir **16.** tveir eins **17.** blaður **18.** ennþá **20.** karlkyn **21.** málmhúða.

**LÓÐRÉTT**
**1.** fituskán **3.** í röð **4.** dagatal **5.** gláp **7.** dónaskapur **10.** hald **13.** bar að garði **15.** sót **16.** skref **19.** ónefndur.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** kjag, **6.** ró, **8.** kló, **9.** ást, **11.** mn, **12.** kvaka, **14.** íkona, **16.** ff, **17.** mas, **18.** enn, **20.** kk, **21.** tína.

**LÓÐRÉTT: 1.** brák, **3.** jk, **4.** almanak, **5.** gón, **7.** ósvífni, **10.** tak, **13.** kom, **15.** aska, **16.** fet, **19.** nn.



**NÓG AÐ GERA** Við flutningana til Amsterdam bætist bók um Eineygða kisann, leikverk um baðstofu og kvikmyndahandrit eftir Forðist okkur.

## HUGLEIKUR DAGSSON: FLYTUR TIL AMSTERDAM

# Nauðsynlegt að breyta til

Hugleikur Dagsson hyggst segja skilið við Íslendinga og Ísland í bili. Hann ætlar að flytjast búferlum til Amsterdam í Hollandi í október ásamt kærustu sinni Hrafnhildi Halldórsdóttur og veit ekki hvenær hann snýr til baka. „Mér finnst eitthvað orðið svo erfitt að vinna hérna á Íslandi og ég þarf eiginlega að fara til Amsterdam til að komast í annað umhverfi,“ segir Hugleikur og er hvergi banginn þótt samlandar hans verði þá að vera án hárbeittrar ádeilu höfundarins á íslenskt þjóðfélag. „Einhver annar verður bara að halda á kyndlinum,“ segir Hugleikur, sem hefur um árabil verið eitt vinsælasta skáld þjóðarinnar.

Hugleikur situr ekki auðum höndum því hann er að klára bók um Eineygða kisann. Að þessu sinni er það bókin Leyndarmálið sem fær á baukinn en hún hefur notið gríðarlegra vinsælda um allan heim og nú stendur til að talsetja DVD-útgáfuna á íslensku. „Þeir hefðu þess vegna getað skrifað: „Ef þú smælar framan í heiminn þá smælar heimurinn framan í þig,“ haft bókina eina síðu og látið Megas fá einhvern aur,“ útskýrir Hugleikur en von er á þessu ævintýri Eineygða kisans í september.

Hugleikur er með fleiri járn í eldinum og segist raunar alltaf finna sér eitthvað að gera. Hann kappkostar að leggja lokahönd á leikverk sem sett verður upp í Þjóðleikhúsinu eftir áramót. Verkið hefur hlotið nafnið Baðstofan og gerist í slíkum húsakynnum á 18. öld en það segir frá mannlegum og ómannlegum samskiptum þar. Stefán Jónsson leikstýrir verkinu en þetta er þriðja verk höfundarins sem Stefán setur upp, hin voru Legið og Forðist okkur.

Síðast en ekki síst greindi Hugleikur frá því í viðtali við Iceland Review að hann væri að skrifa kvikmyndahandrit eftir bók sinni Forðist okkur. Fram kemur í viðtalinu að það sé kvikmyndafyrirtæki Baltasars Kormáks, Blueeyes, sem sjái um framleiðsluna en Hugleikur gat lítið annað tjáð sig um framhaldið. „Þetta er í bígerð en meira er ekki hægt að segja að svo stöddu,“ segir Hugleikur.

freyrgigja@frettabladid.is



**LEIKSTÝRIR Í ÞRIÐJA SINN** Stefán Jónsson leikstýrir Baðstofunni en þetta er í þriðja sinn sem hann setur verk Hugleiks upp í leikhúsi.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Svanhildur Hólm Valsdóttir** var sem kunnugt er ráðin ritstjóri Íslands í dag fyrir skemmstu og lét hafa það eftir sér að hún þyrfti jafnvel að kaupa sér litla, svarta minnisbók í stíl við þá sem forveri hennar í starfi, Steingrímur Sævarr Ólafsson, var þekktur fyrir að skilja ógjarnan við sig. Svanhildur virðist hafa komist að þeirri niðurstöðu að það væri góð hugmynd því hún segir frá því á bloggsíðu sinni að bæði hún og Inga Lind Karlsdóttir hafi farið og keypt sér minnisbækur.

Það má búast við að margt verði um manninn í versluninni Nexus við Hverfisgötu seinnipartinn í dag en þá munu aðalleikararnir úr kvikmyndinni Astrópíu mæta til þess að árita veggspjöld og leikaramyndir. Þá herma heimildir Fréttablaðsins að leikararnir, með **Ragnhildi Steinunni Jónsdóttur** fremsta í flokki, ætli að reyna sig við að afgreiða í búðinni og sjá þannig hvernig starfið er í raunveruleikanum. Auk þess er ætlunin að kynna hlutverkaspil fyrir byrjendum en Astrópía fjallar um Hildi, unga stelpu sem kynnist hugarheimi hlutverkaspilara. Myndin virðist hafa hitt í mark hér á landi því hún situr á toppi aðsóknarlista kvikmyndahúsanna.



## AÐ GEFNU TILEFNI

Í fyrirsögn við frétt um aukna eftirspurn eftir verkum Kristjáns Davíðssonar var sagt að hann hefði loksins fengið sína virðingu. Kristján hefur um langt skeið verið einn virtasti listamaður þjóðarinnar. Ekki var ætlunin að gera lítið úr áhrifum og virðingu Kristjáns með fyrirsögninni heldur var verið að vísa í eftirspurnina og hækkað verð á verkum hans.









# Ljósanæturlagið umdeilt í Reykjanesbæ

Lag Ljósanætur í ár er umdeilt í Reykjanesbæ ef marka má vefinn mannlif.is. Lagið, sem heitir Ó, Keflavík og er eftir Jóhann Helgason þykir hefja Keflavík upp til skýjanna og gagnrýnt er að sveitarfélögin sem mynda Reykjanesbæ ásamt Bítlabænum komi hvergi við sögu. Á vefnum segir enn fremur: „Hljómsveitin sem flytur lagið er svo fullskipuð Keflvíkingum en Rúnar Júlíusson flytur lagið ásamt Jóhanni. Samkvæmt Ólafi Thordersen, bæjarfulltrúa í Reykjanesbæ, hafa SMS-skeyti gengið í hópsendingum á milli fólks í Njarðvík þar sem Njarðvíkingar eru hvattir til að standa saman á Ljósanótt. Sumir hafa jafnvel hótað því að mæta ekki á Ljósanótt vegna gróflegrar mismununar á bæjarfélögum.“

Jóhann segir að sér finnist þetta óþarfa viðkvæmni. „Ég gef persónulega lítið út á þetta þótt ég skilji gagnrýnina á vissan hátt. Menn verða að taka þessu með víðsýni. Ég þekki ekki Reykjanesbæ enda er ég fæddur og uppalinn í Keflavík. Þetta lag er samið frá hjartanu og útkoman er svona.“ Hann viðurkennir þó að Ljósanæturnefndin hafi velt þessu fyrir sér. „Ég var í sjálfu sér opinn fyrir því að gera annað lag og þetta stóð aðeins í mönnum. En þeir ákváðu að þetta væri í lagi svona. Ég hefði getað samið um einhverja sjoppuna í Keflavík eða Stapann. Ljósanóttin verður nú vonandi haldin í einhverja áratugi í viðbót. Það kæmi mér ekki á óvart þótt Njarðvíkingar á borð við Magga Sigmunds og Jóa G. myndu semja óð til Njarðvíkur á næsta ári.“ - sók



**ÓÞARFA VIÐKVÆMNI** Jóhann Helgason segir að menn séu óþarflega viðkvæmir fyrir Ljósanæturlaginu þótt hann segist skilja gagnrýnina á vissan hátt.


Enginn inni
í frímínútum
FISKVERKUN
KALLA SVEINS EHF
Höfuðborgarsvæðið: Smáralind, Kringlan, Bankastræti 5, Faxafen 12,
Miðhraun 11 Garðabæ, Akureyri: Glerárgata 32.
Keflavík: Leifsstöð og söluaðilar um land allt.
www.66north.is
Klæddu þig vel
66°
NORÐUR

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**


vísir.is
Fyrstur með fréttirnar



**BAKÞANKAR**

ÞÓRHILDAR ELÍNAR ELÍNARDÓTTUR

## *Marktæku krúttin*

Fyrir allra fyrsta skiptið sem ég hitti bankastjóra var auðmýkt mín gagnvart valdhafanum slík að ég undirbjó fundinn af kostgæfni. Andlega fyrst og fremst, því erindið var að sækja náðarsamlegast um dálítið lán. Því ákvað ég nákvæmlega hvað ég ætlaði að segja og rökin fyrir frekjunni. Jafnframt taldi ég rétt að vanda útlitið, fór í huggulegt pils, háa hæla og eyddi umtalsverðri stund í snyrtingu.

**ÉG** hefði vel getað sparað mér allt umstangið því þessi ágæti maður reyndist vera gæðasál þótt hann hafi því miður ekki veitt glæsilegu útliti mínu sjáanlega eftirtekt heldur samþykkti lánið umsvifalaust áður en ég hóf ræðuhöldin. Eða hugsanlega var þessu öfugt farið, ef til vill fékk ég lánið án orðalenginga bara vegna þess að ég var svo rosalega sæt.

**NÚ** er skiljanlegt að einhverjum finnist þessi formáli of langur og óþarfur með öllu einkum vegna klisjunnar sem í honum felst. Kannski var stefna bankans einfaldlega sú að veita öllum skilvísum þegnum sínum umbeðin lán umsvifalaust. Mergurinn málsins er samt sá að margar konur búa við þá ævinlegu togstreitu að áður en þær krefjast þess að mark sé tekið á orðum þeirra, skoðunum og gjörðum þá þurfa þær að huga vandlega að því að líta vel út. Nú geta verjendur viðtekinna skoðana alveg reynt að halda því fram að þetta eigi við um bæði kynin en í veruleikanum lúta konur miklu strangari kröfum en karlar.

**SEM** kristallast hjá stjórnmálakonum. Eftir kappræður í íslensku sjónvarpi upphefst til dæmis ætíð umræða um hvernig Ingibjörgu Sólrúnu tókst upp með huggulegt útlitið, í hverju hún var eða hversu mikið hún hló. Eða hversu lítið hún brosti og var þar með rosa gribbuleg. Hins vegar hafi Steingrími J. mælst vel eða illa og Geir verið sannfærandi eða ekki.

**ÚTLEIÐIN** úr þessari klípu er ekki ljós. Ef til vill hafa rauðsokkur aflað okkur frelsis með því að tæta sig úr brjóstahöldunum en síðan eru liðin mörg ár. Enn þá fjallar það fjölmiðlaefni sem hefur einkum konur í markhópnum að miklu leyti um tísku og snyrtivörur. Kannski finnst okkur sjálfum við enn vera bara lítil stelpukrútt á háum hælum á leiðinni til bankastjóra að biðja um dálítið lán.

**Gefðu dýrmætasta efni í heimi**

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is




RX 350 sameinar glæsileika, fágun, gríðarmikið afl og einstakt öryggi. Hann er athvarf frá álagi hinna virku daga. Hann er hrein upplifun þar sem landið hættir að setja þér takmörk og víður sjóndeildarhringur opnar þér nýja möguleika. Komdu og gefðu Lexus RX 350 færi á að uppfylla ýtrustu kröfur sem þú gerir til lúxussportjeppa. Niðurstaðan verður gagnkvæm virðing milli þín og RX 350, bíls sem er smíðaður til að standa undir ströngustu væntingum.

Verð frá: 5.520.000 kr.

Nýbýlavegi 6 Kópavogur Sími 570 5400 www.lexus.is

LEXUS
The pursuit of perfection